

Galdur norrænu glæpasögunnar

Ragnar Jónsson, lögreglumaður og blóðferlasérfræðingur, brennur fyrir skáldskap. > 32



Hef ekki verið að trana mér fram

Kolbeinn Arnbjörnsson sló í gegn áratug eftir útskrift úr Leiklistarskólanum. > 34



Orlando

frá **17.900** KR.

flyPLAY.com



FRÉTTABLAÐIÐ

40. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 26. FEBRÚAR 2022

Þetta var aldrei ást

„Ég hef oft hugsað um að segja mína sögu en alltaf fundið ástæðu til að gera það ekki. En núna fékk ég nóg,“ segir söngkonan Elisabet Ormslev sem opnar sig um sjúkt samband sem hún átti við þekktan tónlistarmann í um áratug. Sambandið hófst þegar hún var á lokaári í grunnskóla en hann tæplega fertugur. > 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

24 ÁRA AFMÆLI

Frábær afmælistilboð í gangi

ELKO

Skemmtistaðir loks opnar án takmarkana

ingunnlara@frettabladid.is

COVID-19 Frá og með deginum í gær eru engar sóttvarnatakmörkin í gildi hér á landi. Í gær máttu veitinga- og skemmtistaðir hafa opið án takmarkana í fyrsta skipti í langan tíma en mikil óánægja hefur ríkt hjá eigendum og starfsfólki skemmtistaða sem búið hefur við einhvers konar takmarkanir meirihluta faraldursins.

Baldur Guðmundsson Hraunfjörð, vaktstjóri á Veður barnum á Klapparstíg, segist fagna því að fá loks að taka á móti gestum án takmarkana, þannig nái hann einnig að uppfylla 100 prósentu vinnu í fyrsta skipti í langan tíma.



Baldur Guðmundsson Hraunfjörð, vaktstjóri á Veður barnum.

„Þessu er auðvitað búin að fylgja mikil óvissa hjá starfsfólki og eigendum veitinga- og skemmtistaða og óskastaðan er að sjálfsögðu sú að nú sé þetta loksins búið,“ segir Baldur.

Hann segir starfsfólk Veðurs tilbúið og spennt fyrir helginni. „Við gerum bara ráð fyrir því að hér verði fullt af fólki og mikið fjör,“ segir hann.

„Undanfarið hefur borið á mikilli spennu hjá viðskiptavinum okkar fyrir því að bæði opnunartíminn lengist og að fjöldatakmörkin falli úr gildi,“ bætir Baldur við.

Frá því að fyrsta smit greindist hér á landi fyrir rétt tæpum tveimur árum, þann 28. febrúar 2020, hafa 123.373 Covid-19 smit verið staðfest hérlendis. 0,7 prósent íbúa landsins hafa greinst með sjúkdóminn oftast en einu sinni.

Í gær lágu 63 einstaklingar á sjúkrahúsi með Covid-19, tveir þeirra voru á gjörgæslu. ■

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að Björg Fenger, forseti bæjarstjórnar í Garðabæ, ætti hlut í félaginu Terra. Hið rétta er að hlutur Helgafells, sem Björg á hlut í, var seldur í haust.

Bolludagurinn er á mánudaginn



Justyna Asowska, verslunarstjóri í Bakaramestaranum í Suðurverri, er tilbúin í bolluhelgi ársins en bolludagurinn er á mánudaginn. Hér er hún með ljúffengar jarðarberjabollur en fjöldi bragðtegunda er í boði fyrir alla þá sem vilja belgja sig út af hvers konar bollum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tökurnar fara fram í Vök Baths.

Sjónvarpssería tekin upp á Íslandi

birnadrofn@frettabladid.is

MENNING Í næsta mánuði munu fara fram tökurnar á sjónvarpsþáttaseríunni Retreat hér á landi. Tökurnar fara fram í jarðböðunum Vök Baths við Urriðavatn á Austurlandi, Deplar Farm lúxushótelinu á Norðurlandi og við Hörpu í Reykjavík.

Með hlutverk í þáttunum fara meðal annars stórleikararnir Clive Owen, Harris Dickinson og Emma Corrin. Vefsíðan KFT.com greinir frá. ■

Idu Maríu fæddist dóttir 22.02.2022 klukkan 2.22

Á Akranesi grínadist ljósmóðir með að ung móðir gæti 22.02. síðastliðinn fætt barn í heiminn klukkan 22 mínútur yfir tvö. Ef hún flýtti sér. Það gekk eftir.

bth@frettabladid.is

FÓLK Ekki verður annað sagt en að Ida María Brynjarsdóttir hafi nef fyrir tímasetningum er kemur að því að fjölga mannkyni. Hún fæddi stúlkubarn á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 22.02. 2022, daginn sem fjöldi fólks nýtti sér tækifærið til að ganga í hjónaband. En þar með er ekki öll sagan sögð. Ida fæddi stúlkuna sína klukkan 2.22.

Ida og maðurinn hennar, Eysteinn Örn Stefánsson, áttu fyrir þriggja ára stúlkunni, Ylfu Lísu, en þau búa í Arkarholti á Vesturlandi. Ida segir að fyrst í síðustu viku hafi það komið til umræðu á heimili þeirra að kannski myndi barnið fæðast þennan magnaða dag.

Sett dagsetning var um síðustu helgi. Vegna vondrar veðurspár ákváðu þau til öryggis að renna til Akraness. Það var eins gott því hröð atburðarás tók við.

„Við fórum upp á fæðingardeild klukkan hálf tvö. Hún fæðist 22 mínútur yfir tvö,“ segir Ida.

12 mínútum fyrir fæðingu sagði ljósmóðir við hana í gríni að ef hún setti allt á fullt, væri möguleiki á að barnið kæmi í heiminn 22 mínútur yfir 2. Ida hafði öðrum hnöppum að hneppa en hið ótrúlega gerðist.

„Við föttuðum ekkert hvað hún væri að meina og maðurinn minn spurði: Af hverju ertu að pæla í því? En rétt eftir að hún segir þetta byrjar rebingurinn og svo fæðist hún á örfáum mínútum.“

Ida viðurkennir að fæðingin hafi fengið aukaathygli í ljósi tímasetn-



Fæðing litlu stúlkunnar tók aðeins örfáar mínútur. Hún, stóra systir hennar og mamman eiga allar afmæli í febrúar.

MYND/ADSEND



Pabbinn og eldri dóttirin ásamt Idu og litlu nýju dómuni.

ingarinnar. „Mömmu og tengdammum fannst þetta svo geggið að þær póstuðu á Facebook.“

Það virðist liggja vel fyrir Idu að eignast börn, því fæðing eldri dóttur hennar var einnig hröð og góð. Áhugaverð aukatilviljun er að Ida og báðar dætur hennar eiga allar afmæli í febrúar.

„Þetta eru erfiðir tímar fyrir karlinn minn. Hann þarf að huga að

gjöfum á konudeginum og svo koma öll þessi afmæli. Greyið þarf að safna vel í janúar,“ segir Ida og hlær.

Eysteinn Örn er smiður en Ida vann á kúabúi mestalla meðgönguna, mjólkaði kúr og ók traktor að sögn. „Svo er ég þrjónafíkill, mjög mikil handavinnukona.“

Ekkert annað barn fæddist á Íslandi á þessari mögnuðu mínútu. ■

Prófkjörskaffi

laugardaginn 26. febrúar kl. 11-13
Norðurbakka 1a, Hafnarfirði



Prófkjör í Hafnarfirði
3. - 5. mars





JEPPA SÝNING

TOYOTA KAAPTÚNI

Í DAG
LAUGARDAGINN 26.FEBRÚAR KL.12-16



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaaptúni
Kaaptúni 6
570 5070


toyotakaaptuni.is - info@toyota.is



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar



32,8%

ibúa Íslands
höfðu í gær
greinst með
Covid-19.



6 staðir í vegakerfi
Vegagerðarinnar
verða með gjald-
töku á næstu árum.



11%

nemenda í
tíunda bekk
segja lesblindu
hafa mikil áhrif
á nám sitt.



Fjögur í fréttum

Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir



Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er fyrsti flutningsmaður frumvarps um breytingu

á áfengislögunum. Með henni myndi ákvæði falla brott um að verslanir ÁTVR.

Aldís Hafsteinsdóttir



Miklar skemmdir urðu á Hamarshöllinni í Hveragerði þegar tjaldið á húsinu féll niður. Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í

Hveragerði, segir þetta áfall en höllin muni rísa aftur.

Páley Borgþórsdóttir



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Akureyri, hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir að ætla að yfirheyra fjóra blaðamenn. Sýnt

var á spilin í vikunni og kemur í ljós að rannsókn lögreglu beinist að meintu stafrænu kynferðisofbeldi úr stolnum síma skipstjóra.

LL-CO



Tjaldurinn LL-CO sló eigið met með því að koma snemma til landsins. Rannsóknarsetri HÍ á Suðurlandi er ekki kunnugt um að landfugl

sem fari til annarra landa komi svo snemma vors. ■

Báru vitni um umdeilt trúfélag

Einar og Ágúst Arnar Ágústssynir báru vitni í héraðsdómi í gær vegna ákæru um fjársvik og peningabætti. Tugmilljónir sóknargjalda voru fluttar úr landi á reikning skráðan á annan þeirra.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Bræðurnir Einar og Ágúst Arnar Ágústssynir báru vitni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir eru sakaðir um fjársvik og peningabætti upp á 85 milljónir króna í tengslum við trúfélagið Zuism á Íslandi. Eru þeir sakaðir um að blekkja starfsfólk opinberra stofnana á borð við Þjóðskrá og Ríkisskattstjóra um að raunveruleg starfsemi hafi verið í félaginu.

Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari spurði bræðurna um tilurð félagsins, umsóknina til Sýslumannsins á Norðurlandi eystra og virkni í félaginu. Benti hann meðal annars á að þó að 25 félagsmenn hefðu verið skráðir á umsóknina hafi aðeins þrír verið skráðir í trúfélagið tvö fyrstu árin.

„Ég bara man það ekki. Þetta var fyrir tíu árum síðan,“ sagði Ágúst við spurningu Finns um hvort starfsemi félagsins hefði verið stöðug og virk.

Einar sagðist hafa kynnst zúisma, sem eru forn súmersk trúarbrögð, erlendis og í samfloti við félagið sinn hefði hann stofnað trúfélagið.

Saksóknari benti þá á Skypesamskipti milli stofnendanna sem hann sagði benda til þess að trúfélagið hefði verið stofnað í gríni. Meðal annars: „Djöfull er ég heitur að blasta þessu kirkjudæmi upp maður ég sé alveg stórleikann sem bíður okkar.“ Hvorugur bróðirinn sagðist kannast við eða muna eftir þessum samskiptum, eða að litil alvara hefði verið að baki stofnuninni.

Meðlimum fjölgaði upp í 3 þúsund sálir eftir að hópur aktivista,



Aðalmeðferð hófst í máli Zúistabræðranna í gær og heldur áfram um miðjan mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Samkvæmt lögregluskýrslum frá Slóvakíu vissu tveir einstaklingar ekki að þeir ættu að vera í stjórn trúfélags á Íslandi.

sem vildu endurgreiða sóknargjöld, tók félagið yfir. Bræðurnir sögðust hafa þurft að sigla í gegnum storm til að endurheimta félagið.

Jón Bjarni Kristjánsson, lögmaður Einars, spurði Einar hvort hann væri trúaður og Einar sagði svo vera. Líkt og lögmaður Ágústss spurði hann Einar hvort hann hefði fengið einhverja aðstoð eftirlitsaðila um stofnun og skráningu félagsins og hann neitaði því. Heldur ekki

fengið neinar athugasemdir við innsendar skýrslur til Sýslumannsins á Norðurlandi eystra.

Saksóknari spurði út í samkomur félagsins, sem flestar gengu undir nafninu bjór og bæn, voru illa auglýstar og illa sóttar. Vildu bræðurnir ekki svara hverjir hefðu mætt á þessar samkomur, hvort það væri yfirleitt sama fólk og sögðu óvægna fjölmiðlaumfjöllun ástæðu þess að þær voru ekki auglýstar vel. Sama ástæða væri fyrir því að endurskoðandi félagsins hefði krafist þess að vera nafnlaus.

Stærstur hluti sóknargjaldanna var færður inn á félagið EAF, sem bæði millifærslur og vaxtalaus lán, og þaðan inn á reikninga í Bretlandi og Bandaríkjunum. Hafnaði féð að lokum inni í félaginu Three score en samkvæmt yfirliti er Einar skráður fyrir því. Þrátt fyrir það hélt Einar því fram að Zuism sjálf væri raunverulegur eigandi félagsins.

Þá voru bræðurnir spurðir út í úttektir af reikningi Zuism, samantlagt 11 milljónir í reidufé eða millifærslur á reikninga bræðranna. „Ég held að ég sleppi því að svara þessu núna,“ svaraði Ágúst Arnar. Einar sagðist hafa fengið verktaka greiðslur og greiðslur vegna skuldar félagsins við bræðurna vegna baráttunnar við aktivistana.

Einnig voru bræðurnir spurðir út í tilraun til stjórnarskipta í félaginu. Kom í ljós að erlend kona sem átti að taka við sem stjórnarformaður, og fá 500 dollara greitt fyrir, vissi ekki að félagið var trúfélag. Í lögregluskýrslu frá Slóvakíu kom fram að tveir aðrir stjórnarmenn vissu ekki einu sinni að nafn þeirra væri á blaði á Íslandi.

„Átti þetta erlenda fólk að ráða einhverju í raun um stjórn félagsins?“ spurði saksóknari. Sagði Einar að stjórnarbreytingarnar hefðu aldrei farið í gegn og því myndi þetta ekki skipta máli. ■

RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU

BJÓÐUM UPP Á 37"-40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MED 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

ICELANDAIR



Ströndin heiðbláa

Nice er fögur borg sem stendur við Côte d'Azur sem stundum er kölluð franska rivieran. Þar er sólríkt og gróðursælt, en á sama tíma er miðjarðarhafsloftið leikandi létt og svalt. Frá Nice er stutt í heimsókn til Cannes eða Mónakó. Því ekki að njóta lífsins við strandlengjuna með glimrandi fallegu útsýni yfir smaragðsgrænt hafið?

Finndu þína ferð á icelandair.is

Óvinur Pútíns númer eitt

tsh@frettabladid.is

Svipmynd

Volodímír Selenskíj



Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu.

Forseti Úkraínu, Volodímír Selenskíj, hefur blásið þjóð sinni byr í brjóst í deilunni við Rússa sem náði hápunkti sínum í vikunni með innrás þeirra síðarnefndu. En hver er þessi 44 ára gamli stjórnmalamaður sem eldað hefur grátt silfur við Vladímír Pútín og lýst sjálfum sér sem „skotmarki númer eitt“?

Volodímír Selenskíj fæddist þann 25. janúar 1978 í borginni Krívij Rjig í miðri Úkraínu, sem tilheyrði þá Sovétríkjunum. Foreldrar hans eru menntafólk af gyðingaættum og Selenskíj lærði lögfræði áður en hann söðlaði um og gerðist leikari og grínisti. Selenskíj varð þekktur í heimalandinu og vistar fyrir frammiðstöðu sína í sjónvarpsþáttunum Servant of the People, þar sem hann fór með hlutverk menntaskólakennara sem er óvænt kosinn forseti Úkraínu.

Segja mætti að skáldskapur hafi orðið að raunveruleika því vegna mikilla vinsælda ákvað Selenskíj að bjóða sig fram í úkraínsku forsetakosningunum 2019. Þótti hann mjög óvenjulegur frambjóðandi í alla staði. Hann stundaði ekki hefðbundna kosningabaráttu og naut ekki stuðnings neins stjórnmálaflokks heldur reiddi sig mestmegnis

á samfélagsmiðla til að koma skilaboðum sínum áleiðis.

Selenskíj hlaut yfirburða kosningu og sigraði sitjandi forseta, Petro Porosjenko, með meira en 73 prósentum atkvæða. Vinsældir hans eru að miklu leyti raktar til vaxandi óánægju Úkraínanna vegna pólitísks óstöðugleika í landinu og vantrausts á yfirvöldum.

Eiginkona Selenskíjs er arkitektinn og handritshöfundurinn Olena Selenska og saman eiga þau tvö börn. Í ræðu sem sjónvarpað var til úkraínsku þjóðarinnar á fimmtudag lýsti Selenskíj því yfir að fjölskylda hans væri í felum einhvers staðar í Úkraínu á meðan hann sjálfur væri enn í Kænugarði. „Fjölskylda mín er ekki föðurlandssvikarar, þau eru þegar Úkraínu. Hvar þau eru nákvæmlega hef ég engan rétt á að segja. Samkvæmt okkar upplýsingum hefur óvinurinn merkt mig sem skotmark númer eitt og fjölskylda mína sem skotmark númer tvö,“ sagði Selenskíj í ávarpi sínu. ■

Rússar og Úkraínnumenn skiptast á nasistaásökunum

thorgrimur@frettabladid.is

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, biðlaði í gær til úkraínskra hermanna að kollvarpa ríkisstjórninni í Kænugarði og leggja síðan niður vopn og gefast upp.

„Það yrði auðveldara að semja við ykkur en við nasistana og eiturlyfjafíklana sem hafa sölsað Kænugarð undir sig,“ sagði Pútín í ávarpi til úkraínskra hermanna.

Hugmyndin um að Úkraínu sé stýrt af nasistum á uppruna í hreyfingum á borð við Asovsveitina, sem er hernadarhreyfing nýnasista sem hefur verið virk í stríðinu um austurhérað Úkraínu.

Asovsveitin hefur stöðu undirlíðs í úkraínska þjóðvarðliðinu en stjórnmalavængur hennar hefur ekki hlotið brautargengi í kosningum. Í þingkosningum ársins 2019 hlaut framboð tengt sveitinni



Úkraínnumenn hafa líkt Pútín við Adolf Hitler á mótmælafundum.

aðeins 2,15 prósent atkvæða og engin þingsæti.

Úkraínnumenn hafa hafnað nasistaásökunum Pútíns og bent á að forseti Úkraínu, Volodímír Selenskíj, sé sjálfur Gyðingur og hafi misst ættingja í Helförinni. Hins vegar hafa þeir líkt Pútín við nasista, meðal annars með birtingu skopmynda á samfélagsmiðlum. ■

Íslensk yfirvöld munu svara kallinu þegar það kemur

Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmálaráðherra kallaði saman flóttamannanefnd í gær til að ræða málefni fólks sem komið er á flotta af völdum stríðsins í Úkraínu vegna innrásar Rússa. Ráðherrann ákvað að kalla saman nefndina til þess að Ísland yrði reidubúið að svara kallinu þegar það kemur.

ingunnlara@frettabladid.is

Sameinuðu þjóðirnar áætla að rúmlega 100 þúsund Úkraínnumenn séu þegar á flotta og búist er við að sú tala hækki í fimm milljónir á næstu dögum og vikum, haldi átökin áfram.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmálaráðherra kallaði saman flóttamannanefnd til að undirbúa mögulega komu flóttafólks frá Úkraínu. Nefndin muni starfa með flóttamannanefnd Sameinuðu þjóðanna, Norðurlöndum og öðrum ríkjum Evrópu, hvað varðar viðbrögð við hinum mikla flóttamannastraumi sem búist er við.

„Sífellt fleiri eru að flýja til nágrannaríkja Úkraínu. Ég fól flóttamannanefnd að fylgjast grannt með stöðunni á fólki sem er að flýja heimili sín,“ segir Guðmundur Ingi.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra samþykkti á dögum að veita einni milljón evra í mannúðaraðstoð til Úkraínu. Aðstoð flóttafólks yrði ekki hluti af þeim pakka heldur séraðgerð.

„Auðvitað munum við íslensk stjórnvöld taka þátt í samstarfi Vesturlanda þegar það kemur að móttöku flóttafólks vegna stríðsátaka í Úkraínu. Það er allt of snemmt að segja til um hvernig það gæti orðið því það eru svo mörg spurningarmerki enn þá um fjöldann sem mun flýja Úkraínu,“ útskýrir Guðmundur Ingi.


Ráðherrann ákvað að kalla flóttamannanefndina saman sem allra fyrst svo Ísland geti verið tilbúið þegar kallið kemur. Og þegar það kemur mun ríkið starfa með sveitarfélögum til að finna heimili fyrir fólkið.

Spurður hversu mörgum flóttamönnum Ísland gæti tekið á móti segir Guðmundur Ingi ómögulegt að segja til um það. „En að sjálfsgöðu öxlum við þessa ábyrgð sem þjóð meðal þjóða,“ bætir hann við.

Evrópa býr sig undir straum flóttamanna

Búist er við því að þrjár til fimm milljónir almennra borgara flýi Úkraínu vegna innrásar Rússa. Nágrannþjóðir Úkraínu búa sig undir mikinn straum flóttamanna.

Áætlaður fjöldi flóttamanna



Evrópusambandið: Borgarar Úkraínu ferðast án vegagæðisráttar til ríkja ESB. Aðildarríkin njóta aðstoðar frá Europól, Frontex og Stofnun ESB um aðstoð við hælisleitendur.

Heimild: UNHCR, Reuters, BBC, Spectator (Slovakia), LRT

© GRAPHIC NEWS



Ég er mjög sleginn yfir innrásinni og óttast hvaða afleiðingar hún muni hafa.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félagsmálaráðherra

Guðmundur Ingi segir hræðilegt að horfa upp á ástandið í Úkraínu. Ríkisstjórnin mun halda áfram að kalla eftir diplómátskri lausn.

„Ég er mjög sleginn yfir innrásinni og óttast hvaða afleiðingar hún muni hafa. Auðvitað vonumst við öll til þess að það verði hægt að ná diplómátskri lausn og Ísland mun halda áfram að þrýsta á það. Ég vildi setja okkur í startholurnar strax svo við getum betur axlað þá ábyrgð sem mér finnst að við berum í alþjóðasamfélaginu, að taka á móti fólki í neyð.“

Sú hraða atburðarás sem hefur átt sér stað síðustu þrjá daga er sannarlega úggvænleg, segir ráðherrann.

„Þetta gerist ótrúlega hratt og það sem er kannski óhugnanlegast við þetta er að Pútín fer í aðgerðir gegn öllu landinu af mikilli hörku og ekki bara austurhluta landsins eins og margir voru að búast við að væri gert.“ ■



Parki

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspólnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á Dalvegi 10-14.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á Facebook! facebook.com/Parki.interiors

Hyundai

TUCSON

Plug-in Hybrid



Plug-in Hybrid



Rafmögnuð hönnun. Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu.

Opið í dag frá 12–16



Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.290.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Skoðuðu Tucson á hyundai.is.



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Baráttuviljinn eina vopn Davíðs gegn Golíat

Úkraínski herinn er bæði margfalt minni en rússneski herinn og tækjakosturinn að miklu leyti úreltur. Baráttuviljann skortir þó ekki.

adalheidur@frettabladid.is

Rússneski herinn var kominn inn í útjafna Kænugarðs, höfuðborgar Úkraínu, þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær og barist var í úthverfum. Á meðan Rússlandsforseti hvatti úkraínska herinn til að gefast upp grátbað forseti Úkraínu alþjóðasamfélagið um aðstoð við að hrekja ógnina á brott.

Samanburði á herstyrk Rússlands og Úkraínu verður eflaust best lýst með samlíkingunni um Davíð og Golíat. Það er því ekki að ástæðulausu sem Úkraínuforseti, Volodímír Selenskíj, hefur grátbeðið vestræn ríki um annað og meira en refsiaðgerðir gegn Rússum. Hann vill hernaðaraðstoð til að losna við rússneska herinn.

Fjárveitingar til hernaðarmála í löndunum gefa ágæta mynd af gríðarmiklum mun á hernaðarstyrk ríkjanna tveggja. Í fyrra var 4,7 billjónum Bandaríkjadala varið í úkraínska herinn, sem eru rétt rúmlega tíu prósent þeirra tæplega 46 billjóna dollara sem Rússar verja til síns hers, samkvæmt skýrslu frá International Institute for Strategic Studies (IISS), sem birt var í síðustu viku.

Rússar hófu að nútímavæða her sinn eftir stríðið við Georgíu árið



NATO lýsti því yfir í gær að enn yrði bætt í herafla með viðveru í Austur-Evrópu.

2008, en herbúnaður Úkraínu er að miklu leyti frá Sovéttímanum. Þess má þó geta að vegna áhuga á aðild að NATO hefur Úkraína haft áætlanir um uppfærslu hergagna sinna.

Áð sögn Yohann Michel, sérfræðings hjá IISS, eru nú 200 þúsund rússneskir hermenn í Úkraínu eða við landamærin.

„Staðan breytist stöðugt og þess-



Íbúðablokk í úthverfi Kænugarðs stóð í ljósum logum í gærkvöldi. Þegar Fréttablaðið fór í prentun lá ekki fyrir hvort mannbjörg varð en slökkvilið vann að því að slökkva eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



HRAUNBÆR, ÁRBÆ, REYKJAVÍK

Opið fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða


Bjarg íbúðafélag hefur opnað fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða í Hraunbæ 133 í Árbæ, Reykjavík.

Umsóknir og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins

www.bjargibudafelag.is



Samanburður á herstyrk Rússlands og Úkraínu



ar tölur gætu breyst,“ er haft eftir honum á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNN. „Þarna er saman kominn einn stærsti herafla í Austur-Evrópu sem við höfum séð árum saman, alla vega á líftíma okkar flestra.“

Michel segir erfiðara að meta virkan mannafla úkraínska hersins þar sem allir starfandi hermenn hafa verið kallaðir út og varalið einnig.

En þótt varnir Úkraínu megi sín lítills gagnvart ofurefli Rússa segir Michel baráttuvilja Úkraínumanna hafa komið á óvart. Hann sé í raun sterkasta hlið úkraínska hersins. „Ég er í rauninni mjög hissa á því sem við sjáum nú. Sú staðreynd að úkraínskar herþotur komist yfir höfuð á loft er magnað,“ segir hann.

Þegar rússneskar hersveitir hófu innreið sína í höfuðborgina Kænugarð óskuðu úkraínskir yfirvöld eftir aðstoð almennra borgara við að halda aftur af innrásarliðinu. Í gær

höfðu minnst 18 þúsund vélbyssur úr vopnahrslum úkraínska hersins verið settar í hendur sjálfboðaliða. Þá hefur úkraínska innanríkisráðuneytið deilt bensínsprengjuleiðbeiningum á samfélagsmiðlum.

Þótt Úkraína hafi enn ekki fengið inngöngu í NATO hafa aðildarríkin leitast við að styðja Úkraínu á ýmsan hátt. Auk refsiaðgerða gegn Rússlandi hefur verið fjölgað mjög í hersveitum NATO í nágrennaríkjunum Úkraínu. Bandaríski herinn er með um 90 þúsund hermenn á herstöðvum sínum í Evrópu og hefur tilkynnt að þeim verði fjölgað um alla vega sjö þúsund í vikunni.

Þá hafa nokkur Evrópuríki tilkynnt um sérstaka aðstoð við Úkraínu, ýmist í formi hergagna eða aðstoðar við móttöku flóttafólks frá landinu. Hingað til hefur þó verið útilokað að aðstoð í formi beinnar hernaðarhlutunar verði veitt. ■

KRÓNAN

Mmm ...

Bollur í öll máli!



Vegan bollur 2 stk.

259 kr. pk.

Psssst ...

Hvað ætlar þú að borða margar?

2 bollur í pakka!

Fylltar rjómobollur 2 stk.

680 kr. pk.

Ódýrt

Krónu vatnsdeigsbollur 8 stk.

599 kr. pk.

Saltkjöt og baunir ...

Allt fyrir Sprengidaginn í næstu verslun!

Ódýrt

NÓATÚN

Nóatúns séralið saltkjöt

2699 kr. kg

NÓATÚN

Nóatúns blandað saltminna saltkjöt

1399 kr. kg

Krónu ódýrt saltkjöt

599 kr. kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Innrásin í Úkraínu hækkar vöruverð

olafur@frettabladid.is

Eftir að Ísland tók þátt í efnahagslegum refsiaðgerðum Vesturlanda gegn Rússlandi eftir innlimun Krímskaga 2014 bönnuðu Rússar innflutning á íslenskum sjávarafurðum með örfáum undantekningum. Bannið stendur enn.

Íslendingar flytja talsvert af vörum til Úkraínu. Má þar nefna uppsjávarafla á borð við makríl, loðnu og síld. Sumt af þessu er unnið í Úkraínu, sem er í tollabandalagi með Rússlandi.

Ljóst er að útflutningur til Úkraínu raskast vegna innrásar Rússa og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að finna nýja markaði fyrir uppsjávarafla sem þangað er seldur. Þetta getur haft áhrif á afkomu þeirra, alla vega til skamms tíma.

Úkraína er eitt gjöfulasta landbúnaðarsvæði veraldar og framleiðir meira en 12 prósent af korni og hveiti í heiminum. Þá er landið ríkt að náttúruauðindum og framleiðir mikið



Innrás Rússa í Úkraínu og refsiaðgerðir Vesturlanda geta leitt til hærri vöruverðs, meðal annars á bílum.

magn af stáli og fleiri málum til útflutnings.

Strax á fimmtudag rauk verð á ýmsum hrávörum á borð við hveiti og olíu upp. Óvíst er hvort þessar hækkanir hafa strax áhrif hér en dragist stríðið á langinn má búast við að allur heimurinn finni fyrir hærri hrávöruverði, sem birtist í verðhækkunum á matvöru, bílum og öðrum tækjum og eldsneyti.

Þá er ónefnt að refsiaðgerðir gegn Rússum geta haft mikil áhrif á verðlag á Vesturlöndum og þar með á Íslandi. ■



Fjöldi flóttafólks hefur búið um sig í bænum Zahony í Ungverjalandi eftir flotta yfir landamærin frá Úkraínu. Langar raðir hafa myndast við landamærin til Ungverjálunds.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Úkraínsk ungmenni hafa flykkst til Ungverjálunds

Íbúar nágrennalanda Úkraínu hafa fráleitt farið varhluta af stríðsbrótti Rússa austan við landamærin og almenningur þar er var um sig, eins og Grímur Axelsson, umboðsmaður Kreativ Dental í Búdapest, orðar það í samtali við Fréttablaðið.

ser@frettabladid.is

„Fólk er slegið og það er uggandi um sinn hag, enda átti það ekki von á því að af innrásinni yrði og hvað þá að hlutirnir gengju jafn hratt fyrir sig og raun ber vitni,“ segir hann. „Í rauninni er þetta eitthvað sem enginn bjóst við – og þar er helsta sjokkið komið,“ bætir hann við.

Hann segir að þó að stemningin á götum Búdapest sé svo til venjuleg hafi Ungverjar engu að síður fundið fyrir því síðasta hálfan annan mánuðinn að óróinn á meðal alls almennings í Úkraínu hafi farið stigvaxandi.

„Það sést best á því að hótél og gistiheimili hér í Ungverjalandi hafa verið að fyllast af úkraínskum ungmennum sem vilja komast hjá herskyldu heima fyrir, en augljóst er að foreldrar þeirra hafa í stríðum

”

Það sést best á því að hótél og gistiheimili hér í Ungverjalandi hafa verið að fyllast af úkraínskum ungmennum sem vilja komast hjá herskyldu heima fyrir.



Grímur Axelsson í Búdapest

straumi sent þau úr landi,“ segir Grímur.

Nú er aftur á móti búið að loka landamærunum milli Ungverjálunds og Úkraínu – og regluverk landsins gagnvart flóttamönnum breyttist þar að auki snarlega eftir strauminn frá Sírlandi á síðustu árum, á þann veg að hamla för þeirra í ríkari mæli inn í landið.

„Núna þurfa úkraískir flóttamenn sem vilja komast til Ungverjálunds að vera með uppáskrifada pappíra frá sendiráði Ungverjálunds í Kænugarði, ella komast þeir ekki yfir landamærin,“ segir Grímur, „og því má ætla að fjölmargir komi að lokuðum hliðum á næstu dögum og vikum, sem aftur mun þýða að pressan eykst á að Ungverjar létti á reglum um komu flóttamanna til landsins.“

Grímur hefur búið um árabíl í Búdapest ásamt ungverskri konu sinni og tveimur börnum og hann segir það vera mikinn létti meðal landsmanna á þessum tímum að vera bæði innan vébanda ESB og NATO. „Þú getur rétt ímyndað þér,“ segir hann við bladamann. „Hér man fólk tímana tvenna, en öryggistilfinningin núna er allt önnur og miklu meiri en nokkru sinni.“ ■

KRÍSU-ÚTRÝMINGARSALA

Handofin persnesk teppi

NÝ SENDING*

VORUM AÐ FÁ NÝJAR MOTTUR TIL LANDSINS OG SELJUM
MEÐ MJÖG MIKLUM AFLÆTTI Í VERSLUN OKKAR

LAGERINN MINNKAR OG MINNKAR. NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ Á
MEÐAN ÞÚ GETUR OG NÁÐU ÞÉR Í LÍFSTÍÐAR PERSNESKT TEPPI.

*SENDING SEM KOM Í SÖLU 12. FEBRÚAR

Verðið segir
allt sem
segja þarf



Vöruhúsið
er opið fyrir
almenning
í tvo daga
til viðbótar

Laugardag26/2
Sunnudag27/2

Víkurbvarf 2
Sími 835 70 70

LAUGARDAG
10-22
SUNNUDAG
12-22

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurbvarf 2 • Sími 835 70 70

Meðan birgðir endast

Biden tilkynnir dómaraefni sitt

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að hann hygðist tilnefna Ketanji Brown Jackson í embætti hæstaréttardómara. Ef Bandaríkjaþing staðfestir tilnefningu hennar verður Jackson fyrst svartra kvenna til að sitja við Hæstarétt Bandaríkjanna. Mun hún þá taka við sæti Stephens Breyer, sem tilkynnti í janúar að hann hygðist fara á eftirlaun.



Joe Biden ásamt Ketanji Brown Jackson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lofa reglum um þyrluflug ráðamanna í einkaerindum

Í nýrri stjórnsýsluúttekt gagnrýnir Ríkisendurskoðun Landhelgisgæsluna fyrir ýmislegt sem tengist rekstri stofnunarinnar, svo sem olíukaup í Færeyjum, einkaflug með ráðamenn og málefni varðskipsins Ægir.

elinhirst@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Margra ára aðgerðaleysi varðandi Ægi vekur undrun, segir Ríkisendurskoðun. Varðskipið hafi ekki verið haffært síðan í febrúar 2016 og legið við bryggju með miklum kostnaði.

Skipið hafi fyrst verið auglýst til sölu í nóvember 2020, en hafnar-gjöld og annar kostnaður hafi numið um 37 milljónum króna á árunum 2018 til 2020.

Skortur sé á raunsæri langtíma áætlanagerð þegar komi að rekstri og fjárfestingum í skipakosti Landhelgisgæslunnar, sem hafi reynst vera alvarlegur veikleiki.

Ríkisendurskoðun telur einsýnt að dómsmálaráðuneyti og Landhelgisgæslan hefðu þurft að taka skýra ákvörðun um framtíð skipsins miklu fyrr.

Þá gagnrýnir Ríkisendurskoðun Gæsluna harðlega fyrir að þyrlur hennar séu notaðar í einkaerindum fyrir ædstu stjórn ríkisins. Aðeins megi nota slík loftför til flutninga vegna óvæntra atburða eða formlegra athafna á vegum ædstu stjórnar ríkisins en öll einkanot séu óheimil.

Einu slíku verkefni hafi verið sinnt í ágúst 2020 þegar Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra var farþegi í þyrlu Landhelgisgæslunnar (TF-EIR) frá Reynisfjöru, þar sem hún var stödd í einkaerindum, til Reykjavíkur og síðan flutti þyrlan hana aftur til baka.

Ríkisendurskoðun segir tæki stofnunarinnar og öryggisbúnað keyptan eða leigðan til löggæslu og björgunarstarfa til hagsbóta fyrir



Varðskipið Ægir hefur legið bundið við bryggju og ónothæft frá 2016.

MYND/EINAR BEN. ÞORSTEINSSON



Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar



Varðskipið Ægir hefur ekki verið haffært frá árinu 2016 og var auglýst til sölu árið 2020.

almennung, en ekki til einkaerinda fyrir ráðherra.

Forsætisráðuneytið hefur lofað að setja reglur til að koma í veg fyrir slíka misnotkun.

Þá gagnrýnir Ríkisendurskoðun það að Landhelgisgæslan hafi um árabíl stundað að fylla á tanka skipa sinna í Færeyjum til þess að komast hjá því að greiða virðisaukaskatt af olíunni hér á landi. „Þeir aðilar sem þiggja rekstrarfé sitt úr ríkissjóði geta ekki vísað til þess að með því að komast hjá greiðslu opinberra gjalda sé stuðlað að rekstrarhagkvæmni,“ segir Ríkisendurskoðun.

Einnig segir Ríkisendurskoðun að siglingar Landhelgisgæslunnar í þessum tilgangi feli í sér soun, óþarfa mengun og skerðingu á við-

bragðsgetu varðskipa innan efnahagslögsögunnar.

Í svari Landhelgisgæslunnar kemur fram að varðskip Gæslunnar hafi keypt olíu í Færeyjum frá aldamótum samhliða öðrum verkefnum í austurhluta lögsögunnar, með fullri vitund hlutadeigandi stjórnvalda á hverjum tíma.

Gæslan geri því athugasemd við framsetningu Ríkisendurskoðunar vegna umrædds atriðis þar sem fullýrt sé að stofnunin stuðli að rekstrarhagkvæmni með því að „komast hjá greiðslu opinberra gjalda“ vegna olíukaupa í Færeyjum. ■

Kuðungurinn 2021

Umhverfisviðurkenning umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2021. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta bæði tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu eigi síðar en 25. mars nk. merktar „Kuðungurinn“ á netfangið urn@urn.is eða með pósti í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornarradid.is/kudungurinn

Stjórarnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tillaga að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegur

Streymisfundur 3. mars kl. 17.

Tillaga að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegur, 3. áfanga, verður kynnt á streymisfundi fimmtudaginn 3. mars. Frestur til að senda athugasemdir hefur verið framlengdur til 11. mars.

Deiliskipulagstillagan nær til hluta Arnarnesvegur, nýs vegar með tveimur akreinum í hvora átt, göngu- og hjólastíga, ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegur og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur og veghelgunarsvæða hans sem ná að jafnaði 30 metra út frá miðlinu vegarins.

Hægt er að kynna sér tillöguna á vef Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar og senda fyrirspurnir fyrirfram á netföngin skipulag@reykjavik.is eða skipulag@kopavogur.is. Leitast verður við að svara þeim á fundinum. Einnig verður hægt að senda fyrirspurnir meðan á streyminu stendur.

Að fundinum standa Reykjavíkurborg, Kópavogsbær og Vegagerðin en auk fulltrúa þeirra verða á fundinum fulltrúar verkfræðistofunnar EFLU sem er ráðgjafi deiliskipulagsins.

Allar upplýsingar er að finna á reykjavik.is/arnarnesvegur.



Fyrirhuguð íbúðabygging á Vatnsendahæð

Kópavogsbær Reykjavíkurborg



Frá skíðavæði Akureyringa í Hlíðarfjalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Áfengisdrykkja orðin sjálfsögð í Hlíðarfjalli

bth@frettabladid.is

ÚTIVIST „Ég hef ekki heyrt um nein óhöpp þrátt fyrir áfengissölu um helgina, ég hef bara heyrt ánægju með að nýja stólalyftan færi loks af stað,“ segir Þórhallur Jónsson, formaður skipulagsráðs og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri.

Nýtt skref var tekið um síðustu helgi en þá hófst áfengissala á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Salan er umdeild og hefur meðal annars verið bent á erlendar rannsóknir sem sýna aukna slyshættu á svæðum sem leyfa áfengissölu. Ekki stendur til að selja áfengi í Bláffjöllum að sögn forráðamanna Reykjavíkurborgar.

Þórhallur styður vinsöluna og

hefur ekki áhyggjur af aukinni slyshættu á skíðasvæðinu heldur komi nú góð viðbót við þjónustuna.

Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi VG, eini bæjarfulltrúinn á Akureyri sem vildi ekki leyfa sölu áfengis í Hlíðarfjalli, hvarmar niðurstöðuna.

„Ég heyrði að mikil áfengisneysla hefði verið í Fjallinu um síðustu helgi en þá hófst áfengissala á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Salan er umdeild og hefur meðal annars verið bent á erlendar rannsóknir sem sýna aukna slyshættu á svæðum sem leyfa áfengissölu. Ekki stendur til að selja áfengi í Bláffjöllum að sögn forráðamanna Reykjavíkurborgar.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó vísalan ekki endilega í höfn til frambúðar. Málið verður að líkindum tekið upp í Heilbrigðiseftirliti Norðurlands á næsta fundi. ■

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



**EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX.
KOMDU OG REYNSLUAKTU!**



JEEP COMPASS TRAILHAWK



GLÆSILEG INNRETTING



JEEP COMPASS S

JEEP RAFKNÚNU JEPPARNIR HENTA ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM UM ALLT LAND

JEEP COMPASS LIMITED
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI
7.479.000 KR.

- LÁGT DRIF
- 360° MYNDAVÉL
- RAFDRIFIN LEÐURSÆTI
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
- 10,1" SNERTISKJÁR MEÐ LEIÐSÖGUKERFI
- BLINDHORNS OG AKREINAVARI

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

Fyrir lifandi heimili



MUUBS SPACE

Kringótt borðstofuborð. Gegnheill askur, járnfætur.
Ø150 cm. **299.990 kr.**
2ja sæta. 143 x 80 x 80 cm. **239.990 kr.**



LAKE

Borðstofustóll.
Dökkgrár.
34.990 kr.



YORK

Borðstofustóll.
Svart gervileður.
26.990 kr.



DUAL

Borðstofustóll.
Sléttflauel.
39.990 kr.



BRAY

Borðstofustóll.
Sléttflauel.
19.990 kr.



KARE SCHICKERIA

Marmaraborð.
Ø110 cm.
99.990 kr.



BROSTE SLETTEN

Salatähöld. **5.990 kr.**



RIVERDALE LEILA

66 x 42 cm. **17.990 kr.**
Ø61 cm. **17.990 kr.**



NORDAL ARUBA

Fótavasi. hvítur eða
olive. H26 cm.
6.990 kr.



ATLANTA

3ja sæta sófi. Tvö ytri sæti hafa skammel sem má lyfta með hnappi. Hægt er að leggja bak á miðjusæti niður og verður það að borði. 198 x 96 x 98 cm.
329.900 kr.



NIRMAL

Motta. Ben grá/svörta. 200x300 cm.
49.990 kr.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

**SICILIA**

3ja sæta sófi í Colorado Brandy bonded leðri.
Fallegur tíglasumur á hliðum. 196 x 94 x 82 cm. **189.990 kr.**

**NATUZZI EDITIONS B988**

3ja sæta svartur leðursófi. Ítalskt gæðaleður. 205 x 88 x 76 cm.
459.990 kr.

**SMILE BUTTON**

Tungusófi vinstri. Fallegt grátt áklæði. 274 x 156 x 85 cm.
379.990 kr.

**RIVERDALE WALTON**

Hægindastóll, grátt vintage áklæði.
179.990 kr.



MEXICO Hægindastóll. Grár eða gulur. **109.990 kr.**



MOSS Púði. 50 x 50 cm. Ýmsir litir. **5.990 kr.**

**EIGHTMOOD FLOWING**

Loftljós. Ø90 cm.
49.990 kr.

**NORDAL SPIRIT IRON**

Spegill. 203,5 x 101,5 cm.
119.990 kr.

**ÚRVAL AF
FALLEGUM
KERTASTJÖKUM**

Allar Ayu vörurnar eru framleiddar á Indlandi með náttúrulegum jurtum og olíum sem eru sérstaklega hannaðar til að endurheimta meðfætt jafnvægi húðarinnar.

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Einn mikilvægasti stuðningsaðili nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.



Fyrirtækjastyrkur Sproti



Fyrirtækjastyrkur Vöxtur, Sprettur



Fyrirtækjastyrkur Markaður

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2022, kl. 15:00

Nánari upplýsingar eru á tths.is



tths.is



Tækniþróunarsjóður

Fann bitcoin með hjálp hakkara

birnadrofn@frettabladid.is

BANDARÍKIN Rhonda Kampert keypti sér sex bitcoin árið 2013, þegar eitt stykki kostaði um 80 dali, sem er að núvirði um tíu þúsund krónur. Hún eyddi í upphafi nokkru en geymdi afganginn.

Kampert segist í samtali við BBC ekki hafa haft mikið vit á rafmyntum líkt og bitcoin og hún hafi ekki gert sér grein fyrir virði myntarinnar fyrr en hún sá í fréttum árið 2017 hversu mikið virði hennar hefði aukist. Þá kostaði eitt bitcoin næstum 20 þúsund dali.



Virði rafmyntar Kampert hafði 600-faldast þegar hún leysti hana út.

Kampert ákvað þá að leysa út myntina en lenti í erfiðleikum með að skrá sig inn, hún hafði tapað hluta af lykilorðinu. Hún reyndi eins og hún gat að ná fénu út og það hafðist á endanum með hjálp hakkara.

Þegar Kampert loks náði út fénu hafði virði þess aukist 600-falt, og átti hún nú 175 þúsund dala virði af bitcoin eða rúmar 22,5 milljónir íslenskra króna. Féð geymir Kampert nú á lokuðum reikningi fyrir utan 10 þúsund dali sem hún setti í menntun dóttur sinnar ásamt því að greiða hökkurunum fyrir sína vinnu. ■



Fjármálaeftirlit Seðlabankans segir misskilnings gæta í gagnrýni verkalyðsfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjórir stóðust ekki hæfnismat til stjórnarsetu

Fjármálaeftirlit Seðlabankans segir misskilnings gæta í gagnrýni verkalyðsfélaga á að verið sé að útiloka venjulegt fólk frá stjórnarsetu í lífeyrissjóðum. Auknar eignir kalli á aukna ábyrgð.

bth@frettabladid.is



Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans

LÍFEYRISSJÓÐIR „Það er misskilningur að Fjármálaeftirlitið sé sérstaklega að herða kröfur um hæfi einstaklinga sem sitja í stjórnnum lífeyrissjóða, en mat á þekkingu og reynslu stjórnarmanna tekur augljóslega mið af þeim kröfum sem gerðar eru til lífeyrissjóða á hverjum tíma. Sömu sjónarmið eiga við um aðra eftirlitsskylda aðila,“ segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans, vegna þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram hjá verkalyðsforystunni.

Drífa Snædal, formaður ASÍ, hefur farið fram á fund með Fjármálaeftirlitinu til að fara yfir hert hæfniskilyrði fyrir setu fólks í stjórnnum lífeyrissjóða. Hún segir hættu á að venjulegt fólk sem ekki býr yfir mikilli menntun verði enn frekar jadarsett ef útiloka eigi það frá stjórnarsetu. „Við þurfum að fá upp á yfirborðið hverjum er verið að hafna og af hvaða ástæðum,“ segir Drífa Snædal. „Þetta eru okkar peningar og okkar fólk.“

Fjármálaeftirlitið segir að fjölmargir stjórnarmenn, í lífeyrissjóðum sem og hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum, hafi staðist umrætt þekkingarmat án þess að hafa þá menntun sem vísað hefur verið til í umfjöllun síðustu daga. „Þá hefur fjölmargt fólk með þá menntun sem vísað hefur verið til jafnframt verið boðað í munnlegt hæfnismat á undanföllum árum. Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 94 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Þar af voru tveir sem ekki stóðust hæfnismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal,“ segir Stefán Jóhann, ritstjóri Seðlabankans.

Hann segir að árið 2020 hafi allir 105 stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar staðist hæfnismat. Árið 2019



Drífa Snædal, formaður ASÍ

hafi fjórir af 108 ekki staðist matið. „Með hliðsjón af framangreindri tölfræði er ljóst að ekki hefur orðið nein afgerandi stefnubreyting í hæfnismötum af hálfu Fjármálaeftirlitsins að því er viðkemur stjórnarmönnum lífeyrissjóða.“

Stefán Jóhann segir að undanfarin ár hafi áhersla fjármálaeftirlits Seðlabankans og annarra fjármálaeftirlitsstofnana í Evrópu meðal annars snúid sérstaklega að stjórnarháttum eftirlitsskyldra aðila. Hæfnismat sé framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar hefji störf hjá eftirlitsskyldum aðilum. Meta verði hvort menntun stjórnarmanna og starfsreynsla bendi til að viðkomandi hafi yfir að ráða fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Þetta varði stjórnarhætti, innra eftirlit, eignastýringu, áhættustýringu og reikningskil. Helstu atriði sem stjórnarmenn lífeyrissjóða beri ábyrgð á, samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins sé við mat á nægilegri þekkingu og reynslu höfð hliðsjón af umfangi reksturs þess lífeyrissjóðs sem um ræði. „Eignir lífeyrissjóða hafa tæplega þrefaldast síðastliðinn áratug og eru nú yfir sex þúsund milljarðar króna. Er því ljóst, með hagsmunum sjóðfélaga að leiðarljósi, að gera verður ríkar kröfur til stjórnarmanna lífeyrissjóða.“ ■



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

AÐALFUNDUR

Fimmtudaginn 31. mars 2022 kl. 16:30

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu verður haldinn 31. mars 2022 á 2. hæð á Hilton hótelinu við Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, klukkan 16:30.

Á dagskrá verður skýrsla stjórnar um starfsemi á síðasta ári. Lagðir verða fram endurskoðaðir reikningar síðasta árs. Kosning löggilts endurskoðanda ásamt tveimur skoðunarmönnum og tveimur til vara.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar. Lagðar verða fram tillögur að lagabreytingum og tillaga að breytingum á aðild félagsfólks að sjúkra- og styrktarsjóði Sameykis. Tillaga verður einnig lögð fram um breytingar á félagsgjaldi félagsfólks.

Ályktanir aðalfundar afgreiddar sem og önnur mál.

Dagskrá aðalfundar

- Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
- Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
- Tekin ákvörðun um tillögur til laga-breytinga og breytinga á reglum sjóða.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða.
- Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

OFUR FYRIR KRAKKA

BANNAÐ
FULLORÐNUM

NÝTT
BRAGÐ



LYSI

Bóndabeygja



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Á stæða þess að Vladímír Pútín getur leyft sér að ráðast inn í Úkraínu er að hann kemst upp með það. Hann veit að samstaða vesturvelda er ekki meiri en svo að þau munu hika á meðan hernaðurinn fer fram á úkraínsku landi.

Ög hann veit einnig sem er að refsiaðgerðir ríkjanna í vestri bíta ekki meira en svo að vinurinn í austri mun alltaf bakka gerska heimsveldið upp, ef í harðbakkann slær, en það eru einmitt hagsmunir kínverskra stjórnvalda til langs tíma að klappa Rússum réttisæl, en þau munu fyrr en seinna þurfa á viðfeðnum löndum þeirra að halda þegar að mun þrengja heima fyrir.

Pútín er búinn að reikna þetta allt saman út – og það eina sem gæti virkilega ógnað efnahag hans er að Vesturlöndin hendi hans líkum út úr greiðslukerfi vestrænna viðskipta. En það verður ekki gert. Til þess eru kapitalískir hagsmunir Vestur-Evrópuþjóðanna of miklir. Ög því verða þau að beita vægari refsiaðgerðum, ráðstöfunum sem bíta ekki fast, af því að Rússar eru – í krafti eigin auðlinda – svo til sjálfbjarga, en eiga þess utan heimsveldið Kína upp á að hlaupa.

Eftir stendur aðþrengd Úkraína, forsmáð í pólitískri bóndabeygju og fórnarlamb óþolandi yfirgangs sem ætti ekki að eiga heima á nýrri öld þar sem sjálfstæði og fullveldi þjóða á að vera virt í hvívetna.

En vandinn er ekki bara veruleikaskjálfti Vesturlanda, heldur heimatilbúinn vandi. Að stórum hluta er Úkraína samfléttuð Rússlandi sem þjóðland, ekki aðeins að sögu og menningu, heldur og – og það skiptir kannski mestu – að viðhorfi og tengslum.

Skoðum söguna. Hún lýgur ekki. Árið 1654 var Úkraína aðeins tuttugasti hluti af núverandi stærð, staðsett á árbökkum Dnjepr, vel sunnan Kænugarðs sem þá hafði öldum saman verið hluti af mið-evrópskum veldum. Allur norðurhluti landsins, stærsta stórekra Evrópu, var lengst af habsborgarlega háþýsk, en sunnan og austan við litlu Úkraínu var gerski hlutinn, allt til 1922 – og meira að segja Krím varð ekki hluti Úkraínu fyrr en 1954.

Það er í þessu ljósi sem Pútín otar sínum tota. Yfir 70 prósent íbúa austustu héraða Úkraínu, Lúhansk og Donetsk, eru Rússar – og öll næstu héruðin þar vestur og sunnan af, allt að Moldövu, eru byggd af Rússum til helminga við Úkraínemenn.

Innrás Pútíns í Úkraínu er óforskömmuð. Auðvitað. En líklega kemst hann upp með hana. ■

En vandin er ekki bara veruleikaskjálfti Vesturlanda, heldur heimatilbúinn vandi. Að stórum hluta er Úkraína samfléttuð Rússlandi sem þjóðland ...

Gunnar



Mín skoðun

Lenging kílómetrans



Sif Sigmarsdóttir

Árið 2017 rakst Suzanne O'Sullivan, írskur taugalæknir, á frétt á heimasíðu BBC undir fyrirsögninni „Dularfullur sjúkdómur í Svíþjóð“. Í fréttinni sagði frá hinni níu ára Sophie, sem ári fyrr hafði fallið í dá. Hún gat ekki tjáð sig, borðað eða opnað augun. Hún virtist með öllu meðvitundarlaus.

En þrátt fyrir umfangsmiklar læknisrannsóknir fannst ekkert að Sophie. Samkvæmt mælingum var hún fullkomlega heilbrigð og heilastarfsemin eðlileg. Þar sem læknar höfðu engan sjúkdóm til að meðhöndla var Sophie send heim af spítalanum. Þar lá hún öllum stundum hreyfingarlaus í rúmi sínu með bleiu og nærðist í gegnum slöngu í nefi.

Eftir lestur fréttarinnar klóraði O'Sullivan sér í höfðinu. Þarna var vissulega ráðgáta á ferð. Ráðgátan var þó önnur en fyrirsögnin gaf til kynna.

Uppspretta verðbólgunnar

Hinn jafnlyndi innviðaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, veitti útvarpsstöðinni Bylgjunni tilfinningaþrungnið viðtal í vikunni. Málefnið sem vakti blóðhita með ráðherra var vísitala neysluverðs. Sigurður Ingi virtist telja uppsprettu verðbólgunnar hér á landi vera Hagstofu Íslands. Til að hemja hana skoraði hann á stofnunina að taka hinn svo kallaða húsnæðislið úr vísitölu neysluverðs.

Tillagan kom flatt upp á Hagstofustjóra sem sagði vísitölu neysluverðs ekki vera annað en mælikvarða sem notaður væri til að „reikna út kaupmátt launa og hvernig kjörin eru að breytast“ en húsnæðiskostnaður er einn stærsti kostnadarliður flestra heimila. Seðlabankastjóri tók í sama streng. Aðspurður hvort slíkt uppátæki gæti kallast efnahagsaðgerð sagðist hann „ekki myndu segja það“.

Stuttu áður en hin níu ára Sophie féll í dá hafði hún flúið heimaland sitt, Rússland, vegna ofsókna í garð fjölskyldu hennar af hálfu mafíunnar. Eftir að Sophie varð vitni

að hrottalegri líkamsrás gegn foreldrum sínum lögðu þau á flotta til Svíþjóðar.

Sophie var ekki fyrsta barnið sem þjáðist af óútskýrðu meðvitundarleysi í Svíþjóð. Frá því um síðustu aldamót hafa hundruð barna þar í landi fallið í dá án læknisfræðilegrar skýringar. Þau eiga eitt sameiginlegt. Öll eru þau hælisleitendur.

O'Sullivan ferðaðist til Svíþjóðar og hefur nú skrifað bók um börnin meðvitundarlausu sem hún kallar Þyrnirósirnar. O'Sullivan segir helstu ráðgátuna við málið vera þá að það hafi þótt ráðgáta. Hún segir dá barnanna vera líkamleg einkenni sem eigi sér sálræna skýringu. Þau hafi flúið erfiðar aðstæður, mætt full vonar til Svíþjóðar en eftir langt og erfitt umsóknarferli, þar sem þau urðu oft að túlka fyrir foreldra sína og setja sig inn í málefni sem börnum er ekki ætlað að skilja, hafi þeim verið neitað um hæli.

Samkvæmt mælingum eru Þyrnirósirnar í Svíþjóð fullfrískar. Raunveruleikinn er þó annar. Sigurður Ingi Jóhannsson gæti krukkað í vísitölu neysluverðs uns mælingin sýndi fullfrískan efnahag. Það væri þó jafnárhrifaríkt og að stytta leiðina til Selfoss með því að lengja kílómetrans.

Það er til lækning við því sem Svíar hafa tekið að kalla „uppjafarheilkenni“. Hún er þó ekki í formi lyfjagjafar eða skurðaðgerðar. Hún er ekki einu sinni á valdi lækna. Hún er pólitísk. Það eina sem læknar „uppjafarheilkenni“ er hæli í Svíþjóð.

Hagstofan mælir breytingar á útgjöldum heimila með vísitölu neysluverðs. Niðurstaðan er gefin út bæði með og án húsnæðisliðarins. Hvernig brugðist er við niðurstöðum mælinganna, hvort þær liggi til dæmis til grundvallar lánakjörum á formi verðtryggingar, er hins vegar pólitísk ákvörðun.

Það er ekki Hagstofan sem sveiflar efnahagslífinu, ekki frekar en veðurfræðingar stýra veðrinu. Efnahagsbatinn er í verkahring Sigurðar Inga sjálfs. ■

MEGA VÍKA
1690 kr.

NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEDLI, EF ÞÚ SÆKIR

Sigurður Ingi Jóhannsson gæti krukkað í vísitölu neysluverðs uns mælingin sýndi fullfrískan efnahag.

Græn iðnbylting á Íslandi



Iðnþing 2022

Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 10. mars kl. 14–16

Iðnþingið verður að þessu sinni helgað brýnasta úrlausnarefni samtímans. Græn iðnbylting stendur nú yfir þar sem ríki heims hafa sammælt um að draga úr losun kolefnis. Íslensk stjórnvöld hafa sett metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi og notkun jarðefnaeldsneytis. Á þinginu verður rætt um græna nýsköpun og fjárfestingu, græna framleiðslu, græna mannvirkjagerð, græna orku og græna framtíð. Íslenskur iðnaður ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í loftslagsmálum enda til mikils að vinna fyrir umhverfið og samfélagið allt.



• **Árni Sigurjónsson**
formaður SI



• **Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra



• **Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri iðnaðar-
og hugverkasviðs SI



• **Edda Sif Pind Aradóttir**
framkvæmdastýra Carbfix



• **Karl Andreassen**
framkvæmdastjóri Ístaks



• **Álfheiður Ágústsdóttir**
forstjóri Elkem



• **Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



• **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðherra



• **Ingólfur Bender**
aðalhogfræðingur SI



• **Sæmundur Sæmundsson**
framkvæmdastjóri Eflu



• **María Stefánsdóttir**
umhverfissérfræðingur
hjá Mannviti



• **Hulda Hallgrímsdóttir**
gæðastjóri Össurar



• **Guðlaugur Þór Þórðarson**
umhverfis-, orku-
og loftslagsráðherra



• **Lárus M.K. Ólafsson**
viðskiptastjóri á iðnaðar-
og hugverkasviði SI



• **Auður Nanna Baldvinsdóttir**
framkvæmdastjóri Iðunn H2



• **Þorsteinn Víglundsson**
forstjóri Hornsteins



• **Margrét Gísladóttir**
sérfræðingur hagsýslu-
og samskiptasviðs MS

Skráning á si.is. Tekið verður mið af þáverandi
söttvarnarreglum hvað fjölda gesta í sal varðar.



Samtök
iðnaðarins

Ár grænnar iðnbyltingar 2022



LJÓŚLEIÐARINN



LJÓSLEIÐARINN

GERIR ALLT MÖGULEGT MÖGULEGT

VIÐ TÖKUM ÖLL ÞÁTT Í AÐ VEFA FRAMTÍÐINA

Enginn veit nákvæmlega hvernig hún verður. Nema að hún verður með ólíkindum. **Við verðum öll tilbúin með Ljósleiðaranum.**

Ljósleiðarinn byggir upp og rekur ljósleiðaranet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þessu neti ljósleiðaraþráða tryggir Ljósleiðarinn hraðan og öruggan aðgang að tækifærum framtíðarinnar. Þannig gerum við allt mögulegt mögulegt.

ÞJÓNUSTA ALLA LEIÐ

Ljósleiðarinn leggur áherslu á skjóta og örugga þjónustu. Þú byrjar á að hafa samband við þitt fjarskiptafélag og óska eftir tengingu við Ljósleiðarann. Í einni heimsókn eru þráðlaus tæki heimilisins tengd við **traust ljósleiðaranet** þar sem möguleikarnir eru endalausir.

GET ÉG TENGST LJÓSLEIÐARANUM?

Á ljosleidarinn.is getur þú slegið inn heimilisfangið þitt og séð hvort Ljósleiðarinn er kominn til þín. Netíð okkar vex og þéttist dag frá degi.

Miklu verra en hjá Moore

Varnarmaðurinn Meikayla Moore skoraði þrennu af sjálfsmörkum gegn Bandaríkjamönnum á SheBelives Cup í vikunni. Hún er þó ekki fyrsti leikmaðurinn sem verður fyrir því óláni að eiga slæman leik. Það hefur alveg áður gerst og mun gerast aftur. Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði verstu frammistöðu síðari ára.

benediktboas@frettabladid.is



Martin Palermo
gegn Kólumbíu 1999

Framherjinn stóri og stæðilegi var frábær fyrir framan mark andstæðinganna og skoraði í gríð og erg. Hann er jú markahæsti leikmaður í sögu Boca Juniors. Þegar hann var að byrja sinn landsliðsferil árið 1999 var Argentína að spila í Copa America gegn Kólumbíu. Palermo var í feikna-stuði með Boca og kom inn í landsliðshópinn í stað Gabriel Batistuta. Hann tók víti fyrir Boca og fannst ekki mikið mál þegar Argentína fékk víti snemma leiks. Palermo notaði kraftinn og þrumaði boltanum í slána og yfir. Í síðari hálfleik kom annað víti. Palermo sótti boltann og enn var þrumað en nú fór boltinn hátt yfir. Kólumbía var mun betri aðilinn og skoraði þrjú mörk en undir lok leiks dæmdi dómari enn eitt vítið. Og enn steig Palermo upp og vandaði sig að hitta allavega markið. Því miður var það varið. Ferill Palermo var alltaf lítaður af þessum klinkum en hann fékk upprisu þegar hann skaut Argentínu á HM 2010 og varð þjóðhetja.



Jonathan Woodgate
gegn Athletic Bilbao 2005

Woodgate var frábær varnarmaður þegar hann var heill og var keyptur til Real Madrid árið 2004. Hann spilaði þó ekki fyrr en ári síðar vegna meiðsla. Skokkaði inn á fyrir Ivan Helguera í september 2005. Og það gæti vel verið að þetta sé mögulega versta frumraun í sögu fótboldans, því hann fékk gult spjald skömmu fyrir hálfleik með svakalegri tæklingu. Skömmu eftir hálfleik skoraði hann svo sjálfsmark og fékk seinna gula á 65. mínútu. Svo því sé haldið til haga þá var seinna gula alveg fáránlegur dómur. Real reyndar vann leikinn 3-1.



David Luiz
gegn Þýskalandi á HM 2014

HM 2014 var haldið í Brasilíu og heimamenn ætluðu sér stóra hluti. Það gekk þó ekki því liðið tapaði eftirminnlega 7-1 fyrir Þjóðverjum þar sem David Luiz sýndi einhvern allra lélegasta varnarleik í nútímafótbolta. Luiz var fyrirlíði í leiknum og segja má að hann eigi sök í öllum mörkunum. Hverju einu og einasta. sem er afrek út af fyrir sig. Ekki nóg með að fyrirlíðinn hafi verið slakur í vörninni því hann virtist leika sér að því að senda á engan samherja fram völinn. Frammistaða sem enn er horft og hlegið að á YouTube.



Emmanuel Eboué
gegn Wigan 2008

Eboué spilaði lengst af með Arsenal eða frá 2005-2011. Það verður seint sagt að hann hafi verið vinsæll meðal stuðningsmanna og tímabilið 2008-2009 var sérstaklega slæmt. Í desember 2008 kom hann inn á gegn Wigan og átti skelfilegan leik. Missti boltann í tíma og ótíma og tæklaði meðal annars sinn eigin leikmann. Á endanum var Arsene Wenger nóg boðið og tók hann aftur útá. Stuðningsmenn Arsenal bauluðu á hann þegar hann gekk af velli. Arsenal vann reyndar leikinn 1-0 en Eboué sagði fyrir skömmu að hann hefði viljað hætta hjá Arsenal eftir þennan leik. Farið heim og grátið. En hætt við daginn eftir þegar stuðningsmenn komu og sögðu að þetta hefði verið aðeins lítil hluti af stuðningsmönnum og hann ætti ekki að hlusta á þá.



Loris Karius
gegn Real Madrid 2018

Real Madrid vann sinn þriðja Meistaradeildarbikar í röð árið 2018 þegar liðið vann Liverpool. Loris Karius markmanni Liverpool er yfirleitt kennt um tapið enda eiginlega gaf hann tvö mörk. Hann var búinn að halda markinu hreinu sex sinnum í röð fyrir leikinn en á 50. mínútu kastaði hann boltanum beint í Karim Benzema og boltinn rúllaði í röglegheitum inn. Sadio Mane jafnaði leikinn áður en Gareth Bale skoraði svo stórkostlegt mark til að koma Real aftur yfir. Bale tryggði svo Real sigurinn með öðru marki. Þá þrumaði hann að því er virðist beint á Karius sem missti boltann í gegnum hendurnar á sér og í netið. Einkunnarorð Liverpool eru You'll never walk alone, en félagið lét Karius svo sannarlega gangan einan í gegnum þennan storm og seldi hann korteri síðar.



Ársfundur 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 29. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Útsending frá fundinum verður aðgengileg sjóðfélögum í beinu streymi, nánari upplýsingar verða birtar á vef sjóðsins, www.live.is þegar nær dregur.

Dagskrá fundarins

- Venjuleg ársfundarstörf, dagskrárliðir skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins.
- Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- Kynning tryggingastærðfræðings, tryggingafræðileg staða sameignardeildar LV og áhrif hækkandi lífaldurs á réttindakerfi og samþykktir sjóðsins.
- Önnur mál.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund. Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða aðgengileg á vef lífeyrissjóðsins.

Reykjavík, 25. febrúar 2022
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

live.is

Ólíklegt að met Söru verði bætt

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Miðvörðurinn Glódís Perla Viggósdóttir og miðjumaðurinn Dagný Brynjarsdóttir náðu merkum áfanga í vikunni í 5-0 tapi kvennalandsliðsins gegn Bandaríkjunum. Þær urðu þá elleftu og tólfstu konurnar sem náðu 100 landsleikjum, tólf árum eftir að Katrín Jónsdóttir varð fyrst til að ná því.

Glódís er sú næst yngsta í sögunni í hundraðasta landsleik sínum, tæpum tveimur mánuðum eldri en Sara Björk Gunnarsdóttir var í hundraðasta landsleik sínum. Glódís var 26 ára, 7 mánaða og 27 daga gömul gegn Bandaríkjunum, en Sara var 26 ára, fimm mánaða og



Glódís Perla Viggósdóttir.

fjögurra daga gömul þegar hún lék hundraðasta landsleik sinn gegn Japan í mars 2017.

Frá því að Glódís lék fyrsta leik sinn fyrir kvennalandsliðið, þá rúmlega sautján ára gömul, hefur hún aðeins misst af átta leikjum af 108 leikjum kvennalandsliðsins á þessum tæpu tíu árum. ■

Hundrað leikja klúbburinn - dagsetning 100. leiks - aldur í 100. leik

Edda Garðarsdóttir (103) - 11.03.2013 gegn Kína - 33 ára, 7 mánaða og 27 daga

Rakel Hönnudóttir (103) - 08.10.2019 gegn Lettlandi - 30 ára, 9 mánaða og 9 daga

Þóra B. Helgadóttir (108) - 07.03.2014 gegn Noregi - 32 ára, 10 mánaða og 2 daga

Fannðis Friðriksdóttir (109) - 09.04.2019 gegn Suður-Kóreu - 28 ára, 11 mánaða

Hólmfríður Magnúsdóttir (113) - 26.10.2015 gegn Slóveníu - 31 árs, 1 mánaða og 6 daga

Dóra María Lárusdóttir (114) - 12.03.2014 gegn Svíþjóð - 28 ára, 7 mánaða og 19 daga

Hallbera Guðný Gísladóttir - (123) 27.02.2019 gegn Kanada - 32 ára, 5 mánaða og 13 daga

Margrét Lára Viðarsdóttir - (124) 22.09.2015 gegn Hvíta-Rússlandi - 29 ára, 1 mánaða og 28 daga

Katrín Jónsdóttir - (133) 22.06.2010 gegn Króatíu - 35 ára, 0 mánaða og 22 daga

Sara Björk Gunnarsdóttir - (136) 03.03.2017 gegn Japan - 26 ára, 5 mánaða og 4 daga



Starfsemi á árinu 2021

Sameignardeild

Ávöxtun 16,9%

Raunávöxtun 11,5% sameignardeild 5 ára 8,8%, 10 ára 7,6% og 20 ára 5,2%

Tryggingafræðileg staða 3,5%

10% hækkun áunninna lífeyrisréttinda

Sameignar- og séreignardeild

Eignir 1.201 milljarður

23 milljarðar í lífeyrisgreiðslur

22 þúsund lífeyrisþegar í árslok

48 þúsund greiddu til sjóðsins

Úr ársreikningi

Í milljónum króna	2021	2020
Ríkisskuldabréf	173.862	165.332
Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbr.	186.564	173.050
Önnur skuldabréf	51.877	48.000
Innlend hlutabréf	224.239	165.118
Innlent laust fé	12.855	12.153
Erlend hlutabréf	488.464	379.563
Aðrar erlendar eignir	35.334	47.016
Aðrar innlendar eignir	2.508	2.233
Innlendar skammtímaskuldir	1.111	924
Eignir séreignadeilda	26.539	21.688
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.201.131	1.013.229

Breytingar á hreinni eign sameignardeildar

Í milljónum króna	2021	2020
Iðgjöld	36.128	33.834
Lífeyrir	-22.207	-18.140
Fjárfestingartekjur	170.403	127.435
Rekstrarkostnaður	-1.272	-1.199
Breyting eigna	183.052	141.930
Eignir frá fyrra ári	991.540	849.610
Eign samtals	1.174.592	991.540

Kennitölur

	2021	2020
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,12%	0,13%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,4%	3,4%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	60,2%	53,3%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	35.854	35.697
Fjöldi lífeyrisþega	21.044	19.813
Stöðugildi	51,1	49,7
Ávöxtun Verðbréfaeilda	16,9%	14,7%
Hrein raunávöxtun Verðbréfaeilda	11,5%	10,8%
Ávöxtun Ævileiðar I	17,4%	15,4%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar I	12,0%	11,5%
Ávöxtun Ævileiðar II	10,7%	11,6%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar II	5,6%	7,8%
Ávöxtun Ævileiðar III	1,7%	5,4%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar III	-3,0%	1,8%

Stjórn

Jón Ólafur Halldórsson, formaður
Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður
Árni Stefánsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfssdóttir
Sigrún Helgadóttir

Framkvæmdastjóri


Guðmundur P. Þórhallsson

Lífeyrissjóðurinn tekur á móti iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda og greiðslum í séreignarsparnað. Sjóðurinn starfar í sameignardeild og séreignardeildum.


Sameignardeild greiðir sjóðfélögum ævilangan ellilífeyri frá starfslokum og áfallalífeyri sem örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignardeildir eru með fjórar ávöxtunarleiðir sem hafa mismunandi eignasamsetningu til að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli. Ávöxtun þeirra kemur fram í yfirliti yfir kennitölur.

Greiðslur til sameignar- og séreignardeildar í milljónum króna




Greiðslur úr sameignar- og séreignardeild í milljónum króna



Eignir

Heildareignir LV námu 1.201 milljarði í árslok samanborið við 1.013 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 188 milljörðum. Eignir sameignardeildar eru í vel dreifðu eignasafni sem leggur grunn að langtímaávöxtun.


Heildareignir samtals í milljörðum króna




Ávöxtun sameignardeildar og tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða var jákvæð um 3,5% í árslok 2021 en tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu 2021 kemur til vegna góðrar ávöxtunar, hækkunar áunninna lífeyrisréttinda um 10% og innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðsins. Nýju töflurnar gera ráð fyrir hækkandi lífaldri sjóðfélaga sem endurspeglar þá þróun sem hefur orðið undanfarna áratugi.

Árleg meðalraunávöxtun sameignardeildar




Tryggingafræðileg staða



Skipting eignasafns sameignardeildar í árslok

Heildareignir LV námu 1.201 milljarði í árslok samanborið við 1.013 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 188 milljörðum. Eignir sameignardeildar eru í vel dreifðu eignasafni sem leggur grunn að langtímaávöxtun.



Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is



BJORK@FRETABLADID.IS

Löglegt en siðlaust

Elisabet Ormslev segir í opinskáu viðtali í þessu tölublaði frá nánú sambandi sem hafði gríðarleg áhrif á líf hennar, allt frá því hún var í lokabekk grunnskóla þar til hún varð fullorðin kona. Sambandið var með 22 árum eldri karlmanni, hún var 16, hann 38 ára.

Samband þeirra var ekki ólöglegt enda er einstaklingum 15 ára og eldri leyfilegt að sofa hjá jafnöldrum sínum eða þeim sem eldri eru, með ákveðnum undantekningum um yfirmenn, trúnaðarmenn, leiðbeinendur og svo framvegis. Aftur á móti segir í hegningarlögum að hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára skuli sæta refsingu.

Þá er stóra spurningin hvornig meta megi blekkingu í slíku tilfalli. Sextán ára Elisabet hélt alla vega að hún væri búin að finna ástina á meðan maðurinn vissi að líkindum betur.

Reynsluleysi hennar og ungur aldur gerði henni illmögulegt að átta sig á valdaójafnvæginu og sú staðreynd að henni var gert að halda sambandinu leyndu, gerði það að verkum að ekki gat hún leitað ráða til sér lífsreynndari.

Kannski löglegt... en ansi siðlaust. ■



Sextán ára Elisabet hélt alla vega að hún væri búin að finna ástina á meðan maðurinn vissi að líkindum betur.



Félagarnir Jón Arnór og Baldur Björn skemmta í Húsi máls og menningar næstu sunnudaga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við höfum ákveðinn stíl

Félagarnir Jón Arnór og Baldur Björn hafa þrætt fyrir ungan aldur báðir farið með hlutverk á stærstu leiksviðum landsins og einbeita sér nú að því að semja og gefa út sína eigin tónlist sem hægt er að hlýða á, á morgun og alla sunnudaga í mars í Húsi máls og menningar.



Við tókum okkar eigin lög ásamt lögum eftir til dæmis Bruno Mars, Bubba, Avicii, HLH, Michael Jackson og Elton John svo eitthvað sé nefnt.

Húss máls og menningar, hafði samband við okkur og bauð okkur að halda nokkra tónleika hjá sér. Við stukkum auðvitað á það tækifæri úthvildir eftir Covid-pásu," segir Baldur og Jón Arnór bætir við að lagalistinn verði fjölbreyttur. „Við tókum okkar eigin lög ásamt lögum eftir til dæmis Bruno Mars, Bubba, Avicii, HLH, Michael Jackson og Elton John svo eitthvað sé nefnt.“

bjork@frettabladid.is

Við mælum með

Ég hleyp

Verkið Ég hleyp, sem var frumsýnt í Borgarleikhúsinu fyrir helgi, er byggt á sannri sögu um barnsmíssi og skrifað af danska leikskáldinu Line Mørkeby. Á sviðinu stendur Gísli Örn Garðarsson einn með hlaupabretti og fangið fullt af ólýsanlegri sorg sem hann miðlar til áhorfenda á magnaðan hátt. Frammistaða hans er ekkert annað en þrekvirkri þótt hann láti hana virka áreynslulitla.



Tasty borgurum

Í Skútuvegnum leynast einir bestu hamborgarar höfuðborgarsvæðisins. Hvort sem þú ert fyrir sveittan með beikoni, ostasósu eða rifnum svínaríkjum eða einfaldan með osti, lauk og gúrkum ættirðu að finna þinn borgara í úrvali 18 tegunda. Vegan borgarinn hittir í mark fyrir veganista sem vilja samt fá alvöru börger ekki bara buff í kálblaði. Einfalt er að panta á netinu og sækja á tasty.is. ■



Þeir Jón Arnór Pétursson og Baldur Björn Arnarsson hófu að semja og gefa út eigin tónlist á síðasta ári og hafa leikið hana víða um land, en Jón Arnór spilar á gítar og Baldur á munnhórpu. „Við erum báðir að mestu sjálfærðir í að spila. Þetta lærist með að fíkta sig áfram og með því að skoða til dæmis myndbönd á YouTube,“ segir Jón Arnór.

Báðir eru þeir þó vanir söngvarar enda kynntust þeir í Sönglist árið 2017. „Eftir einn tímann gekk ég einfaldlega upp að Jóni Arnóri og spurði hann hvort vildi vera vinur minn. Við fengum að leika saman og mynduðum góða vináttu sem er enn í dag,“ segir Baldur en þeir félagar eru aðeins 14 og 15 ára.

Hafa tekið upp þrjú lög

Saman hafa þeir samið nokkur lög og þrjú þeirra hafa verið tekin upp í hljóðveri. „Þau hafa svo verið gefin út á Spotify. Ferlið er yfirleitt

þannig að annar okkar kemur með grunnhugmynd, síðan köstum við hugmyndum á milli og fyllum inn í þangað til við erum komnir með lag og texta,“ segir Jón Arnór, en aðspurðir segjast þeir sjálfir hlusta á alls konar tónlist, innlenda og erlenda og allt frá 80's tónlist og upp í það vinsælasta í dag.

Eins hafa þeir gaman af því að taka lög sem þeim finnast skemmtileg og setja í þann búning sem hentar þeim best. „Við höfum ákveðinn stíl og viljum halda honum,“ segja þeir ákveðnir.

Á morgun, sunnudag, verða fyrstu tónleikar félaganna í Húsi máls og menningar klukkan 16, en fyrirhugað er að þeir leiki þar alla sunnudaga í mars. „Garðar, eigandi

Með reynslu af stóra sviðinu

Þrætt fyrir ungan aldur hafa strákarnir mikla reynslu á sviði tón- og leiklistar en báðir léku þeir í söngleiknum Matthildi í Borgarleikhúsinu. Baldur Björn lék svo litla Bubba í uppsetningu Borgarleikhússins á 9 lífum og Jón Arnór lék Tomma í uppsetningu Þjóðleikhússins á Kardemommubænum.

Aðspurðir hvort stóri draumurinn sé að verða leikari svarar Baldur: „Ég er ekki búinn að ákveða það. Stóri draumurinn er að verða annað hvort leikari eða söngvari, helst bæði,“ og Jón Arnór bætir við: „Það væri gaman að vinna eitthvað við tónlist og leiklist í framtíðinni en það er líka margt annað sem kemur til greina.“

Félagarnir lofa góðri skemmtun á morgun og næstu sunnudaga og segja tilvalið fyrir foreldra að kíkja með börnin og eiga góða stund í kaffihúsaðstæmingu, miðar eru fánlegir á tix.is. ■

Í vikulokin

Átök í stórum og litlum málum



Ólafur Arnarson

Ómurlegt er að fylgjast með stríðs-átökum í Úkraínu og yfirgangi Rússa á þessum slóðum. Spyrja má hvort þetta hafi verið nauðsynlegt. Rússar stefna friði í tvísýnu vegna hagsmuna sem virðast ekki vera nægilega miklir til að réttlæta stríð.

Ætla þjóðir heims aldrei að læra af sögunni?

Þessi átök trufla efnahagslífið hér hjá okkur í dvergrikinu Íslandi. Hrávöruverð hækkar í heiminum, ekki sist olía. Virkar það sem hvati til að setja kraft í virkjanir og rafmagns-

framleiðslu sem hefði þurft að hefjast handa um á síðasta kjörtímabili en var ekki gert vegna andstöðu Vinstri grænna.

Einnig er viðbúið að einhverjar truflanir verði í sölu á útflutningsafurðum okkar Íslendinga og óvíst er á þessari stundu hvort stríðsrekstur Rússa setur ferðaáform fólks í heiminum í uppnám.

Okkur finnst þetta vera langt í burtu frá okkur en þó mun áhrifa gæta hér. Bandaríkin, ESB og Bretland eru í fararbroddi efnahagslegra

refsiaðgerða gegn Rússum. Aðgerðirnar beinast að fjármálastarfsemi Rússa og tilgangur þeirra er að laska efnahag Rússlands.

Gangi það eftir mun kaupmáttur almennings í landinu minnka og þar með geta til að kaupa innfluttar vörur. Þó að viðskiptabann Rússa á Ísland frá 2014 sé enn í gildi, fer enn talsvert magn sjávarafurða á Rússlandsmarkað. Íslenskt sjávarfang er selt til Úkraínu, Hvíta-Rússlands og Litáen. Þar er það unnið og selt áfram til Rússlands. Úkraína lokast



Ætla þjóðir heims aldrei að læra af sögunni?

líkast til strax vegna innrásar Rússa. Það hefur áhrif á hag íslenskra útflutningsfyrirtækja.

Hér heima í sandkassanum á Íslandi skortir ekki átakamál. Barist er með kjafti og klóm um formennskuna í KSÍ, slagur er um leiðtogahlutverk minnihlutans í Reykjavík og margir vilja verða sveitarstjórnarmenn á ýmsum stöðum eða borgarfulltrúar nokkurra flokka í borginni.

Átökin eru alls staðar – jafnt í risamálum sem smámálum. ■

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16





Elisabet kynntist umræddum tónlistarmanni þegar hún tók viðtal við hann sem hluta af lokaverkefni hennar úr grunnskóla. Eftir viðtalið bauðst hann til að aka henni heim og fyrir utan heimili foreldra hennar kyssti hann hana í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Ég var bara í hlekkjum



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Söngkonan Elisabet Ormslev vakti athygli á Twitter í vikunni þar sem hún opnaði sig um samband sitt við tónlistarmann sem hófst þegar hún var aðeins 16 ára en hann 38 ára. Það sem fékk Elisabetu til að opna sig um málið eru ítrekaðar komur hans fyrir utan heimili hennar sem vakið hafa hjá henni óhug.

Ég póstaði á Twitter að umræddur maður hefði haldið mér í heljargreipum frá fyrsta ári í menntaskóla.“ Elisabet segir að á þeim tímamarki hafi sambandið verið orðið þráhyggjukennt en það hafi þó hafist fyrr, áður en hún útskrifaðist úr grunnskóla.

„Ég tók viðtal við hann og annan kollega úr tónlistinni sem hluta útskriftarverkefnis úr grunnskóla,“ rifjar Elisabet upp aðspurð um upphaf sambands sem átti eftir að halda henni í heljargreipum næsta áratuginn.

Í kjölfar sendinganna fara þau að spjalla í gegnum Facebook. „Hann segir síðar að hann hafi ekki vitað hversu ung ég var, en fæðingarár mitt var alltaf skráð á Facebook. Það er heldur ekki erfitt að komast að því,“ segir Elisabet sem eins og fyrr segir tekur viðtalið sem hluta af útskriftarverkefni úr grunnskóla svo aldurinn var þar uppi á borðum.

Hafði aldrei átt kærasta

Hún lýsir því að athyglin sem hún fékk þarna, 16 ára gömul, hafi kitlað.

„Ég hafði aldrei átt kærasta en vinkonur mínar höfðu aðeins verið að slá sér upp með jafnöldrum okkar. Ég varð rosalega upp með mér yfir því að maður sem var þekktur og hvað þá í tónlist, sem var eitthvað sem mig langaði að fara út í, sýndi mér áhuga.“

Elisabet rifjar upp að hann hafi boðist til að skutla henni heim eftir að hún tók viðtalið fyrir lokaverkefnið. „Þegar ég hugsa til baka þá er þetta svakalega óvæðandi því hann býður mér upp á is, skutlar mér svo heim og kyssir mig fyrir utan heimili mitt.“

Elisabet sem þarna var 16 ára bjó enn hjá móður sinni, söngkonunni Helgu Möller, og hann, sem var 38 ára, starfaði sem tónlistarmaður. „Hann virtist ekkert kippa sér sérstaklega upp við aldursmuninn,“ segir Elisabet sem var spennt yfir kossinum en sagði þó engum frá honum á þessum tímamarki.

Um sumarið starfaði Elisabet í verslun í miðbænum og fór gjarnan heim til hans eftir vinnu. „Hann var enn að drekka á þessum tíma og ég fór einu sinni niður í bæ með honum að hitta vini hans, kollega mína í dag. Ég veit alveg að þeim fannst þetta skritið en enginn sagði þó neitt. Þeir vissu alveg hvað ég var gömul en hann náði að sannfæra þá eins og mig um að þetta væri saklaust.“

Laug á hverjum degi

Elisabet segir leynimakkið hafa byrjað strax, hún hafi verið rísa stórt leyndarmál. „Þar af leiðandi hófust jafnframt lygnar. Hann bjó einn og var nýhættur með kærustu sinni.“ Eðli málsins samkvæmt þurfti hann ekki að svara neinum um hvað hann væri að gera eða með hverjum, annað en hin 16 ára Elisabet.

„Á hverjum einasta degi þurfti ég að ljúga að einhverjum,“ segir Elisabet sem einangraðist mikið frá vinum. „Vinahópurinn var vanur að hanga mikið saman en allt í einu hvarf ég. Ég laug að foreldrum mínum og vinkonum og fann alltaf nýjar afsakanir.“

Elisabet var með 9,3 í meðaleinkun úr grunnskóla og segist hafa flogið inn í Verslunarskólann. Þar hafi gamall draumur ræst en mjög fljótt farið að halla undan fæti.

„Ég var alltaf góður námsmaður en í Versló hafði ég ekkert athyglispan til að stunda námið. Ég fór að skröpa til að fara heim til hans og hann sótti mig í skólann á morgnana,“ útskýrir Elisabet en hann vann mest á kvöldin og var í fríi á daginn.

„Ég fór að falla í prófum enda fékk ég mig ekki til að læra undir þau, þetta var of spennandi og átti hug minn allan.“

Elisabet segir rauðu flögginn

snemma hafa birst og margir hafi varað hana við því að hann ætti við áfengisvandamál að stríða.

„Afneitunin kom snemma upp hjá mér og þótt hann væri íðulega þunnur þegar ég kom til hans afsakandi ég það með því að hann hefði bara verið að skemmta sér kvöldið áður.“

Mamma reyndi að tala við hann

Foreldrar Elisabetar fóru að hafa áhyggjur þegar illa var farið að ganga í náminu. „Þegar ég skildi eitt sinn símann minn eftir á meðan ég stökk út í búð, fann mamma skilaboð okkar á milli. Hún titraði af reiði þegar ég kom til baka. Ég skildi alveg að hún sýndi þessu ekki skilning, en ekki að hún væri svona rosalega reið. Hún reyndi að leita leiða til að kæra hann og langaði helst að drepa hann,“ lýsir Elisabet og segir viðbrögð föður hennar hafa verið á svipuðum nótum. „Mamma reyndi svo að tala við manninn sem lofaði öllu fögru sem ekki gekk eftir.“

Elisabet segist hafa upplifað að foreldrar sínir væru eða eyðileggja fyrir sér enda hafi hún haldið að hún væri búin að finna manninn sinn. Hún hafi því farið í uppreisn gegn þeim.

„Ég fer að ljúga meira, vera varkárari og búa til fjarvistarsannanir til þess að geta hitt hann.“

EKKI reyndist hægt að kæra manninn enda Elisabet orðin 16 ára. Sjálf segist hún í dag ekki skilja hvernig slíkt samband geti verið löglegt.

„Hvernig á 16 ára barn að hafa þroska og vitsmuni til að geta greint hvort þetta sé rétt eða séð stóru myndina, hversu mikið þetta getur skaðað?“

Þroskuð miðað við aldur

Með manninum stundaði Elisabet kynlíf í fyrsta sinn. „Þar komum við einmitt að þessu valdaójafnvægi. Hann hafði verið í fjölda sambanda og gengið í gegnum svo margt. Ég vissi ekki hvernig það væri að vera í ástarsambandi og hafði í raun ekkert til að miða við og hélt því að framkoma hans við mig væri eðlileg. Hann til dæmis sagði snemma við mig að hann langaði ekki að fara aftur í samband en það þýddi þó ekki að hann vildi sleppa mér. Ég tálkaði það þannig að hann



Ég get alveg sagt það í dag, þetta var engin andskotans ást, þótt ég hafi haldið það á sínum tíma.

vildi mig en vildi bara ekki opinbera það strax því ég væri svo ung. Hann sagði að það mætti enginn komast að þessu vegna aldurs míns því hann yrði þá dæmdur og myndi mögulega missa vinnuna. Ég var því snemma sett í það hlutverk að passa upp á hann,“ segir Elisabet sem gætti leyndarmáls þeirra vel.

„Alla tíð hef ég fengið að heyrna að ég sé þroskuð miðað við aldur. Í þessum aðstæðum er þessi setning stórhættuleg. Því þarna heyrði ég: „Þú ert fullorðinslegri en jafnaldrar þínir, svo þú getur alveg verið með eldri manni.“ Mér fannst það hrós. Þetta kveikti á þeirri tilfinningu að ég væri fullorðin enda væri ég ekki með strák heldur með manni.“

Mátti ekki gera athugasemdir

„Hann hætti að drekka seinni hluta ársins sem sambandið hófst. Ég hafði aldrei séð vesnið en komst að því að hann hefði líka verið í einhverjum efnum. Ég sá það aldrei, ég var náttúrulega bara með blöðkur fyrir augunum. Hann sagði að ég hefði verið ein ástæðnanna fyrir því að hann hætti að drekka. En hann hafði líka eyðilagt milljón ástarsambönd með drykkju og framhjáhaldi.“

Hann var mikið að umgangast og hitta fyrrverandi kærustu sína sem hann hafði hætt með rétt áður en hann kynntist mér,“ segir Elisabet og bætir við að hann hafi æst sig upp úr öllu valdi ef hún vogaði sér að gera athugasemdir við það.

„Þar byrjaði þessi heift og reiði. Þessi rifrildi sem svo stigmögnuðust með hverju árinu sem leið. Ég reyndi að standa uppi í hárinu á honum en hann náði alltaf að drekkja mér. Svo notaði hann reynsluleysi >>



Á hverjum einasta degi þurfti ég að ljúga að einhverjum.

Tilboð í febrúar

Innifalið í tilboði:

Grafskrift, lukt, vasi og fuglar, blómarammi, jarðvegsdúkur og hvít mól.

Litur steina að eigin vali - sjá heimasíðu.

Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina fram á sumar ef óskað er.

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.



TILBOÐ Nr 1 (ljósmynd)

Stærðir: sökkull 120x30 steinn 57x77

Sett eins og á mynd - 540.000

án blómaramma - 440.000



TILBOÐ Nr 2

Stærðir: sökkull 80x35 steinn 50x60

Hægt að setja 2 nöfn

Sett eins og á mynd 360.000



TILBOÐ Nr 3

Stærðir: sökkull 130x30 steinn 60x100

Sett eins og á mynd - 615.000

án blómaramma - 515.000

» mitt gegn mér. Sagði: „Þú hefur aldrei áður verið í ástarsambandi.“ Hann vissi hvað ég var reynslulaus og notaði það gegn mér til þess að geta gert ákveðna hluti.“

Lagið Elisabet

Hann byrjar svo aftur með tédri fyrrverandi kærustu. „Ég var náttúrulega bara miður mín í ástarsorg en hann hélt áfram að senda mér skilaboð og endar svo á að fara að hitta mig á bak við hana. Það eru margar stórar eftirsjár í þessu ferli og þetta er ein þeirra. Að hann hafi náð að sannfæra mig um að það væri í raun allt í lagi að hann hitti mig á daginn á meðan hún var í vinnunni. Svo bara skutlaði hann mér heim og fór og sótti hana. Mig hefur alltaf langað að biðja hana afsökunar síðan þetta allt rann upp fyrir mér.“

Elisabet segir hann hafa gert lítið úr því sambandi og hún hafi trúað því að hún þyrfti bara að biðja aðeins, þá kæmi hann aftur til hennar.

„Þau hættu svo saman enda komst hún að því að hann væri líka að hitta mig,“ segir Elisabet en á meðan hann var enn í hinu sambandinu kom út lag með honum.

„Þegar ég var 17 ára samdi hann til mín þetta lag og sendi mér það þegar ég hafði lokað á hann eftir eitt rifrildi. Ég auðvitað bara bráðnaði og fannst þetta krúttlegt,“ segir Elisabet en titill lagsins er nafnið hennar og textinn á vel við lýsingar hennar á sambandinu.

Árið eftir, eða 2011, kom lagið svo út en Elisabet segist hafa verið alfarið á móti því. „Ég benti honum á að bransinn væri búinn að frétta af sambandinu og myndi gera tenginguna,“ segir hún og bætir við að fjölmargir hafi gert það. „En það vissi enginn hversu alvarlegt þetta var enda töluðum við hvorugt um sambandið við neinn. Ég bæði vildi passa upp á hann og skammaðist mín fyrir að setta mig við allan þennan skít og þessa vitleysu.“

Sambandið var stundum glöppótt en alltaf kom það upp aftur og aftur. „Á þessum tíma var ég farin að heyra sögur um að hann væri að sofa hjá öðrum konum en hann náði alltaf að sannfæra mig um að það væri allt í lagi, því við værum ekki þar. Hann sagði að ég skildi þetta ekki vegna reynsluleysis míns og aldurs.“

Dramatísk rifrildi og sáttir

Elisabet lýsir rifrildunum og sáttunum í framhaldi sem ávanabindandi. „Eftir rifrildin var algjört frost. Hann blokkaði öll samskipti, númerið mitt og alla samfélagsmiðla svo ég gæti ekki náð í hann. Þannig hélt hann mér. Það helltist yfir mig örvænting í hvert sinn og hann fór að nota sér þetta. Ég þurfti þá að biðjast afsökunar og bakka með allt mitt þó að ég hefði allan rétt til að vera reið eða sár. Stundum sendi hann mér skilaboð þar sem hann ýjaði að því að hann ætlaði að svipta sig lífi og slökkti svo á símanum til að gera mig hrædda. Eitt sinn hringdi ég meira að segja á lögregluna í kjölfar slíkra skilaboða sem svo mætti heim til hans og hann varð svo snælduvitlaus við mig yfir því.“

Innst inni segist hún hafa vitað að framkoma hans væri ekki edlileg. „Ég var bara í hlekkjum. Hann náði alltaf að tæla mig upp á nýtt með því að segja fallegustu hluti í heiminum. Þetta var víthringur sem endurtók sig í mörg ár.“

Ég varð skel af manneskju

Hann hætti með kærustunni en Elisabet hélt áfram að heyra sögur af öðrum konum sem hann alltaf þrætti fyrir. „Þarna er ég enn alltaf að ljúga. Að ljúga á hverjum einasta degi er mannskemmaði og slitandi. Ég varð skel af manneskju. Ég var ekki að upplifa sömu hluti og jafnaldrar mínir. Ég hætti í skóla og enginn skildi hvað hefði orðið um þennan frábæra námsmann,“ segir Elisabet sem var þá búin að



Elisabet býr í dag með barnsföður sínum og tveggja mánaða gömlum syni þeirra auk þess að eiga stjúpdóttur. Hún hélt að hún hefði náð að loka á manninn og gæti haldið áfram þegar maðurinn mætti fyrir utan hús þeirra.



Þegar ég hringdi í hann og sagði honum fréttirnar var það fyrsta sem kom frá honum: „Ætlaðu ekki örugglega í föstureyðingu?“

sannfæra sjálfa sig um að hún væri hreinlega orðin heimsk.

Elisabet segir lyngarnar hafa þróast yfir í lygasyki. „Ég laug svo mikið út af þessu að ég fór að ljúga öllu öðru líka. Ég missti vinnu, ég missti vini, allt út af lygum enda var hugsun mín brengluð.“

Elisabet segir vonina hafa legið í orðum hans: „Ef ég færi aftur í samband þá væri það með þér.“ „Það gef mér veika von um að við myndum enda saman. Hann gat bæði látið mér líða sem ég væri eina konan í heiminum eða að ég væri einskis virði, oftast hið síðara. Þetta var eins og heróín. Ég varð að fá fixið mitt og hann líka. Þetta var bara þráhyggja, þetta var aldrei ást. Ég get alveg sagt það í dag, þetta var engin andskotans ást, þótt ég hafi haldið það á sínum tíma.“

Logandi hrædd við karlmenn

Elisabet sleit ítrekað sambandinu sem varði í yfir áratug í einhverri mynd. „Þá reyndi ég að opna fyrir eitthvað annað en það var enginn séns. Ég var alveg með öðrum

mönnum en það var bara til að fá viðurkenningu, svo ég var bara að vanvirða líkama minn og sjálfa mig. Ég gaf engum séns,“ segir Elisabet og bætir við að margir hafi furðað sig á því að hún væri aldrei í sambandi við karlmenn.

Elisabet og Sindri, sambýllismaður hennar og barnsfaðir, tóku saman fyrir einu og hálfu ári en höfðu kynnst mörgum árum fyrir.

„Ég var logandi hrædd við karlmenn og vildi ekki sjá samband við þá. En það gerðist eitthvað varðandi hjarta mitt árið 2020. Ég veit ekki hvort það var Covid-einangrunin,“ segir Elisabet og hlær. „En ég man eftir augnablikinu þegar ég fann að mig langaði bæði að taka á móti og gefa af mér. Um leið og ég kynntist Sindra fann ég að hann var allt sem ég bað um.“

Á meðan Elisabet var föst í sjúku sambandi hafði hún sannfært sig um annað.

„Ég hélt að þetta yrði líf mitt, þar til hann myndi drepast. Ég myndi aldrei eignast börn, aldrei gifta mig né eiga vinafólk til að fara í mat til eða bjóða í mat. Ég myndi aldrei búa með honum, aldrei halda heimili né eiga maka til að deila lífi mínu með.“

Ástin opnaði augun

Elisabet segir sambandið við Sindra, sem hófst árið 2020, hafa opnað augu hennar endanlega fyrir því í hversu sjúkum samskiptum hún hafði verið, rúman áratuginn á undan. „Ég skildi ekki að hann kom fram við mig eins og ég væri drottning alheimsins og það væri engin önnur en ég.“

Elisabet fór að sækja Al-Anon fundi árið 2015 en foreldrar hennar höfðu áður sent hana á fundi með sálfræðingum. „Ég var þá enn að vona að þetta yrði einhvern tíma edlilegt og fallett eins og allir í kringum mig voru að upplifa. Ég horfði á aðra eignast kærasta, útskrifast úr menntaskóla, ég fékk það aldrei. Hann vildi ekki kynna mig fyrir foreldrum sínum og ég náttúrulega var ekkert að koma með hann heim til mín þar sem allir hötuðu hann. Ég syrgði þetta allt lengi og sagði það við hann: „Þú ert búinn að ræna mig svo mörgu sem allir í kringum mig – og þú sjálfur – upplifðu.“ En hann hélt samt alltaf áfram.“

Elisabet segir erfiðar tilfinningar hafa fylgt því þegar vinir hennar útskrifuðust úr menntaskóla. „Ég var orðin föröunarfræðingur og málaði nokkrar vinkonur mínar fyrir stóra daginn en var sjálf ekki að útskrifast, það var svo vont.“

Varð barnshafandi

Sama ár og Elisabet byrjaði að sækja Al-Anon fundi, 2015, komst hún að því að hún væri barnshafandi.

„Ég uppgötvaði það ekki fyrir en ég var komin átta vikur á leið. Þegar ég hringdi í hann og sagði honum fréttirnar var það fyrsta sem kom frá honum: „Ætlaðu ekki örugglega í föstureyðingu?“ Það var allur stuðningurinn,“ segir Elisabet sem lýsir áfallinu sem hún var í og hvernig hún hafi farið ein í gegnum erfitt þungunarrof.

„Þarna var ég þó orðin meðvitund um að þetta yrði ekki maðurinn



Lögreglan sagðist ekkert geta gert nema ég væri með myndband eða myndir.

minn og ég ætlaði ekki að eignast barn með honum. En ég náði þó ekki að losa mig fyrir en löngu síðar.“

Al-Anon reyndist hjálplegt í sjálfsvinnunni. „Þetta hélt samt eitthvað áfram og ég á þínu erfitt með að útskýra hvers vegna sjálf. Hann hafði bara tök á mér. Ég hafði alist upp í þessu sambandi og talaði ekki við neinn.“

Í dag sækir Elisabet jafnframt sál-gæsluadstod. „Þar læri ég að stjórna betur viðbrögðum sem ég hef lært í gegnum tíðina. Triggerarnir sem ég hef þróað með mér í gegnum þetta eru endalausir og ég sé það betur í nýju sambandi. Ég er heppin að eiga nú skilningsríkan mann sem sýnir mér að ég eigi rétt á mínum tilfinningum. Það átti ég ekki áður. Ég mátti ekki gráta, ef ég gerði það öskraði hann bara herra eða skelli á mig. Hann skildi mig þannig alltaf eftir eina grátandi.“

Mætir fyrir utan heimili hennar

Það var í vikunni sem Elisabet ákvað að segja í fyrsta sinn þessa sögu. „Það var þegar ég sá hann hér fyrir utan heimili mitt,“ segir hún en fyrir tveimur vikum flutti hún í nýja íbúð ásamt sambýlismanni sínum, barni þeirra og stjúpdóttur Elísabetar. Hún er ekki skráð til heimilis á nýja staðnum og segir það hafa komið sér í opna skjöldu þegar hún sá manninn fyrir utan heimili sitt þótt það sé hegðun sem hann hafi stundað í langan tíma.

„Fyrst gerði hann það ef ég svaraði honum ekki í síma eftir rifrildi. Þá mætti hann fyrir utan heima, steig á bensingjöfina í park til að láta vita: „Ég er hérna!“ Eða hann gaf í og keyrði hratt í burtu. Ég veit ekki hvaða hugsun var á bak við þetta hjá honum en mér leið eins og skilaboðin væru: „Ég er ekki að fara neitt,“ eða „Ég veit að þú ert heima.“

Þetta hefur hann gert á fimm stöðum sem ég hef búið á í gegnum tíðina,“ segir Elisabet sem er aðeins nýflutt úr foreldrahúsum. „Ég spottaði hann þrisvar þegar ég bjó síðast hjá mömmu í Mosfellsbænum. Það var eftir að ég kynntist Sindra og var búin að biðja hann að láta mig alveg í friði. Ég var farin að sjá hversu ógeðslegur hann hafði verið við mig og vildi aldrei tala við hann né sjá aftur,“ segir Elisabet og bætir við að þrátt fyrir að hún hafi blokkað hann á öllum samfélagsmiðlum hafi hún staðfestingu á að hann hafi fylgst með henni í gegnum aðra aðganga.


„Lögreglan sagðist ekkert geta gert nema ég væri með myndband eða myndir. Ég var því ákveðin í að taka hann upp sem ég gerði nú síðast og brotnaði niður í framhaldi. Ég hélt að þetta væri allt saman búið,“ segir Elisabet og það er augljóst að frásögnin tekur á. „Við vorum búin að búa hérna í tvær vikur, sonur minn er tveggja mánaða og ég í fæðingarorlofi og alltaf heima. Mér datt ekki í hug að þetta yrði fimmti staðurinn sem hann kæmi á.“

Aðspurð segist Elisabet ekki óttast viðbrögð hans í þetta sinn.

„Meðvirkni mín og þolinmæði er gjörsamlega á þrotum. Ég hef oft hugsað um að segja mína sögu en alltaf fundið ástæðu til að gera það ekki. En núna fékk ég nóg. Hann er ekki bara að mæta fyrir utan hjá mér heldur á ég núna mann og börn. Eiga börnin mín að alast upp við að mamma eigi eltihrelli sem er með hana á heilanum? Nei,“ segir Elisabet ákveðin og óhrædd. ■



Elín Hansdóttir & Úlfur Hansson *Ad Infinitum*
14.1.2022—27.03.2022



Santiago Mostyn *Ø8-18 (Past Perfect)*
14.1.2022—27.03.2022

Í störfum Ragnars Jónssonar lögreglumanns líkir raunveruleikinn eftir skáldskapnum og skáldskapurinn eftir raunveruleikanum. Á daginn er hann rannsóknarlögreglu- maður, sérhæfur í greiningu blóðferla. En hann brennur líka fyrir skáldskap, er handritshöfundur fyrir sjónvarp og meðframleiðandi heimildarþátta um glæpasögur.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég var búinn að vera með þessa hugmynd í mörg ár. Þegar ég var unglingur byrjaði ég að lesa enskar vasabækur, en þá voru það helst glæpasögur frá Bandaríkjunum og Bretlandi,“ segir hann um nýju heimildarþættina *Morð í norðri*, þar sem hann er einn framleið- enda. Þættirnir hófu göngu sína í vikunni, eru sýndir á Sjónvarpi Símans og taka fyrir tíu glæpa- sagnahöfunda sem skrifa inn í nor- ræna glæpasagnaformið sem notið hefur mikilla vinsælda síðasta ára- tug. Framleiðendur ferðuðust um Norðurlöndin, sóttu höfundana heim, kynntust þeim betur og tóku fyrir sköpunarferli og innblástur.

„Ég er mikill áhugamaður um þetta, búinn að starfa í lögreglunni í þrjátíu og eitt ár og er svolítið vand- fýsinn á góðar glæpasögur,“ segir Ragnar.

Galdurinn í glæpasögnum

Það má kannski orða það þannig að Ragnar hafi nálgast bókmennta- formið með huga rannsóknar- lögreglumannsins. Hann segist hafa farið að velta vöngum yfir því hvernig sögurnar urðu til. „Ég hugsaði: Af hverju er enginn búinn að taka það sérstaklega: Af hverju er þetta nordic noir svona vinsælt? Hver er galdurinn á bak við þetta?“

Ragnar segist hafa tekið vel eftir því á ferðalögum fyrir þættina *Morð í norðri* að sama tóns hafi gætt hjá flestum höfundum. „Það er svo mikil sálfræði á bak við þessar nor- rænu sögur. Fjölskyldudrama eða hefnd á móti þessum bandarísku sögum eða bresku, sem fjalla um glæpasamtök eða njósnir,“ segir hann. Þannig megi túlka að nor- ræna glæpasagan hafi húmanísk- ari nálgun. „Já, í þeim er kafað svo miklu dýpra í mannlegan breyskleika. Oftast eru okkar fáu hryllilegu glæpir mannlegur harmleikur.“

Ragnar er einn handritshöfunda *Svörtu sanda*, glæpaþátta í leik- stjórni Baldvins Z sem frumsýndir voru um jólin. Hann segir norrænu



Ragnar byrjaði að lesa glæpasögur þegar hann var á unglingsaldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mannlegur harmleikur í norrænum morðum



Í þeim er kafað svo miklu dýpra í mann- legan breyskleika. Oftast eru okkar fáu hryllilegu glæpir mannlegur harm- leikur.

sérkennin einnig birtast í sjón- varpi og kvikmyndum. „Við erum á allt öðrum og áhugaverðari stað. Dýpt karakters, eins og við gerðum í *Svörtu söndum* líka, við ákváðum að fara á móti norminu og gera flóka karaktersköpun og sögu.“ Þá segir Ragnar fyrstu þættina í *Svörtu söndum* ekki hafa snúist um sjálfan líkfundinn heldur fólkið sem vann við rannsóknina á fundinum.

Ádeila sem nær yfir landamæri

Aðspurður hvaða höfund Ragnar þótti skemmtilegast að hitta, við framleiðsluna á *Morði í norðri*, svarar hann að heimsóknin til sænska höfundarins Lars Kepler hafi staðið upp úr. Lars Kepler er nefnilega höf- undarnafn hjónanna Alexöndru og Alexanders Ahndoril sem búsett eru í Svíþjóð. „Það eru hjón sem eru söluhæstu glæpasagnahöfundar

Svíþjóðar. Þau eru komin framar en Stieg Larson,“ útskýrir Ragnar. „Þeim finnst alveg hryllilegt það sem ég geri dagsdaglega í vinnunni minni, en þau eru samt drepanði fólk á hryllilegan hátt í sínum sögum,“ segir Ragnar kíminn.

Ragnar fór þó ekki með í allar ferðirnar, vegna skuldbindinga í lög- reglustörfum hér á landi. Hann seg- ist þó gjarnan hafa viljað hitta hinn danska Jussi Adler-Olsen. „Olsen var bráðskemmtilegur. Ég hefði svo endilega viljað hitta hann. Hann er með tengiliði innan lögreglunnar í Danmörku og þess vegna nenni ég að lesa bækurnar hans. Það er svo margt rétt hjá honum, eins og ádeila á strúktúrinn í lögreglunni sem ég gæti nánast heimfært hingað heim. Það er valdabarátta, slagur um peninga og fjármagn,“ segir Ragnar. „Stundum heldur maður að maður



Ég er alls ekki besti maður í heimi til að sitja með og horfa á svona efni, ég hef svo litla þolinmæði ef þetta er ekki vel gert.

sé einn í heiminum, þegar maður er óánægður með eitthvað, en svo eru bara sömu vandamál alls staðar.“

Saknar sérfragsins úr sögunum

Aðspurður hvað stingi hann mest, þegar kemur að útfærslu á lögreglu- störfum í skáldskap, svarar hann: „Ohh, það eru náttúrulega vett- vangsrannsóknir. Það þykir alls ekki sex í bíó að láta hlífðarbúnað eða fatnað á lögregluna. En þeir eru valsandi um í jakkafötum með kon- urnar stífmálaðar á háum hælum að nota efni sem eru mjög skadleg, sporandi úti um allt.“

Hann nefnir þó að breskt sjón- varpsefni komi best út í þeim efnum. „Það er helst að þeir hafi fullt af aukaleikum sem eru í svona fatnaði, allt í kring.“

Ragnar nefnir einnig samtöl. „Handritin eru oft skrifuð af fólki sem hefur enga innsýn eða þekk- ingu í lögreglukúltúr, hvernig við tölum og komum fram. Yfirheyrslu- senur eru líka oft stífar og kjánaleg- ar. Ég er alls ekki besti maður í heimi til að sitja með og horfa á svona efni, ég hef svo litla þolinmæði ef þetta er ekki vel gert.“

En þekkest óplægður akur í íslenskum glæpasagnaheimi?

„Ó, já,“ segir Ragnar og hlær. „Ég vann í tæknideildinni í tuttugu og eitt ár og það hefur enginn lagt út í það að hafa tæknirannsókn. Vinna rannsóknarlögreglumanna í alvar- legustu málunum er til lítills ef þeir fá ekki gögnin frá okkur, ef við finnum ekki sterk sönnunargögn eða almennileg ummerki,“ segir hann. „Svo ég tali ekki um mitt sér- fag síðustu 20 árin sem er blóðferla- greining, það hefur enginn farið út í það. Blóðið getur sagt okkur hvað gerðist, hvernig það gerðist og hvernig það gerðist ekki. Ég bið eftir því!“ ■

Þar sem þjóðsagan dansar við samtímann

ninarichter@frettabladid.is

Gunnþórunn Guðmundsdóttir er prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur í norrænum glæpasögum.

Aðspurð um sérkenni íslensku glæpasögunnar nefnir hún yfir- náttúruleg fyrirbæri, á borð við drauga í sögum Yrsu Sigurðar- dóttur.

„Þær þróast út frá norrænu glæpasögunni,“ segir hún. „En þær sækja líka í mismunandi arfleifð og eru undir áhrifum frá bresku og hinna bandarísku. Áhrifa gætir mjög víða að,“ segir Gunnþórunn.

Draugagangur í greininni

Aðspurð út í tengsl þjóðsögunnar við glæpasöguna svarar hún: „Já, þar eru að vinna með drauginn og slík minni, eins og Yrsa hefur gert. Þar kemur þessi þjóðsagnahefð inn. En ég myndi ekki segja að það væri hægt að benda á margt mjög sér-íslenskt í þessari bókmennta- grein.“

Að sögn Gunnþórunnar byrjaði norræna glæpasagan að þróast



Að sögn Gunnþórunnar takast norrænar glæpasögur á við velferðarþjóð- félagið, galla þess og niðurbrot.

MYND/KRISTINN INGVARSSON

sem bókmenntagrein á sjöunda og áttunda áratugnum þegar sænsku höfundarnir Sjöwall og Wahlöo hófu að skrifa glæpasögur um sænskan samtíma. „Það er yfirleitt vitnað til þeirra sem fyrstu sænsku glæpasagnahöfundanna, sem hafa markað ákveðin spor.“

Vankantar á velferðarþjóðfélagi

Gunnþórunn segir norrænu glæpa- söguna frá upphafi hafa borið ein- kenni samfélagslegrar gagnrýni. „Þar er verið að skoða velferðarþjóð- félagið, galla þess og niðurbrot.“

Íslenskar glæpasögur hófu að þróast upp úr sjötíu, upp úr glæpa-



Það er alltaf lausn í lokin og boðið upp á svör sem fólk fær ekki alltaf í lífinu.

sögum Gunnars Gunnarssonar. „Síðan er ekki samfelld bylgja fyrir en á tíunda áratugnum þegar Arn- aldur og fleiri höfundar fara að gera glæpasöguna að sínu,“ segir hún.

„Þá voru kannski ákveðnar breyt- ingar í bókmenntalandslaginu. Það var oft talað um að ekki væri hægt að skrifa glæpasögur á Íslandi af því að það væru engir glæpir hérna. En glæpasögur hafa ekkert að gera með einhvern realisma,“ segir Gunn- þórunn.

Sigið undan snobbinu

Einhvern tímann þóttu glæpa- sögur ekki finar bókmenntir, og voru gjarnan settar í niðrandi flokk svokallaðra formúlubókmennta. Aðspurð um breytingar á þessari nálgun segir Gunnþórunn að byrjað hafi að kvarnast upp úr þeim við- horfum fyrir um áratug. „Mörkin milli populískra bókmennta og fagurbókmennta hafa rosa mikið riðlast á þessum tíma. Það verður til önnur hugsun um hvað eru alvöru bókmenntir og það hefur töluverð áhrif á þetta líka.“

En hvernig stendur á þessum vin- sældum? Erum við að sækja spennu út fyrir öruggt velferðarsamfélag?

„Já, það er ein kenningin. En afþreying er að verða mun fjöl- breyttari en hún hefur verið. Þetta er afþreyingarþéttir í ákveðnum skilningi, en það er erfitt að segja nákvæmlega hvað það er. Þetta fyrirbæri, glæpasagan, hefur þróast meðfram skáldsögunni. Allt frá 19. öld hefur þetta fyrirbæri verið til. Það er alltaf lausn í lokin og boðið upp á svör sem fólk fær ekki alltaf í lífinu.“ ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 26. febrúar 2022



Tónlistarkonan Elham Fakouri leiðir tónlistarsmiðjuna á morgun.
MYND/JOSÉ LUIS ANDERSEN

Tónlistarsmiðja fyrir fjölskylduna

starri@frettabladid.is

Á morgun sunnudag, milli kl. 13 og 15, býður Norræna húsið til tónlistarsmiðju fyrir alla fjölskylduna með tónlistarkonunni Elham Fakouri. Þar mun hún leiða námskeiðið með aðstoð klarínets og sýna gestum hvernig hægt er, í gegnum leik, tónaspuna og tilraunir, að skapa sögu í gegnum tónlist.

Smiðjan er byggð á söguþræði bókarinnar Alþingi dýranna eftir Kent Kielsen sem nýlega var tilnefnd til barnabókmenntaverðlauna Vestur-Norðurlanda.

Sagan segir frá því hvernig dýrin á norðurlandi koma saman, eftir hvatningu frá Móður hafsins, til þess að gera plan um hvernig megi sporna við plastmengun í sjónum.

Elham bjó til hljóðheim fyrir ákveðin fyrirbæri á borð við mengun, loft og sjó. Ákveðið kerfi er fyrir hljóðfærin og skiptast gestir á að vera í mismunandi hlutverkum dýra. Elham tekur að sér hlutverk Móður hafsins og notar tóna klarínetsins til þess að tala við dýrin og leiða þau að lokum saman. Gestir eru því með sameiginlegt markmið, sem er að eyða plasti í sjónum og sporna við mengun.

Gestir eru hvattir til að koma með eigin hljóðfæri en ásláttarhljóðfæri verða einnig á staðnum.

Smiðjan er ókeypis og allir eru velkomnir en skráning með nöfnum, aldri og hljóðfæraupplýsingum má berast til hrafnhildur@nordichouse.is. ■■■



Berglind Guðmundsdóttir lét draum sinn rætast fyrir tíu árum þegar hún setti upp matarsíðuna grgs.is. Hún hefur haft ástríðu fyrir mat allt frá unglingsaldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rjómbollur ættaðar frá sannkölluðu matarhimnaríki

Berglind Guðmundsdóttir heldur upp á tíu ára afmæli vefsíðu sinnar grgs.is á þessu ári. Síðan hefur notið mikilla vinsælda alla tíð. Nú er bolludagur á mánudag og það var því ekki úr vegi að leita í smiðju Berglindar til að fá skemmtilegar uppskriftir.

elin@frettabladid.is

Berglind er hjúkrunarfræðingur og hefur undanfarin tvö ár starfað við verkefni sem tengjast Covid, jafnt sem ráðgjafi og unnið við bólu-setningar. „Núna er ég eingöngu í verkefnum tengdum síðunni minni, Gulur, rauður, grænn og salt,“ segir hún.

Þegar Berglind er spurð hvernig síðan hafi orðið til á sínum tíma, svarar hún: „Fyrir tíu árum var ég á ferðalagi um matarkistuna í

Barcelona ásamt fjölskyldu minni. Ég hefði aldrei getað trúað á þeirri stundu að svona dásamlegt ævintýri ætti fyrir mér að liggja. Að sinna áhugamáli alla daga eru því lík forréttindi. Barcelona er matarhimnaríki og tapasréttir sem maður deilir með öðrum eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Þegar ég kom heim fékk ég þá hugmynd að gera matarblogg. Ég hélt fyrst að ég væri of sein að skella mér í þá lest, sem er mjög kómískt því það er aldrei of seint að framkvæma. Ég

ákváð strax að gera þetta einungis til gamans og stefna síðan á stofnun fyrirtækis út frá hugmyndinni. Það hefur tekist,“ útskýrir hún.

Ástfangin af Ítalíu

Berglind hefur haft ástríðu fyrir matargerð frá unga aldri. „Ég ólst upp við venjulegan heimilismat. Mamma er geggjaður kokkur en úrvalið var allt öðruvísi hér áður fyrr og matarhefðirnar stórfurðulegar. Þegar ég var unglingur fékk ég í hendur matreiðslubók eftir

höfund sem ferðaðist um Ítalíu og fékk uppskriftir hjá heimamönnum. Ég las þessa bók spjaldanna á milli og lét mig dreyma um mat sem ég hafði aldrei smakkað, til dæmis eggaldin, ferska basilíku, parmesan ost og þess háttar. Þarna kviknaði ást mín á góðum mat og Ítalíu,“ segir hún og bætir við að börnin hennar séu miklir matgæðingar og góðu vön. „Þau biðja samt stundum um venjulegan mat, grjónagraut úr dós eða eitthvað þess háttar. Mér finnst ég nú



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

HEILBRIGÐ MELTING



www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar

» ekki alltaf vera með veislumat en þau langar stundum í gamaldags mömmumat. Svona fer allt í hringi,“ segir Berglind en hún á fjögur börn, sá elsti er Gummi sem er tvítugur, þá Arnar Smári, 18 ára, Patrekur, 15 ára og Áslaug Jökla, 10 ára. Berglind er ekki í sambúð enda segist hún fyrst og fremst vera gift sjálfri sér.

Berglind segist fá innblástur í matargerðina víða, meðal annars frá vinum og fjölskyldu, matreiðslubókum, á netinu, á ferðalögum og úr bókum. „Innblásturinn kemur alls staðar frá,“ segir hún. „Mér finnst asísk matargerð skemmtileg. Ætli fallegur og lita-gláður matur heilli mig ekki,“ segir hún og bætir við að henni finnst líka indverskur matur æðislegur, að ekki sé minnst á þann ítalska. „Ítalskur matur verður ávallt mitt fyrsta svar enda er maturinn þar á einhverju öðru róli. Gæðin og einfaldleikinn. Ég elska að ferðast og leitast við að þefa uppi einstaka veitingastaði, helst fjölskyldurekna. Á slíkum veitingahúsum finnur maður ástina í loftinu sem skilar sér í matinn. Ég vil gjarnan benda á stað í Veróna þar sem maður verður fyrir ótrúlegri matarupplifun en hann heitir Dari ristorante,“ upplýsir hún.

Martröð unglingsins

Berglind á fullt af áhugamálum fyrir utan matargerðina. „Já, ég hef mörg áhugamál, fjallgöngur, ferðalög, lestur, skíði og svo allt það sem nærir andann og gerir mann að betri manneskju. Ég er mamma sem fer upphátt með jákvæðar staðhæfingar, sem sagt martröð unglingsins,“ segir hún og hlær. „Ég var í nokkrum matarklúbbum sem hafa legið niðri í Covid en nú horfir sem betur fer til betri tíma. Ég er ofurspennt að hitta fólk aftur og njóta með því,“ segir Berglind, sem lét sér þó aldrei detta í hug að fara í kokkinn. „Ég er bara áhugamanneskja og vil vera þannig. Virðing mín á kokkastéttinni er hins vegar mikil. Þegar ég fer á veitingahús nýt ég þess í botn að láta fagmenn elda fyrir mig.“

Ferðabættir um Sikiley

Berglind hafði í huga að fara sem fararstjóri til Sikileyjar með íslenska ferðamenn en hún var með þáttaseríu á Símanum þar sem hún ferðaðist um eyjuna og kynntist matargerðinni þar. Ferðirnar urðu ekki að veruleika vegna Covid hvað sem síðar kann að verða. „Ég hef ferðast nokkuð og leyfi fylgjendum mínum á Instagram að njóta með mér. Þegar ég gerði þættina um Sikiley þar sem Kristófer Dignus og Hugi Halldórs-son sá um framleiðslu og Hákon Sverrisson um kvikmyndatöku voru tókudagar oft langir og mikil



Berglind er ekki bara með bollur á bolludag heldur nánast í heila viku og prófar alls kyns útgáfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Himneskar vatnsdeigsbollur með karamelluglassúr.

vinna lá að baki. Ég gæti vel hugsað mér að gera fleiri slíka þætti og við sjáum hvað setur með það. Ég ætla að gera alls konar skemmtilegt á næstu mánuðum og árum,“ segir Berglind, sem viðurkennir að hún hafi mjög gaman af því að klæða sig fállega og elskar kjóla. „Því meira bling, þeim mun betra,“ segir hún. „En ég get líka verið eins og hræ heima hjá mér. Stundum er þó eins og ég sé að klæða mig fyrir galakvöld en enda svo bara uppi í sófa og horfi á Netflix.“

Bollur fyrir sælkera

Líklegast ætla margir að baka bollur um helgina. „Bolludagur er næstum vika hjá mér og ekkert til sparað. Mér finnst gaman að prófa alls kyns útgáfur en geri þó bara vatnsdeigsbollur. Ég gef hér uppskrift að bollu með karamellurjóma og karamelluglassúr úr bæklingi sem ég vann í samstarfi við Nóa Sírius. Valgerður Gréta

(Valla), meðbloggari minn og matgæðingur á GRGS, birti um daginn tryllta uppskrift af Rice Krispies bollum sem eru eitt það girnilegasta sem ég hef séð lengi. Síðan var hún Anna Rut Ingvadóttir, gestabloggari á GRGS, með þessa frábæru uppskrift að eggja- og mjólkurlausum bollum (vegan),“ segir Berglind en hún verður með netnámskeið 2. mars kl. 20 sem heitir Hugmynd til tekjuöflunar með áherslu á samfélagsmiðla. Upplýsingar og skráning á berglind@grgs.is

Himneskar vatnsdeigsbollur með karamelluglassúr

10-12 stk.

80 g smjör
2 dl vatn
100 g hveiti
Hnifsoddur salt
2-3 egg

Setjið smjör og vatn í pott og hitið þar til smjórið hefur bráðnað.

Hrærið hveitinu saman við með sleif þar til allt hefur blandast vel saman. Bætið saltinu út í. Takið af hellunni og látið standa í um 15 mínútur eða þar til það hefur kólnað.

Setjið deigið í hrærivélarskál og bætið eggjunum saman við einu í einu og hrærið saman. Varist að deigið verði of þunnt. Setjið á bökunarplötu klædda bökunarpappír með tveimur skeiðum eða sprautið í toppa með rjómasprautu.

Bakið í 200°C heitum ofni í u.þ.b. 20-30 mínútur eða þar til bollurnar eru orðnar gylltar og stökkar. Varist að opna ofninn meðan þær eru að bakast svo þær falli ekki saman.

Karamellusósa

150 g Nóa rjómakúlur
1 dl rjómi

Bræðið rjómakúlur saman við 1 dl af rjóma. Kælið.

Karamellurjómi

500 ml rjómi
100 g Nóa karamellukurl
5 msk. karamellusósa, kæld

Þeytið rjómann. Bætið síðan um 3-5 msk. af karamellusósunni saman við ásamt karamellukurl og hrærið varlega með sleif.

Karamelluglassúr

300 g Nóa Sírius rjómasúkkulaði með karamellu og sjávarsalti
250 ml rjómi

Bræðið súkkulaði og rjóma saman við vægan hita. Setjið glassúrinn á bollurnar og karamellurjóma í bollurnar.

Skraut

Nóa karamellukurl
Sírius rjómasúkkulaði með karamellu og sjávarsalti

Skreytið með karamellukurl og söxuðu súkkulaði.

Rice Krispies bolla með banönum, rjóma og karamellu

4 dl vatn
160 g smjör
250 g hveiti
1/4 tsk. salt
5-6 stór egg, piskuð saman

Hitið vatn í potti og bætið smjöri saman við. Látið sjóða í smástund. Setjið hveiti og salt saman við og hrærið rösklega saman í pottinum.

Kælið deigið með því að setja það í hrærivélarskálina og dreifa því upp á skálarbrúnirnar.

Setjið egg í mælikönnu og pískið saman. Ef egginn er mjög stór er ekki vist að það þurfi alveg 6 egg svo það er betra að piska þau saman og skilja smá eftir.

Þegar deigið er orðið volgt má byrja að hræra það með káinu og setja egginn út í í smáskömmum. Hitið ofninn í 205°C blástur.

Setjið deigið á plötu klædda bökunarpappír með góðu milli-bili. Stærðin fer eftir smekk en mér finnst best að nota sprautupoka en einnig er fint að nota matskeiðar. Setjið plötur inn og lækkið hitann í 190°C. Bakið í að minnsta kosti 30 mín. Ég fer jafnvel alveg upp í 40 mín. Þar sem ég vil hafa þær frekar þurrar og þannig eru líka minni líkur á því að þær falli. Aldrei opna ofninn fyrr en eftir a.m.k. 25 mín.



Rice Krispies bolla að hættu Völlu með banönum, rjóma og karamellu.

Fylling

Karamella, heimagerð eða keypt tilbúin

Rice Krispies í botninn:

25 g smjör

25 g suðusúkkulaði

25 g karamellusúkkulaði

1 msk. síróp

1 bolli Rice Krispies

Bræðið súkkulaði, smjör og síróp í potti, bætið Rice Krispies saman við. Setjið á bökunarpappír og kælið. Þeyttur rjómi frá Örnun. Banani skorinn í sneiðar.

Súkkulaði-Rice Krispies botn, þeyttur rjómi, bananasneiðar, karamella.

Á toppinn

Meiri karamella og súkkulaði-Rice Krispies.

Mjólkur- og eggjalausu bollurnar hennar Önnur Rutar (vegan)

125 g smjörliki
3 ½ dl mjólk að eigin vali (ég notaði Koko kókosmjólk í fernu)
50 g pressuger eða 5 tsk. þurrger
1 dl sykurl
1 tsk. kardemommudropar eða vanilludropar
10 dl hveiti

Bræðið smjörlikið í mjólkinni og kælið síðan blönduna niður í sirka 37-38 gráður.

Leysið gerid upp í blöndunni. Hrærið sykrunum og kardemommudropunum saman við. Setjið síðan hveitið og vökvann saman í skál og hnoðið vel þar til deigið er mjúkt. Látið deigið hefast í 45 mínútur.

Hnoðið deigið og bætið við örlitlu hveiti ef þarf. Athugið þó að deigið á að vera frekar blautt. Skiptið deiginu upp í 15-20 bollur og látið þær hefast á bökunarplötu með smjörpappír í 10 mínútur. Penslið bollurnar létt með volgri mjólk að eigin vali (má sleppa).

Bakið við 225°C í 10-15 mínútur. Látið bollurnar kólna alveg og setjið síðan fyllingu að eigin vali á milli og annað hvort súkkulaðiglassúr eða flórsykur ofan á.

Ég setti á milli hindberjasultu og kókosmjólkurrjóma.

Kókosmjólkurrjómi

2 dósir kókosmjólk sem hafa verið í ísskáp yfir nótt

1 tsk. vanilludropar

1 msk. hlynsíróp (eða önnur sæta)

Þegar að kókosmjólk hefur verið inni í ísskáp yfir nótt sest kókosrjóminn efst í dósina. Takið kókosrjómann úr dósunum með skeið og setjið í rjómasprautu. Kókosvatnið er ekki notað í þessa uppskrift en ég mæli með að geyma það og nota í boost. Setjið vanilludropana og hlynsírópið í rjómasprautuna. Hristið rjómasprautuna vel og sprautið síðan rjómanum á bollurnar. ■

Skammdegið

parf ekki að vera erfitt

Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum

2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót í hverju hylki



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Orkublanda með kröftugri burnirót & d-vítamíni 2000 AE
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

AVAILABLE
IN WATERPROOF

LASER SHARP
LINES

NEW

IDÔLE LINER & LASH IDÔLE

*HIT YOUR LASH GOALS.
VOLUMIZE EVERY. SINGLE. LASH.*



LANCÔME

PARIS

Eva Einarsdóttir kynningarstjóri hjá Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands, nýtur þess að elda mat og finnst fátt skemmtilegra en að bjóða til sín gestum í mat og prófa nýja rétti. Hún og eiginmaður hennar gerðust grænmetisætur fyrir liðlega 20 árum og í dag eldar Eva bara vegan mat.

Eva segist hafa alist upp við íslenska matargerð en það heillaði hana ekki. „Ég ólst upp við mjög týpíska íslenska matargerð, fiskibollur, lærissneiðar og allt það. Það var í raun mjög lítið um grænmeti og ævintýramennsku en ég fékk fljótt áhuga á hollu fæði og fannst til dæmis það besta sem ég fékk, fram yfir sunnudagskjúklinginn, grænmetisúpa, sem var reglulega gerð og kom úr matreiðslubók Krabbameinsfélagsins. Ég er enn forfallin súpukona en börnin mín þrjú eru ekki alveg á sama stað. Ég lærði í fjögur ár í Svíþjóð og þar ákváðum við hjónin ein áramótin, fyrir 20 árum, að verða grænmetisætur og þá fyrst fór ég virkilega að láta til mín taka í eldhúsinu. Síðan í fæðingarorlofi með frumburðinn hélt ég úti matarbloggi og skrifaði stundum í blöð. Í dag elda ég svo eingöngu vegan mat og stefni á að gefa út bók með mínum uppskriftum. Mér finnst skemmtilegt að elda fyrir fólk sem borðar allt og vonandi heilla það með grænum nýjungum.“

Fær kaffi upp í rúm

Við fengum Evu til að segja okkur hvernig hefðbundinn dagur væri hjá henni þegar kemur að því að fá sér næringu. „Ég er svoddan B-manneskja, náttþrafn, þannig að maðurinn minn færir mér kaffi upp í rúmið og fer niður með yngstu stúlkuna, Vöku 3 ára, og kemur börnunum þremur af stað í sína skóla. Ég byrja oft vinnudaginn heima, fer svo niður í Rannís. Ég er ekki mikil morgunmatar-kona, kaffið og vítamín fá oft að duga. En ég borða stundum banana eða hafra/chia graut með berjum. Svo er gott súrdeigsbrauð ómissandi um helgar. Borða yfirleitt létt grænmetisrétti í vinnunni. Svo ætla ég að færa í aukana að hitta vini í hádeginu eftir faraldurinn og borða og njóta, ekki skortir góða staði.“

Finnst þér skipta miklu máli hvað þú borðar þegar kemur að því að huga að orku og úthaldi?

„Já, ég borða líklega frekar hollt og létt fæði yfir daginn, verð þreytt ef ég borða of þungan mat og sæki lítið í sætindi. Ég á reyndar alltaf lakkrís í skrifborðsskúffunni, mjög mikilvægt. Svo er aðeins þyngra fæði á kvöldin en ætli það þyki ekki í hollari kantinum.“

Hvernig lítur hefðbundinn dagur út hjá þér þegar kemur að því að raða saman matseðli?

„Ég hef frekar lengi haldið rútinu á virkum dögum, hljómar kannski leiðinlegt en það eru til dæmis alltaf ólíkar súpur á mánudögum, pastaréttir á þriðjudögum, snarl eða bland úr ísskápnum, mér finnst það skemmtileg áskorun, á miðvikudögum og svo eru fimmtudagar alþjóðlegir dagar: mexíkóskt, indverskt, tælenskt, arabískt. Um helgar er ég nýjungagjörn og prófa alls konar nýtt og spennandi. Mæli með, minna röfl í börnunum sem öll eru með ólíkan smekk.“

Við fengum Evu til deila með lesendum uppskriftum úr smíðju sinni sem hún heldur upp á. „Önnur uppskriftin er einföld, fljótleg og ódýr, en vinsæl súpa til lengri tíma sem ég breytti alltaf aðeins eftir því sem er til. Ég geri stundum rauðrófu-bourguignon en langaði að prófa aðra útgáfu og vona að fólk þori að prófa.“



Eva finnst skemmtilegt að elda fyrir fólk sem borðar allt og er spennt að heilla gesti sína með grænum nýjungum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Stefnir að því að gefa út vegan matreiðslubók

Græna súpan

1 laukur
2 hvítlauksrif
2 selleristilkar (má sleppa)
1 poki grænar frosnar baunir
3 msk. olía. Ég nota ólífuolíu
1 lítri soðið vatn, meira ef þið viljið þynnri týpu
1 tsk. cumin (má sleppa)
1 tsk. timian
1 tsk. steinselja
2-3 tsk. grænmetiskraftur eða 2 teningar
1-2 msk. sitrónusafi
Salt og pipar



Girnilegur grænmetisréttur úr smíðju Evu.

2 hvítlauksrif
1 pakki kantarellusveppir, 250 g
4-5 gulrætur
2 msk. hveiti
2 dl grænmetissoð
1-2 dl rauðvín (má sleppa, bæta þá við dl af soði)
2 msk. olía
2 msk. vegan smjör
3 greinar af fersku timian
Salt og pipar

Hitið olíuna og smjör, steikið laukinn í smá stund. Bætið við gulrótunum, grófa bita, skorna á lengdina og látið út í ásamt timiangreinum og leyfið að steikjast og mýkjast í ca. 5 mínútur. Skerið sveppina í frekar stóra bita og bætið út í. Stráið hveitinu yfir og hrærið. Hellið rauðvíni yfir og síðan soði. Látið malla í klukku-



Matarkræsingarnar hennar Evu koma vel út og gleðja bæði auga og munn. Rétturinn er líka fallegur.

tíma og bætið við salti og pipar eftir smekk.

Kartöflumús

4-5 stórar bökunarkartöflur
100 g vegan smjör
1 dl haframjólk
¼ tsk. múskat
1 tsk. síróp (má sleppa)

Sjóðið skreldar kartöflurnar í um 20 mínútur, hellið svo vatninu af, geymi alltaf smá af vatninu, setjið smjör yfir, svo múskat og mjólk og síróp og stappið.

Sykurbaunir eru einstaklega góðar með. Ég helli hreinlega yfir sjóðandi vatni og set svo undir kalt vatn, en það er líka hægt að léttsteikja þær í ólífuolíu. ■

” Svo ætla ég að færa í aukana að hitta vini í hádeginu eftir faraldurinn, borða og njóta, ekki skortir góða staði.

Sveppa-bourguignon

5 skalotlaukar

Hitið vatnið. Hitið olíu í potti og steikið svo lauk og sellerí í 2-3 mínútur. Hellið svo baununum yfir og hrærið. Stráið kryddunum yfir og hrærið áfram þar til baunir er fallega grænar. Hellið svo vatni og grænmetiskrafti yfir og náðið upp suðu. Bætið sitrónusafa, salti og pipar út í og hrærið með staf eða setjið í matvinnsluvél.

Ég lét svo þunnar rauðrófu-sneiðar með ólífuolíu og salti í ofn í 10-15 mínútur á 180°C. Galdurinn er að sjóða súpuna ekki lengi. Mæli svo með að prófa með engifer, karri og kóriander, ekki síðri útgáfa.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



From 2009 atNorth have innovated in the data center technology space with the design, construction and operation of their world class data center facilities in Iceland and in Sweden. atNorth's international team of professionals, service leading organizations in diverse industries, enabling them to transform the world's most demanding data into important business decisions without compromising speed, performance, or the climate. All the company's services are designed to provide circular economy principles for the data center industry where renewable energy combined with unparalleled energy efficiency are fundamental principles. AtNorth were recently acquired by Partners Group, a leading private markets firm. Together, they strive to make atNorth the leading pan-Nordic data center provider. - www.atnorth.com



The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

The application deadline is March 8th.
Apply for the jobs at www.vinnvinn.is.

Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is)
and Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is)
at Vinnvinn, oversee the recruitment process.

Do you want to join us and be a part of the green revolution?

Sustainability & Social Responsibility Manager

The Sustainability & Social Responsibility Manager reports directly to the CFO & Deputy CEO of atNorth and can be based either in Iceland or in Sweden.

Responsibilities:

- Responsible for leading the development and execution of the company wide strategic ESG (environmental, social and governance) program.
- Implement and maintain ISO14001 accreditation from ground up. Participate and provide support in other quality projects within atNorth.
- Collaborate with all departments to implement and manage a coordinated ESG plan and build ESG principles into short and long-range capital and operational improvements.
- Serve as the central point of contact for external groups and vendors regarding ESG.
- Serve as an internal leader and "go to" expert for ESG, monitoring emerging trends, programs, and issues, while communicating to and educating employees throughout the company.

Finance Specialist in Accounting

The Finance Specialist in Accounting reports to the CFO & Deputy CEO of atNorth and is based in Hafnarfjörður, Iceland.

Responsibilities:

- GL accounting, booking of invoices, payments, etc.
- Delivery of month end tasks, intercompany accounting, consolidation, and reporting.
- Interactions with various teams within atNorth (e.g. sales and operations) to receive and provide detailed information related to activities handled by self, and team.
- Support management with financial aspects like revenue management, project accounting, and cost control.
- Clear mindset to set-up and work in processes and strong focus on continuous improvements of processes wherever possible.

Service Manager

The Service Manager reports to the Site Manager of Mjöltnir, atNorth's datacenter megasite in Fitjar, Njarðvík in Iceland and is based there.

Responsibilities:

- Management and daily operation of atNorth's service department which focuses on providing atNorth's clients outstanding value adding service.
- Responsibility of customer service surveillance and reporting.
- Project Management and team building.
- Clear mindset to set-up and work in processes and strong focus on continuous improvements of processes wherever possible.

Technical Specialist

The Technical Specialist reports to the Site Manager of Mjöltnir, atNorth's datacenter megasite in Fitjar, Njarðvík in Iceland and is based there.

Responsibilities:

- Set-up, monitor and maintain the various equipment within atNorth's datacenter.
- Clear mindset to set-up and work in processes and strong focus on continuous improvements of processes wherever possible.
- Resolving customer issues and requests.

Further information about the jobs and qualification requirements at www.vinnvinn.is.



Orkuklasinn

Íslenski Orkuklasinn er þverskurður af virðiskeðju íslenska orkugeirans með um fjörutíu aðildarfélag. Klasinn vinnur markvisst að því að auka samkeppnishæfni aðildarfélaga, stuðla að nýsköpun og vinna að verkefnum sem bæta nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

Framkvæmdastjóri Íslenska Orkuklasans

Stjórn Íslenska Orkuklasans leitar að öflugum einstaklingi með góða fagþekkingu í starf framkvæmdastjóra. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að leiða sókn fjölbreyttra aðila á sviði endurnýjanlegrar orku sem er helsta svar samtímans við áskorunum vegna loftlagsbreytinga. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Orkuklasans.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri klasans og samskipti við stjórn.
- Kemur fram fyrir hönd klasans og kynnir starfsemi hans út á við.
- Samskipti og tengsl við hagaðila.
- Ábyrgð á framkvæmd og framvindu verkefna klasans.
- Lóðsar, skipuleggur og styður samstarfshópa innan klasans.
- Leitar tækifæra til að efla klasann.
- Önnur verkefni í samráði við stjórn.

Hæfniskröfur:

- Þekking eða reynsla af orkugeiranum er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi færni í samskiptum.
- Frumkvæði, drift og metnaður til að hrinda verkefnum í framkvæmd.
- Reynsla af markaðsmálum og kynningarmálum er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar næstkomandi.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Stolt Sea Farm 



Stolt Sea Farm is a leader in the aquaculture industry since 1972, part of the Stolt-Nielsen group, has a team of 400 employees and 15 farms in Spain, France, Portugal, Norway and Iceland. We offer a premium, safe and sustainable product to our customers.

www.stoltseafarm.com.

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a detailed cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

The application deadline is February 28th.

For further information and to apply for the job, visit www.vinnvinn.is.

Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) and Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.

Ongrowing Site Manager

We are hiring an Ongrowing Site Manager in Hafnir, who will focus on ensuring the production of sole and meeting all KPIs within Stolt Sea Farm standards. The Ongrowing Site Manager reports directly to Sole Production Manager and has a team of 6-8 people in the production team.

The main objectives of the Site Manager are:

- To achieve the monthly and annual production KPI's of fish.
- To guarantee fish welfare.
- To guarantee a good work environment, based on safety, cooperation, trust and compromise.
- To identify improvements with the aim of increasing production capacity and efficiency.

Among the tasks to be carried out are the following:

- Management of the ongrowing site to achieve the production KPI.
- Carry out a weekly and monthly planning in order to fulfill the following:
 - Juvenile inputs.
 - Space management to achieve optimal production.
 - Grading in accordance with the Stolt Sea Farm standards.
 - Harvest in line with planning with upper management.
 - Cleaning of tanks and ongrowing areas.
 - Sanitary treatments planned, in line with upper management.
 - Stock management of feed, chemicals and other auxiliary materials.
- Planification of the monthly and annual fish input with upper management.
- Planification of the work staff schedule.
- Superintendence of farm works in line with SSF standards and health and security protocols.
- Promote a work philosophy of continuous improvement in all aspects of the ongrowing area.

Experience and skills required:

- Technical training in Aquaculture or a university degree in animal sciences: Biology, Marine Sciences, Veterinary Medicine, or similar degrees.
- 2 to 4 years of experience in fish production, especially in land-based aquaculture. Experience in the production of sole would be of value.
- High level of expertise in Excel, and fluency in English.
- Well-developed leadership and team management skills.
- Be proactive and disciplined with an open mind to create solutions.
- Must carry our values: commitment, creativity, pragmatism and collaboration.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Hédinn hf. er tækni- og stálsmiðafyrirtæki sem var stofnað árið 1922. Helstu viðskiptavinir eru íslensk og alþjóðleg sjávarútvegsfélög, fyrirtæki á sviði stóriðju, orkuframleiðslu og önnur starfsemi sem krefst smíði og viðhalds flókans vélbúnaðar.

Nánari upplýsingar er hægt að finna á www.hedinn.com.



Umsjón með starfinu hafa Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

Vélahönnuður

Hédinn óskar eftir að ráða vélahönnuð inn á tæknideild.

Helstu verkefni:

- Tæknileg hönnun, ráðgjöf og eftirlit á verkefnum fyrir tæknideildina.
- Teiknivinna í Autodesk lausnum.
- Tilboðsgerð og öflun verkefna.
- Aðfangastýring verkefna.
- Gæðamál og handbókargerð tengd hönnunarverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tæknimenntun í iðnfræði, vélfræði, tæknifræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á teikni- og hönnunarforritum.
- Reynsla af tæknilegri hönnun er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa í teymi.
- Samviskusemi, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars næstkomandi.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Landeldi er framsækið nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að uppbyggingu laxeldis á landi, og nýtir til þess náttúruauðlindir Íslands á sjálfbæran hátt. Landeldi starfrækir þegar seiðaeidisstöð við Hveragerði og vinnur að uppbyggingu laxeldisstöðvar við Þorlákshöfn. Verkefnið nýtur afburða aðstæðna í Ölfusi þar sem gott aðgengi er að landrými, umhverfsvænni orku og ekki síst ferskvatni og sjóvatni við kjörhitastig fyrir laxeldi. Félagið hefur lokið umhverfismati og hefur öðlast öll leyfi til að ala árlega um 6.000 tonn af laxi á landi, en markmið félagsins er að framleiðslugeta félagsins verði á endanum 33.500 tonn á ári.

Ársvelta Landeldis þegar fullri framleiðslugetu verður náð er áætluð um 25-30 milljarðar króna. Hjá Landeldi starfa nú um 25 starfsmenn en áætlað er að þeir verði á annað hundrad innan fárra ára. Hluthafar Landeldis eru um 40 talsins en stærsti hluthafinn er fjárfestingafélagið Stoðir hf. Landeldi hyggst auka hlutafé sitt á næstu misserum. Á komandi árum stefnir Landeldi á skráningu á hlutabréfamarkað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars næstkomandi.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

Framkvæmdastjóri

Landeldi leitar að öflugum stjórnanda til að leiða fyrirtækið. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reyna mun mjög á frumkvæði, skipulagshæfileika, lausnamiðað viðhorf og ríka samskiptahæfni.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur, stjórnun og samskipti við stjórn.
- Móta og koma í framkvæmd nýsköpunarverkefnum.
- Viðskiptaþróun.
- Stefnumótun og breytingastjórnun.
- Kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins og kynnir starfsemi þess út á við.
- Ýmis tilfallandi verkefni og samskipti.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla á sviði rekstrar og stjórnunar.
- Reynsla af því að framkvæma, stuðla að eða styðja við nýsköpun.
- Reynsla af innleiðingu stefnu og breytingastjórnun.
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Metnaður, frumkvæði og vaxtarviðhorf.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.



Framkvæmdastjóri



Blaksamband Íslands (BLÍ) auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Leitað er að traustum, drífandi og metnaðarfullum aðila með fjölbreytta reynslu. Framundan hjá BLÍ eru mörg spennandi verkefni á afrekssviði, einnig verkefni varðandi útbreiðslu- og fræðslumál auk markaðssetningar á íþróttinni.

Blaksamband Íslands er æðsti aðili um blak og strandblak innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu ári. Skrifstofur Blaksambands Íslands eru í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. www.bli.is.

HELSTU VERKEFNI:

- Yfirumsjón og ábyrgð á daglegum rekstri
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar BLÍ
- Ábyrgð á sölu- og markaðsstarfi
- Yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd verkefna
- Stefnumótun og eftirfylgni hennar í samráði við stjórn BLÍ
- Samskipti við sambandsaðila BLÍ, erlenda aðila, fjölmiðla og hagsmunaaðila BLÍ

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Mikil færni í samskiptum
- Framkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á stafrænni markaðssetningu
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Áreiðanleiki og metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking á blakíþróttinni er kostur en ekki skilyrði

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf sem greinir frá ástæðu umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ehf. agla@radum.is.

RÁÐUM EHF | Sími 519 6770 | radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

10
ÁRA



Executive Assistant CEO Office

Join us in this exciting position. Are you a super organizer and keen on details? Do you have business understanding and want to develop your career in a global company on strong growth journey?

As our new Executive Assistant, your primary role will be to work closely with our CEO and CFO. You will through your strong business understanding and organizational skills support them in keeping focus on the right priorities.

Main tasks:

- To proactively keep track of deadlines and secure timely information for meetings and completions of agreed actions
- Plan and participate in management meetings and take minutes
- Review and edit material for internal and external use
- To be an administrative assistance, such as calendar and travel planning and expense management
- Work closely with our CEO and CFO and help them to excel at their role

This is a temporary position to cover a period of maternity leave for 9-12 months, with a possibility to move into another role after the period.

Requirements:

- A degree in business administration or other university degree
- Work experience in a similar role
- Excellent skills in verbal and written English and Icelandic, as well as very good skills in text creation
- Highly effective communication skills
- Organizational skills, initiative and capability to work in a team and on many projects simultaneously
- Builds bridges between people and organization
- Result-driven, ambitious, inspiring, motivating personality and solution oriented

Please submit your application no later than 6 March 2022 through jobs.marel.com

For further information about this position, please contact Hildur Halldórsdóttir: hildur.halldorsdottir@marel.com.

Marel is an international technology company with about 7,000 employees. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the poultry, meat and fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people who are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.



ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTU OG KREFJANDI STARFI

VIÐSKIPTASTJÓRI Í MARKAÐSDEILD APÓTEKA (KEY ACCOUNT MANAGER)

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Markaðssetning og sala neytendavöru og lausasölulyfja með kynningum, fræðslu og eftirfylgni
- Þjálfun sölufulltrúa í tengslum við kynningar
- Myndun viðskiptatengsla á apótekamarkaði og áætlanagerð
- Markaðs- og sölugreiningar
- Gerð markaðsefnis fyrir apótek
- Árangursmælingar sölu- og markaðsaðgerða
- Samskipti við erlenda birgja
- Þátttaka í viðskiptaþróun

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sölu- og markaðsmálum er æskileg
- Háskólamenntun er nýttist í starfi
- Góð greiningarhæfni og framsetning gagna
- Þekking og reynsla af áætlanagerð
- Starfsreynsla innan apótekamarkaðar og/eða heilbrigðisgeirans kostur
- Þekking og áhugi á heilsutengdum vörum kostur
- Góð samskiptahæfni og færni í teymisvinnu
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Gott tölvulæsi, góð þekking á Word, Excel og Powerpoint er skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rannveig Hrönn Brink, deildarstjóri Markaðsdeildar apóteka Icepharma, rannveig@icepharma.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. **Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2022**

Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni.



icepharma

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugum framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

óscar

Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna

Sérfræðingur í þjónustuupplifun (Customer Success)



Við leitum að öflugum starfskrafti í þjónustuupplifunar teymið okkar (Customer Success) sem hefur það hlutverk að aðstoða viðskiptavinum við að fá sem mest út úr lausnum Klappa. Um er að ræða einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða og hafa áhrif í baráttunni við hnattræna hlýnun.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjónusta og samskipti við viðskiptavinum
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Umsjón með innleiðingum nýrra viðskiptavina
- Þátttaka í skipulagningu á þjónustuferlum til hámarkunar á árangri viðskiptavina
- Samskipti við vöru- og þróunarteymi
- Prófun á hugbúnaðaruppfærslum

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýttist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Mikil þjónustulund
- Góð almenn hugbúnaðar- og tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

■ Aðrir þættir sem nýtast vel í starfi:

- Þekking á sjálfbærnimálum fyrirtækja
- Gott vald á dönsku í mæltu og rituðu máli

Umsóknarfrestur er til og með **10. mars 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýttist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Klappir er hugbúnaðarfyrirtæki með skrifstofur í Reykjavík og Kaupmannahöfn sem er leiðandi á heimsvísu í gagnadrifnum sjálfbærnilausnum.

Hugmyndafræði Klappa grundvallast á því að skapa stafræn vistkerfi þar sem aðilar deila á milli sín sjálfbærniupplýsingum í rauntíma og þannig auðvelda fyrirtækjum að fá gott yfirlit yfir þróun sjálfbærnimála í rekstri sínum.

Viðskiptavinir Klappa eru fyrirtæki í fjölda atvinnugreina, sveitarfélög og stofnanir.

Nánari upplýsingar um Klappir má finna á: www.klappir.com.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Framkvæmdastjóri ReSource International ehf.

Stjórn ReSource International ehf. leitar að öflugum leiðtoga til að taka við stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins. ReSource er leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismála. Verkefni eru fjölbreytt og krefjandi og þess vegna leitum við að einstaklingi sem er opinn fyrir nýjungum og ögrandi verkefnum á sviði umhverfismála. Starf framkvæmdastjóra felst meðal annars í því að vera leiðandi í viðskiptaþróun ásamt því að hafa góða yfirsýn yfir þau ráðgjafar- og þróunarverkefni sem unnið er að hverju sinni. Framkvæmdastjóri ber einnig ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins.

HELSTU VERKEFNI

- Viðskipta- og vörubrúun
- Sækja á nýja markaði tengt umhverfismálum
- Stýra daglegum rekstri fyrirtækisins
- Mannauðsmál og fjárhagur fyrirtækisins
- Ráðgjöf til viðskiptavina

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi t.d. umhverfisverkfræði, umhverfis- og auðlindafræði, náttúruvísindum eða sambærilegu námi.
- Reynsla og þekkingu í rekstri og stjórnun
- Leiðtogahæfni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla á, sem dæmi: Fráveitum, lífgasi, úrgangsstjórnun, bókhaldi gróðurhúsalofttegunda (GHG), BREEAM og vistferilsgreiningum (LCA) er kostur.
- Sjálfstæð vinnubrögð og góð þjónustulund ásamt því að vinna vel í hópum.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Sigurgeirsdóttir skrifstofustjóri í síma 571-5864.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2022. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á job@resource.is.



EINAR P. & KÓ

Smiðir óskast

Einar P. & Kó óskar eftir smiðum í framtíðarstarf. Mjög góð verkefnastaða og fjölbreytt verkefni framundan.

Umsóknir og frekari upplýsingar sendist á netfangið helgi@epogko.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Störf henta öllum kynjum. Góð laun í boði.

Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda. Framtíðin er spennandi í álframleiðslu á Íslandi, og mun framþróun í átt að grænni álframleiðslu hafa raunveruleg áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

18 ára lágmarksaldur

Góð samskiptahæfni

Mikil öryggisvitund og árvekni

Dugnaður og sjálfstæði

Heiðarleiki og stundvísi

Bílpróf er skilyrði

Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsfólk í framleiðslu fer á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á www.nordural.is og í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.



Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is



ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.



Hey, you!

We are hiring in Reykjavik!

Are you our new:

ERP Solution Architect/Senior Business Consultant - MS BC

Solution Architect/Senior Business Consultant

or

Solution Architect/ Technical Project Manager?

Wonderful!

Read more and apply at jobs.maritech.com!



ÍSAFJARÐARBÆR

Grunnskólinn á Ísafirði - Skólastjóri

Ísafjarðarbær auglýsir stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Ísafirði lausa til umsóknar. Leitað er að öflugum, metnaðarfullum og framsýnum leiðtoga til að leiða þróttmikið skólastarf. **Um er að ræða 100% starf frá 1. ágúst 2022.**

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, öflug tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalaus möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ öllum búa um 3800 íbúar. Nánari upplýsingar er að finna á www.isafjordur.is.

Starfssvið:

- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra skólanum og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, starfsmannamálum, fjárhagsáætlunum og rekstri

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi
- Lípurð í samstarfi, sveigjanleiki og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að miðla upplýsingum bæði í mæltu máli og rituðu
- Reynsla af þátttöku í þróunarstarfi kostur

Umsóknafrestur er til og með 17. mars 2022. Upplýsingar um starfið veitir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Hafdís Gunnarsdóttir, í síma 450-8000 og í gegnum tölvupóst: hafdisgu@isafjordur.is. Umsókn, kynningarbréfi, ferilskrá og afriti af leyfisbréfi skal skilað til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is.

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni til að sækja um starfið. Vakin er athygli á markmiði mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Frekari upplýsingar má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“.

-Við þjónum með gleði til gagns-

RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðar starfa. Um er að ræða viðhaldsvinnu hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Umsókn sendist á netfangið rafbodi@rafbodi.is.



Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

GTS ehf

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Stundvísir
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónusta fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

RÁÐGJAFI



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf ráðgjafa hjá VIRK. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkráþjálfunar
- Vítæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Upplýsingar veitir

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2022.
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréfi þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.





STÆRSTA BÍLAUMBOÐ LANDSINS

Fjölbreytt störf á frábærum vinnustað

- ✓ Jafnlaunavottun
- ✓ Fyrirmyndarfyrtæki VR
- ✓ Frábærir samstarfsfélagar
- ✓ Öflugt starfsmannafélag

Starfsmaður á varahlutalager >>> Jaguar Land Rover

Við leitum að starfsmanni á lager sem býr yfir góðri tölvuþekkingu og er góður í mannlegum samskiptum. Í starfinu felst tiltekt á vörum fyrir viðskiptavinum, móttaka og upptekt á vörum, frágangur á lager, tiltekt og þökkun á vörum út á land ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- › Góð þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- › Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- › Mjög góð tölvufærni. Þekking á Navision kostur
- › Stundvísi og áreiðanleiki
- › Íslenskukunnátta skilyrði

Upplýsingar veitir
Trausti Björn Ríkhartsson,
deildarstjóri þjónustu
Jaguar Land Rover,
trausti@jaguarlandrover.is

Þjónustufulltrúi >>> í þjónustuveri

Við leitum að þjónustufulltrúa til starfa í þjónustuveri BL við að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina. Starfið felst í símsvörum þar sem veittar eru upplýsingar til viðskiptavina, úthringingar, stofnun verkbeiðna, sala varahluta o.fl.

Hæfniskröfur:

- › Góð þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- › Þekking og áhugi á bílum
- › Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- › Mjög góð tölvufærni. Þekking á Navision kostur
- › Stundvísi og áreiðanleiki
- › Íslenskukunnátta skilyrði

Upplýsingar veitir
Óli Sigurður Eliasson,
hópstjóri þjónustuvers,
oli.el@bl.is

Hugbúnaðarsérfræðingur >>> Microsoft Dynamics CRM

Við leitum að reynslumiklum og þjónustulundduðum hugbúnaðarsérfræðingi sem hugsar í lausnum. Um er að ræða áhugavert starf á upplýsingatækni sviði BL sem felur í sér þátttöku í fjölbreyttum verkefnum á sviði hugbúnaðarpróunar.

Hæfniskröfur:

- › Þekking og reynsla í Microsoft Dynamics CRM skilyrði
- › Geta til að taka ábyrgð og leiða verkefni
- › Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilegu námi
- › Þekking á Microsoft viðskiptalausnum og Microsoft SQL kostur
- › Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- › Frumkvæði, stundvísi og áreiðanleiki

Upplýsingar veitir
Steingrímur Gautur Pétursson,
deildarstjóri tölvudeildar,
gautur@bl.is

Sótt er um störfin á Alfreð

Umsóknarfrestur er til og með **6. mars 2022**.



FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2021

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sumarið er þinn tími

Hjá Öskju má finna fjölbreytt sumarstörf á áhugaverðum og spennandi bílamarkaði í skemmtilegu og hvetjandi starfsumhverfi. Askja leggur áherslu á að skapa vinnustaðarmenningu sem einkennist af gleði, samvinnu og sveigjanleika þar sem allir leggja sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Störf sem ráðið verður í:

- Verkstæðismóttaka Mercedes-Benz og Kia/Honda
- Þríf og standsetning bifreiða
- Þjónustufulltrúi

Ef þú ert þjónustulunduð og metnaðargjörn manneskja þá hvetjum við þig til að senda okkur umsókn á askja.is/storf-i-bodi



Straumurinn er í Öskju

Umsóknarfrestur er til og með **15. mars 2022.**

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is



Reikningskil - uppgjör - endurskoðun

Vegna aukinna umsvifa óskast starfsmaður við reikningskil og gerð skattskila hjá **Endurskoðun og ráðgjöf ehf** í Garðabæ

Ábyrgðarsvið:

- Gerð reikningskila og uppgjöra
- Skattskil lögaðila
- Teymisvinna við endurskoðunarverkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af uppgjörsvinnu og gerð skattskila **er skilyrði**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Til greina kemur að ráða nema í endurskoðun sem stefna á löggildingu í faginu.

Áhugasamir sendi starfs- og námsferilsskrá á cpa@cpa.is fyrir 4. mars næstkomandi.

Endurskoðun og ráðgjöf ehf starfar á sviði endurskoðunar, reikningsskila og bókhalds ásamt skattaráðgjafar til fyrirtækja og einstaklinga. Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

Endurskoðun & ráðgjöf Garðatorg 7, 210 Garðabær

NÝ STAÐA

Öryggisstjóri Tækniskólans

Tækniskólinn leitar að öflugum leiðtoga í starf öryggisstjóra en starfið er nýtt hjá Tækniskólanum. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem brennur fyrir öryggi og velferð starfsfólks og nemenda og er með reynslu og skýra sýn á öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismál.

Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af ÖHV málum
- Þekking og reynsla af stjórnun æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Brennandi áhugi á öryggi og velferð starfsmanna og nemenda
- Framúrskarandi hæfni og reynsla af framsetningu efnis og miðlun þess
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Helstu verkefni og skyldur

- Virkur stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum (ÖHV)
- Stefnumótun, þróun og eftirfylgni ferla í ÖHV málaflokknum
- Umbótaverkefni á sviði ÖHV mála
- Fræðsla á sviði ÖHV mála fyrir starfsmenn og nemendur
- Forysta og eftirfylgni við gerð áhættumats í skólanum
- Eftirlit og eftirfylgni með ÖHV málum ásamt slysa- og atvikaskráningum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Jónsdóttir mannauðsstjóri á netfangið ajo@tskoli.is. Með umsókn skal fylgja kynningarbréf og ferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknir berist í gegnum alfred.is.
Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2022.**



Spennandi tækifæri hjá Símanum



Mannauðssérfræðingur

Við leitum að drifandi og hugmyndaríkum einstaklingi til að ganga til liðs við mannaústeymi Símans. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á öllu sem tengist mannaúsmálum og hafa nokkra reynslu af slíku starfi. Við leitum að öflugum einstaklingi, sem hefur gaman af því að vinna með fólki, er með ríka þjónustulund og með jákvætt viðhorf gagnvart breytingum og fjölbreyttum áskorunum.

Helstu verkefni:

- Ráðningar og starfsþróun ásamt framþróun á því sviði
- Umsjón og eftirfylgni mannaúsmælinga
- Stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Ýmis mannaústengd verkefni tengd þróun mannaúðs og menningu

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af ráðningum skilyrði
- Reynsla af fjölbreyttum mannaústengdum verkefnum
- Þekking á SAP er kostur

Persónulegir eiginleikar:

- Frumkvæði og drifkraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulipurð
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Framsýni og umbótahugsun

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.

Gagnagreininir (Data Analyst)

Við leitum að áhugasömum snillingi til að vinna við greiningar gagna, ásamt hönnun og rekstri mælaborða. Viðkomandi aðili þarf að hafa reynslu af úrvinnslu gagna á tæknilegum grundvelli.

Helstu verkefni:

- Framkvæmd meginlegra greininga, framsetning gagna og gagnavinnsla
- Hönnun á skýrslum og mælaborðum
- Þátttaka í þróun gagnalíkana

Menntun og hæfni:

- Háskólapróf í raungreinum er æskilegt
- Yfirgripsmikil reynsla af fyrirspurnarmálum; SQL, MDX og DAX
- Reynsla í PowerBI umhverfinu og notkun á SSAS líkönum
- Þekking á Jupyter Notebook, Azure og vöruhúsum gagna
- Þekking á tölfræðilegu forritunarumhverfi, eins og Python, R
- Áhugi og/eða reynsla af UX hönnun
- Góður skilningur á tölfræði, hæfni til að túlka gögn

Persónulegir eiginleikar

- Hæfni í samskiptum auk hæfni til að vinna í teymi
- Góð aðlögunarhæfni og skapandi hugsun
- Mjög góð færni í ensku

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.

Verzlunarstjóri

Við leitum að öflugum einstaklingi í starf verzlunarstjóra Símans í Smáralind. Leitað er að metnaðarfullum, hugmyndaríkum og skapandi aðila með reynslu af verslunarrekstri. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og hafa brennandi áhuga á sölu og þjónustu. Um fullt starf er að ræða.

Helstu verkefni:

- Starfsmannahald, ráðningar og vaktaskipulag
- Þjálfun starfsfólks og úthlutun verkefna
- Þátttaka í markaðsmálum og skipulagningu viðburða
- Uppgjörsvinna, birgðastjórnun, gerð verkferla og áætлана
- Umsjón með lager ásamt afgreiðslu í verslun eftir þörfum

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Umtalsverð reynsla af verslunarrekstri æskileg
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á SAP er kostur

Persónulegir eiginleikar:

- Góðir stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Árangursdrifni, frumkvæði og drifkraftur
- Áreiðanleiki, sveigjanleiki og stundvísi

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.

Þjónustufulltrúar

Við leitum að hressum einstaklingum til að ganga til liðs við öflugan hóp starfsfólks í verslunum Símans. Í boði eru framtíðarstörf sem fela í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Um 100% störf er að ræða, annars vegar í dagvinnu í verslun Símans í Ármúla og hins vegar í vaktavinnu í verslun okkar í Smáralind. Æskilegt er að viðkomandi aðilar geti hafið störf fljótlega.

Við leitum að einstaklingum sem:

- Hafa einstaka samskiptahæfni og þjónustulund
- Hafa framúrskarandi söluhæfileika
- Sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stuðla að góðum liðsanda
- Eru stundvísir
- Hafa áhuga á að læra nýja hluti

Annað:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.




MEDOR

VIÐSKIPTASTJÓRI

HEFUR ÞÚ REYNISLU AF STÖRFUM Á RANNSÓKNARSTOFU?

MEDOR leitar að metnaðarfullum liðsmanni í sterka heild til að sinna krefjandi starfi viðskiptastjóra á rannsóknarvörumarkaði, innan rannsóknarvörudeildar fyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf, kynning og sala á rannsóknarvörum og tækjum til rannsóknarstofa á heilbrigðisstofnunum, í lyfjaiðnaði og líftækni
- Kennsla og innleiðing á vörum og þjónustu
- Útboðs- og tilboðsgerð
- Greining viðskiptatækifæra
- Samskipti við erlenda birgja sem eru leiðandi á sínu sviði

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða raunvísinda
- Reynsla af erfða- og/eða próteinrannsóknum mikill kostur
- Þekking á starfsemi rannsóknarstofa kostur
- Þjónustudrifið og hvetjandi hugarfarar
- Frumkvæði, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 6. MARS NK.

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef **MEDOR**, www.medor.is.

Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Sigtryggur Hilmarsson**, framkvæmdastjóri, sh@medor.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

MEDOR er leiðandi í ráðgjöf, sölu og þjónustu á lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvörum. Helstu viðskiptavinir **MEDOR** eru heilbrigðisstofnanir, apótek, rannsóknarstofur í líftækni, efnagreiningu og lyfjaiðnaði. **MEDOR** er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Vistor, Distica, Artasan og Stoð.



GILDI MEDOR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI



BIFREIÐASTJÓRI ÓSKAST

Prentmet Oddi óskar strax eftir bifreiðastjóra í Reykjavík ásamt aðstoð við lager í 100% starf.

Vinnutíminn er frá 8:00-16:00 og til 15:30 á föstudögum.

Helstu verkefni eru:

- Akstur með prentverk til viðskiptavina.
- Umsjón með vinnubíl: Útkeyrsla og viðhald bíls skv. þjónustubók ásamt almennri umhirðu.
- Útfylling afhendingarbeiðna og utanumhald.
- Skrá pappír inn og út af lager.
- Önnur tilfallandi sérverkefni sem leysa þarf á hverjum tíma.

Helstu hæfniskröfur:

- C og D ökuréttindi / meirapróf og gott að viðkomandi hafi lyftarapróf.
- Góð skipulagshæfni og framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Léttur á fæti og á gott með að bera kassa allt upp í 20 kg.
- Gott vald á íslensku og getur bjargað sér á ensku.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannaðsmála í isi@prentmetoddi.is / s. 8 560 601.

Áhugasamir sækj um á alfred.is. Umsóknarfrestur er til 18. mars nk.



Prentmet Oddi er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akureyri og Selfossi

Við leiðum fólk saman



Laus störf hjá Coripharma

Lagerstarfsmaður

Coripharma leitar að drifandi og jákvæðum einstaklingi á lager fyrirtækisins. Starfsmenn á lager sjá um öll almenn störf sem falla til á hráefna- þökkunar- og sölulager Coripharma ehf.

Helstu verkefni

- Móttaka vörusendinga
- Skráningar og frágangur á hráefnum og þökkunarefnum
- Afhending vara inn á vinnslusvæðiog frágangur eftir notkun
- Frágangur fullbúinnar vöru til útflutnings
- Frágangur og flokkun vegna endurvinnslu
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

Hæfniskröfur

- Lyftarapróf
- Reynsla af lagerstörfum kostur
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, nákvæmt og öguð vinnubrögð
- Stundvísi, jákvæðni og áreiðanleiki í starfi
- Góð íslensku kunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2022

Sérfræðingur á sviði einkaleyfa

Í lyfjaiðnaði gegna einkaleyfi lykilhlutverki. Helstu verkefni sérfræðings sem leitað er eftir er að greinaeinkaleyfastöðuna fyrir hvert verkefni, hvort, hvenær og hvernig er best að þróa samheit-alyf og koma þeim á markað.

Helstu hlutverk og ábyrgðir

- Þróa og framfylgja einkaleyfastefnu fyrirtækisins
- Leita og greina einkaleyfastöðu
- Mat á þróunarvinna fyrirtækisins gagnvart einkaleyfum
- Stuðningur og ráðgjöf til annarra deilda innan fyrirtækisins
- Ráðgjöf við önnur mál sem snúa að hugverkaréttindum
- Samskipti við viðskiptavini

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í náttúruvísindum svo sem lyfjafræði eða efnafræði æskilegt
- Þekking og/eða áhugi á hugverkarétti eða lögfræði kostur
- Þekking á lyfjaiðnaði og þá sérstaklega samheitalyfjaiðnaði kostur
- Lausnamiðaður og geta unnið bæði sjálfstætt og í teymi skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð ensku og íslensku kunnátta skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars næstkomandi.

Störf á framleiðslusviði

Vegna aukinna umsvifa hjá fyrirtækinu leitar Coripharma að jákvæðum og vinnusömum einstaklingum í öflugt teymi á framleiðslusviði. Við leitum að aðilum sem eru skipulagðir, nákvæmir og geta tamið sér öguð vinnubrögð. Um nokkur mismunandi störf er að ræða, allt frá blöndun til þökkunar á lyfjum.

Starfsmenn öðlast þjálfun í verkþáttum sem snúa að lyfjaframleiðslu og finna má í vinnulýsingum og skriflegum leiðbeiningum samkvæmt góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð (GMP). Á framleiðslusviði starfar öflugur hópur sem í dag vinnur að mestu í dagvinnu en starfið mun færast yfir í vaktavinnu síðar meir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Skipulögð, öguð og nákvæm vinnubrögð skilyrði
- Góð samskiptahæfni og jákvætt viðmót

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars næstkomandi.

Sérfræðingur á framleiðslusviði

Sérfræðingur á framleiðslusviði stýrir verkefnum er snúa að flutningi á lyfjaframleiðslu til verksmiðju og er á sama tíma ábyrgur fyrir stefnu sem snýr að flutningi lyfja til viðskiptavinarins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastýra og hafa umsjón með verkefnum sem koma í framleiðslu í verksmiðju Coripharma
- Samskipti við viðskiptavini og upplýsingagjöf til þeirra
- Mikil samskipti við aðrar deildir fyrirtækisins til að hafa yfirsýn yfir stöðu verkefna
- Utanumhald gagna og tryggja geymslu þeirra og aðgengi fyrir aðra starfsmenn
- Vera í forsvari fyrir þverfaglegt teymi innan Coripharma

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Reynsla og/eða þekking á lyfjaframleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð, öguð og nákvæm vinnubrögð skilyrði
- Góð samskiptahæfni og jákvætt viðmót

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars næstkomandi.

Vaktstjóri í þökkun

Vaktstjóri ber ábyrgð á verkaskiptingu og starfsmannamálum á sinni vakt. Einnig ber hann ábyrgð á því að starfsmenn vinni samkvæmt góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð (GMP).

Menntunar og hæfniskröfur

- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Reynsla af stjórnun
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Lausnamiðaður
- Góð almenn tölvukunnátta
- Um vaktavinnu er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars næstkomandi.

Coripharma er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki með um 140 starfsmenn sem byggir á traustum grunni lyfjaþróunar og framleiðslu á Íslandi. Félagið sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og útflutningi samheitalyfja ásamt því að sinna verktökuframleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki.

Frá því að félagið hóf starfsemi árið 2018 hefur það hafið framleiðslu á 20 lyfjum og er með 18 ný lyf í þróun. Nánari upplýsingar um Coripharma má finna á www.coripharma.is Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar veitir Þórey Jónsdóttir mannauðsstjóri í síma 420 6710 eða í tölvupósti thoreyj@coripharma.is



CORIPHARMA



Forstöðumaður Stuðla

Ný stofnun Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa þann 1. janúar 2022

Stofnuninni er ætlað að vinna að farsæld barna í samræmi við bestu þekkingu og reynslu hverju sinni. Barna- og fjölskyldustofa mun sinna verkefnum sem tengjast þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þar á meðal eru verkefni á sviði barnaverndar en við stofnun Barna- og fjölskyldustofu verður Barnaverndarstofa lögð niður. Barna- og fjölskyldustofa mun jafnframt gegna lykilhlutverki við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Barna- og fjölskyldustofa leitar nú að framsæknum leiðtoga sem hefur þekkingu á málefnum barna og hæfni til að leiða Stuðla, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Stuðlar skiptast í þrjár deildir, neyðarvistun Stuðla, meðferðardeild Stuðla og stuðningsheimilið Fannafold.

Umsóknarfrestur er til og með 11.mars 2022

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á www.starfatorg.is



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaráþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannar, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

Málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins varða m.a. félags- og fjölskyldumál, almannatryggingar, málefni innflytjenda og vinnumarkaðsmál.

Sérfræðingur á skrifstofu fjölskyldumála.

Leitað er að sérfræðingi með þekkingu og reynslu af störfum í opinberri stjórnsýslu sem og viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði félags-, heilbrigðis eða menntavísinda og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.

Starfið felst meðal annars í úrvinnslu verkefna á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, málefna fatlaðs fólks auk samskipta við stofnanir sem undir málefnasviðið heyra. Starfið felst einnig í undirbúningi markmiða og áætlana í málaflokknum, alþjóðlegu og innlendu samstarfi sem og öðrum verkefnum sem ráðuneytið sinnir.

Lögfræðingar

Tvær stöður lögfræðinga eru lausar til umsóknar.

Leitað er að lögfræðingum með talsverða reynslu af lögfræðilegum störfum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni í síbreytilegu starfsumhverfi.

Störfin felast meðal annars í stefnumótun, gerð lagafrumvarpa og reglugerða, þátttöku í nefndarstörfum, svörun erinda, skýrslugerð, samstarfi við Alþingi, önnur ráðuneyti, stofnanir, hagsmunaaðila og einstaklinga.

Leitað er að einstaklingum sem hafa tamið sér öguð vinnubrögð, sveigjanleika, ábyrgð og sjálfstæði.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. febrúar 2022.

Umsóknarfrestur er til 7. mars 2022.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á starfatorgi Stjórnarráðsins, www.starfatorg.is

Stjórnarráð Íslands

Félags- og
vinnumarkaðsráðuneytið



ÖLFUS

Hafnarstjóri

Vegna veikinda er laust til umsóknar tímabundið starf hafnarstjóra Þorlákshafnar.

Hafnarstjóri er framkvæmdastjóri hafnarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og leiðir starfsemi hennar í samráði við framkvæmda- og hafnarnefnd. Hlutverk hans er að stuðla að stöðugum umbótum í takt við framsækna og nútímalega hafnarþjónustu.

Leitað er að leiðtoga með gott orðspor, getu til að takast á við margvíslegar aðstæður og brennandi áhuga á vaxandi verkefnum Þorlákshafnar.

Ábyrgðasvið hafnarstjóra:

Hafnarstjóri er starfsmaður hafnarstjórnar og undirbýr stefnumótun fyrir starfseminna í samvinnu við hana. Hann ber ábyrgð á Þorlákshöfn, rekstri hennar, áætlanagerð og fjármálum. Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar, gengur til almennra starfa þegar þörf er á og er yfirmaður starfsmanna hafnarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Skipstjórnarréttindi eru kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Reynsla af sjávarútvegsmálum er kostur.
- Þekking á aðstæðum í Þorlákshöfn er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar um starfið

Starfshlutfall er 100% og er um að ræða ráðningu til 6 mánaða með möguleika á framlengingu. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.


Umsóknarfrestur er til og með 4. mars.

Nánari upplýsingar veitir Sigmar B. Árnason, sviðsstjóri, í síma 480-3800.

Umsóknir berist á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarberg 1 815 Þorlákshöfn merkt „Hafnarstjóri“ eða á netfangið sigmar@olfus.is

Ertu 100% sérfræðingur í rannsóknum?

Talnaspekingur með mikla greiningarhæfileika óskast til að vera hluti af ört vaxandi fyrirtæki sem starfar fyrir mörg stærstu fyrirtæki landsins. Við leggjum mikla áherslu á fagleg og vönduð vinnubrögð, skipulagshæfileika og framúrskarandi samskiptahæfni.



Starfssvið:

- Pátttaka í mótun á aðferðafræði og gerð spurninga
- Uppsetning, utanumhald og framkvæmd eiginlegra og meginlegra rannsókna
- Notkun á tölfraeðikerfum til greininga
- Greining og framsetning gagna
- Verkefnastjórnun og samskipti við viðskiptavinum
- Umsjón með könnunarhópum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (t.d. viðskiptafræði, sálfræði, tölfraeði eða mannauðsstjórnun)
- Reynsla og þekking í greiningu gagna skilyrði
- Góð hæfni í framsetningu gagna í töflum og myndum
- Reynsla af notkun tölfraeðikerfa
- Nákvæmni og athygli á smáatriðum
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2022

Vinsamlegast sendið umsókn og fylgibréf á netfangið edda@prosent.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Prósent er þekkingarfyrirtæki sem býður upp á alhliða þjónustu við framkvæmd meginlegra og eiginlegra rannsókna. Dæmi um rannsóknir eru rýnihópar, viðhorf þjóðar og stjórnenda, vörumerkjarannsóknir, þjónusturannsóknir og vinnustaðagreiningar. Prósent hefur frá árinu 2016 séð um mælingar á Íslensku ánægjuvöginu

Prósent

Verkstjóri / Staðarstjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu vantar Viðskiptavit ehf hörkuduglegan og reynslumikinn verk-/staðarstjóra til daglegrar verkstjórnunar og reksturs á byggingarsvæðum sínum. Um er að ræða skemmtilegt, krefjandi og fjölbreytt starf þar sem öryggi, gæði og afköst skipta meginmáli.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Rekstur byggingarsvæðis með öllu sem því tilheyrir
- Fagleg yfirumsjón með framkvæmdum
- Undirbúningur og uppsetning verka
- Úttekt á verkum undirverktaka
- Stjórnun á verkstað
- Umsjón með dagsskýrslum og verksskýrslum
- Mælingar á verkstað
- Geta gripið til verka

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Meistararéttindi í húsmíði eru áskilin
- Reynsla vegur þungt
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur

Umsóknarfrestur er til og með **27. febrúar 2022**.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og er öllum umsóknum svarað.

Umsóknir óskast sendar í gegnum auglýsingar Viðskiptavits hjá alfred með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.

Verkefnastjóri

Vegna góðrar og vaxandi verkefnastöðu býður Viðskiptavit ehf áhugavert framtíðarstarf fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Stjórnun og umsjón verkefna
- Stjórn og eftirfylgni innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Samskipti við opinbera- og samstarfsaðila
- Gæðaeftirlit í Ajour
- Timastjórnun í MS Project

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Iðn-/tækni-/verkfræðimenntun og marktæk reynsla á verkstað
- Góð tölvukunnátta, reynsla af notkun á AutoCad, Ms Project og Ajour æskileg
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Tæknimaður

Viðskiptavit ehf býður áhugavert framtíðarstarf og spennandi verkefnastöðu fyrir tæknimann sem hefur reynslu af byggingarverkefnum. Viðkomandi mun vinna náið með eigendum að fjölbreyttum verkefnum.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Sjá um magntökur og uppgjörsmál
- Undirbúa útboð
- Sinna útboðs-/tilboðsgerð
- Undirbúningur og utanumhald verkefna ásamt gerð áætlana og samninga
- Samskipti við opinbera aðila og samstarfsaðila

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Verk- eða tæknifræðimenntun
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund



VIÐSKIPTAVIT
- VIÐ LÁTUM HULITINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.



Skólastjóri við Seljaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur auglýsir stöðu skólastjóra við Seljaskóla.

Seljaskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk í efri hluta Seljahverfis. Þar stunda um 650 nemendur nám og við hann starfa um 100 starfsmenn. Starfið byggir á grunngildum skólans, samvinnu – ábyrgð - traust – tillitssemi (SÁTT) og er skólastarf sem stuðlar að velliðan nemenda og starfsmanna. Sérstök áhersla er lögð á félagsfærni og sjálfsefningu í anda Menntastefnu Reykjavíkurborgar og hefur skólinn mótað sér heildstæða sýn sem nefnd er Sjálfsefningvitinn.

Rík hefð er fyrir öflugri list- og verkgreinakennslu í skólanum og fyrirhugaðar eru endurbætur á húsnæði skólans þar sem meðal annars stendur til þess að bæta aðstöðu til list- og verkgreinakennslu og kennslu stafrænnar tækni.

Seljaskóli á náið samstarf við nærumhverfið. Grunnskólarnir í Breiðholti hafa unnið mörg sameiginleg verkefni, til dæmis samstarf við stjórnir foreldrafélaga og læsisstefnu Breiðholts. Víðtækt samstarf er á milli stjórnenda grunnskólanna sem unnið hafa að sameiginlegum skólaþróunarverkefnum. Samvinna er nán við leikskóla, frístundamiðstöð, skóla- og frístundaþjónustu, Þjónustumiðstöð Breiðholts og íþróttafélög.

Í Seljaskóla er leitast við að skapa jöfn tækifæri nemenda til náms og koma til móts við fjölbreyttan og fjölmennigalegan nemendahóp skólans þannig að hver einstaklingur geti látið drauma sína rætast.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á grunnskóla-starfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarþæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“, þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, auknið samstarf og fagmennska.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2022.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita:

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, fagstjóri grunnskóla í skóla- og frístundaþjónustu Breiðholts og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri. Netföng: sigurlaug.hrund.svavarsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Fríðindi í starfi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar eru m.a. bókasafnskort og frítt á söfn með menningarkortinu, heilsuræktarstyrkur, samgöngustyrkur/strætókort og frítt í sund með ÍTR kortinu.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reikningsskil - uppgjör - endurskoðun

Vegna aukinna umsvifa óskast starfsmaður við reikningsskil og gerð skattskila hjá **Endurskoðun og ráðgjöf ehf** í Garðabæ

Ábyrgðarsvið:

- Gerð reikningsskila og uppgjóra
- Skattskil lögaðila
- Teymisvinna við endurskoðunarverkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýttist í starfi
- Reynsla af uppgjörsvinnu og gerð skattskila **er skilyrði**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Til greina kemur að ráða nema í endurskoðun sem stefna á löggildingu í faginu.

Áhugasamir sendi starfs- og námsferilsskrá á cpa@cpa.is fyrir 4. mars næstkomandi.

Endurskoðun og ráðgjöf ehf starfar á sviði endurskoðunar, reikningsskila og bókhalds ásamt skattaráðgjafar til fyrirtækja og einstaklinga. Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.

Endurskoðun & ráðgjöf Garðatorg 7, 210 Garðabær



vinnvinn



VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM VINNUFÉLÖGUM

Malbikstöðin er leiðandi í framleiðslu malbiks á Íslandi og framleiðir hráefni til malbiksframkvæmda með áherslu á gæði, þjónustu og umhverfissjónarmið. Umhverfissjónarmið fyrirtækisins miðast að því að draga enn frekar úr kolefnislosun en tækjabúnaður gerir fyrirtækinu kleift að framleiða malbik með endurunnu malbiki. Malbikstöðin leggur metnað í að skapa faglegt og hvetjandi vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt sem byggist á virðingu, metnaði og líðsheild. Reynslumikið starfsfólk leggur mikla áherslu á að öllum gæðastuðlum sé fylgt og að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við starfsemi félagsins.

BÍLSTJÓRAR MEÐ MEIRAPRÓF

Óskað er eftir bílstjóra í 100% starf fyrir akstur vörubíla félagsins. Bílstjóri verður hluti af teymi sem tekur að sér stórar sem smáar framkvæmdir, hvort sem um ræðir jarðvinnu og/eða malbikun fyrir bílastæði, stíga, götur og/eða vegi.

HÆFNISKRÖFUR

Meiraprófsréttindi.
Góð samskiptafærni.
Þjónustulund og jákvætt viðhorf.
Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

FLOTASTJÓRI

Óskað er eftir flotastjóra sem sér um að skipuleggja og stýra akstri félagsins með hámarksnýtingu flotans að leiðarljósi. Flotastjóri sinnir stöðugu mati á flutningsgetu og bestun ferla. Hann fylgist með hæfni og venjum bílstjóra. Flotastjóri annast einnig samskipti innan félagsins um viðhald flotans. Umsjón og utanumhald með reikningum tengdum verkefnum flotans. Að mestu er um að ræða aðsetur í stjórnstöð félagsins fyrir utan reglulegar heimsóknir á verkstæðið og þátttöku í blöndun.

HÆFNISKRÖFUR

Reynsla í flotastýringu æskileg. Háskólamenntun er kostur. Þekking á vörubifreiðum er kostur. Framúrskarandi samskiptahæfni. Íslenska í rituðu og töluðu máli. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

VÉLSTJÓRI MALBIKSBLANDARI

Óskað er eftir starfsmanni í 100% starf við framleiðslu á malbiki. Starfsmaður verður hluti af teymi sem framleiðir hráefni til malbiksframkvæmda með áherslu á gæði, þjónustu og umhverfissjónarmið. Starfsmaður þarf að hafa þekkingu á raf- og vélbúnaði.

HÆFNISKRÖFUR

Vélstjóramenntun kostur. Þekking á vinnuvélum kostur. Búa yfir góðum samskiptahæfileikum. Íslenska í töluðu máli æskileg. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

STARFSMAÐUR Á RANNSÓKNARSTOFU

Óskað er eftir starfsmanni á rannsóknastofu við gæðaeftirlit. Fjölbreytt greiningavinna og eftirlit með framleiðslu félagsins. Starfsmaður þarf að vera lausnamiðaður og hafa getu til að leysa úr frávikum sem upp koma við dagleg störf. Starfsmaður tekur þátt í reglulegu framleiðslueftirliti og gæðamælingum til að tryggja að framleiðsla á malbiki uppfylli íslenska og evrópska staðla.

HÆFNISKRÖFUR

Nákvæm vinnubrögð. Framúrskarandi greiningarhæfni. Þekking á gæðamálum er kostur. Hæfni til að vinna í teymi. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

STARFSFÓLK VIÐ MALBIKUN

Óskað er eftir starfsfólki í 100% starf við malbikun hjá félaginu. Starfsfólk verður hluti af teymi sem tekur að sér stórar sem smáar framkvæmdir. Frábær og nútímalegur tækjakostur fyrir starfsfólk sem fær þá þjálfun sem til þarf til að sinna starfinu.

HÆFNISKRÖFUR

Vinnuvélaréttindi æskileg en ekki krafa. Hæfni til að vinna í teymi. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

HJÓLASKÓFLA/VÉLAMADUR Á HJÓLASKÓFLU

Óskað er eftir starfsfólki á hjólaskóflu sem verður hluti af teymi við framleiðslu Malbikstöðina að Esjumelum.

HÆFNISKRÖFUR

Vinnuvélaréttindi. Þekking á vinnuvélum er kostur. Búa yfir góðum samskiptahæfileikum. Íslenska í töluðu máli æskileg. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Fyrirspurnir sendist á info@malbikstodin.is Sótt er um störfin á www.alfred.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsókn skal skila fyrir 28.2.2022



MALBIKSTÖÐIN

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

Stafrænn hönnuður

Reykjavík

Viltu leggja þitt af mörkum í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar?

Þjónustu- og nýsköpunarvið leitir að stafrænum hönnuði til þess að taka þátt í því markmiði að gera þjónustur borgarinnar aðgengilegar og auðveldar í notkun fyrir íbúa hennar. Starfið er tímabundið til tveggja ára með möguleika á fastráðningu.

Borgin hefur blásið til sóknar til að hraða stafrænum umbreytingum. Sett hafa verið af stað fjölmörg verkefni í endurhönnun stafrænnar þjónustu. Mjög mikill metnaður er innan sviða borgarinnar og fjölmörg spennandi tækifæri framundan.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Betrubætur og áframhaldandi þróun á hönnunarkerfi (e. design system) Reykjavíkurborgar
- Hanna notendaupplifun (UX) á stafrænum vörum samkvæmt hönnunarstaðli Reykjavíkurborgar
- Þátttaka í stafrænum umbreytingarteymum
- Innleiðing gæða- og þjónustumælinga vegna þjónustuveitingar
- Miðlun upplýsinga
- Vinna náið með vörustjóra, hönnuðum og forriturum að endurbótum hönnunarkerfis
- Þátttaka í ymsu samstarfi innan og utan borgarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni


Menntunar- og hæfniskröfur

- Minnst þriggja ára reynsla af stafrænni vörubrúun sem hönnuður
- Þekking og reynsla af stafrænum hönnunartólum á borð við Figma, Sketch o.fl.
- Hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar er í Figma
- Þekking og reynsla af Adobe hönnunarsvítunni
- Þekking og reynsla af hreyfihönnun og viðmótskvikun (e. UI animation) er kostur
- Þekking á aðferðafræði þjónustuhönnunar er kostur
- Áhugi á því að gera stafræna þjónustu aðgengilega og notendavæna
- Framúrskarandi hæfni í teymisvinnu og mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Jákvætt viðhorf til jafnréttis og fjölbreytileika

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2022. Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Pétursdóttir, hönnunarstjóri, í gegnum netfangið vala.p@reykjavik.is

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

1. Starfsferilsskrá
2. Kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir áhuga og hæfni í starfið
3. Portfólíó sem viðhengi eða aðgangur á stafrænu formi



www.reykjavik.is/storf



job
Finnum draumastarfið saman

Er um við
að leita
að þér?

ÚTBOD

Ný útbod í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar, reglubundið viðhald loftræsinga hverfi 1-2-3, EES útbod nr. 15384
- Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar, reglubundið viðhald loftræsinga hverfi 4-5, EES útbod nr. 15385
- Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar, reglubundið viðhald loftræsinga hverfi 6-7, EES útbod nr. 15386
- Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar, reglubundið viðhald loftræsinga hverfi 8-9-10, EES útbod nr. 15387

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg


Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is

Akademísk staða í verkefnastjórnun



Háskólinn á Bifröst auglýsir lausa til umsóknar akademíska stöðu í verkefnastjórnun við viðskiptadeild háskólans. Við leitum að einstaklingi með metnað og áhuga á að þróa kennslu og rannsóknir á fræðasviðinu við háskólann. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar og hefur verið leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár. Starfsstöðvar skólans eru á Bifröst og í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með námsbraut í verkefnastjórnun
- Kennsla í verkefnastjórnun á grunn- og meistastigi
- Leiðbeining í lokaritgerðum
- Rannsóknir og fræðastörf
- Þátttaka í störfum deildar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf á fræðasviðinu, doktorspróf er kostur
- Kennslureynsla á háskólastigi
- Reynsla af uppbyggingu og mótun námskeiða/námsbrauta er kostur
- Góð reynsla og tengsl við atvinnulíf
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Leiðtoga- og skipulagsfærni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti

Tekið verður tillit til þarfa viðskiptadeildar og hversu vel umsækjendur falla að þeim. Möguleiki er á hlutastarfi.

Með umsókn fylgi ferilskrá yfir nám, störf, kennslu og rannsóknir, afrit af prófskráteinum og stutt kynningabréf. Í kynningarbréfi komi fram áhugasvið, sýn, áherslur og nálgun umsækjanda í kennslu og í rannsóknum. Sótt er um störfið á alfred.is

Nánari upplýsingar veita Hulda Dóra Styrmsdóttir, mannauðsstjóri (mannauðsstjori@bifrost.is), og Stefan Wendt, prófessor og deildarforseti viðskiptadeildar (deildarforsetivd@bifrost.is).

Miðað er við ráðningu frá 1.7.2022. Starfsheiti verður ákvarðað út frá hæfismati.

Háskólinn á Bifröst vinnur út frá jafnréttisáætlun og hvetur alla óháð kyni og aldri til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2022.

bifrost.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Skipulagsauglýsing



VESTURBYGGÐ

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Brjánslækur, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir.

Tilgangur deiliskipulagsins er að búa til skipulagsramma utan um byggðina og þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á næstunni s.s. stækkun hafnargarðs til að bæta smábáta- aðstöðu, uppbygging þjónustu í tengslum við ferðamenn ásamt annarri uppbyggingu.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 28. febrúar til 11. apríl 2022 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 11. apríl 2022.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Virðingarfyllt,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar



EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease a house/apartment in Reykjavik area as from 1st of June. Required size is 160 – 500 square meters, large living room, 2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years.

Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before **March 15th** with information about the house and location (photos, street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the property.

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar eftir að taka á leigu hús/íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. júní. Æskileg stærð 160 – 500 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að halda gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir **15. mars** með upplýsingum um eignina, staðsetningu (ljósmyndir, götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýnir eignina.

MARKAÐSKÖNNUN

Sameiginlegt húsnæði þriggja stofnana ríkisins

21638 - Ríkiskaup f.h. Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna óskar eftir að taka á leigu 5.000 – 6.000 fermetra húsnæði fyrir eftirfarandi stofnanir ríkisins:

- Geðheilsumiðstöð barna (Geðheilsuteymi HH Fjölskylduvernd, Þroska og hegðunar-miðstöð, Geðteymi barna), alls um 1.800 fermetrar.
- Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu, alls um 3.200 fermetrar.
- Heyrnar- og talmeinstöð, alls um 800 fermetrar.

Áætluð heildarstærð húsnæðis er alls um 5.800 fermetrar.

Um markaðskönnun er að ræða og felur hún ekki í sér loforð um viðskipti.

Þess er óskað að svör berist Ríkiskaupum í gegnum vefinn Tendsign.is eigi síðar en föstudaginn, 18. mars 2022 kl. 13:00.

Fyrirspurnir skulu einnig berast í gegnum Tendsign.is og rennur fyrirspurnarfrestur út föstudaginn, 11. mars 2022.

Allar nánari upplýsingar um ferlið, kröfur og tæknilysingar er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni <https://tendsign.is/>.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP



AUGLÝSING UM ALÚTBOÐ

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir þátttakendum til að taka þátt í opnu alútboði, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á íþróttamiðstöðinni á Borg í Grímsnesi. Farið verður yfir allar umsóknir og hæfi og geta umsækjanda metin út frá þeim upplýsingum sem þeir leggja fram með umsókn sinni.

Fyrirhuguð er stækkun á núverandi íþróttamiðstöð að Borg í Grímsnesi. Nýbygging skal vera á tveimur hæðum, annarsvegar íþróttasalur á neðri hæð þar sem hægt verður að stunda almennar æfingar og hinsvegar skrifstofurými á efri hæð hússins.

Heildarstærð íþróttamiðstöðvar verður um 590 m².

Verkkaupi hefur sett byggingunni og starfsemi hennar sjálfbærni-markmið sem mikilvægt er að fylgja eftir. Lögð er megináhersla á að verkið verði unnið á sem hagkvæmasta hátt. Alútboð þetta nær yfir verkfræðihönnun og reisingu hússins. Verkkaupi mun ráða arkitekt til verksins.

Heiti verkefnisins er: **Íþróttamannvirki – Borg í Grímsnesi.**

Helstu verkþættir eru:

- Verkfræðihönnun húss
- Byggingarleyfisumsókn
- Jarðvinna
- Undirstöður, burðarvirki og ytra byrði
- Frágangur utanhúss
- Frágangur innanhúss, þ.m.t. íþróttagólfs og uppsetning á föstum búnaði
- Uppsetning og fullnaðarfrágangur allra lagna- og rafkerfa
- Frágangur lóðar

Tengiliður verkkaupa mun afhenda alútboðsgögn að ósk umsækjanda í gegnum tölvupóst, ragnar@gogg.is. Gefa skal upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og verða gögnin afhent umsækjanda þriðjudaginn 22. febrúar 2022. Skilafrestur tilboðs er 30. mars 2022, klukkan 12.00.

Ekki er hægt að skila inn umsókn eftir að uppgefinn umsóknarfrestur er útrunninn.

Upphaf framkvæmda:

Framkvæmd hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.

Lok framkvæmda: 15. júní 2023.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



F.h. Borgarsögusafns Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í:

Ferjusiglingar og veitingarekstur í Viðey

Markmið Reykjavíkurborgar er að Viðey verði enn betur þekkt sem áhugavert útivistarsvæði og einstakur vettvangur sögu, náttúru og menningar. Í samvinnu við Borgarsögusafn og Reykjavíkurborg mun rekstraraðili taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu er styður við það.

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast í útboðsgögnum nr. 15331 á vefslóðinni: <https://utbod.reykjavik.is/>



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

BESTI TÍMINN TIL AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIR Í ANDLITI

Við á Snyrtistofunni Hafblik sérhæfum okkur í árangursríkum háráðaslitsmeðferðum. Við lokum skemmdum háráðum, háráðastjörnum og blóðblöðrum í andliti. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í veilu háráðunum og loka þeim af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Yfirleitt næst bati eftir 3 skipti. 4-5 vikur þurfa að líða á milli meðferða.

Við bjóðum upp á ókeypis skoðunartíma sem þarf að bóka fyrirfram. Myndir eru teknar af háráðaskemmdunum sem viðkomandi vill láta fjarlægja, tímalengd meðferðar og kostnaður áætlaður og meðferð og eftirmeðferð kynnt.

Nú er besti tíminn framundan að láta drauminn rætast að losna við háráðaskemmdirnar. **Þetta er lausnin.**

Guðrún Jóhanna eigandi Snyrtistofunnar Hafblik þekkir þetta böll sem háráðaskemmdir valda á eigin skinni. Hjá henni komu þær í kjölfar rósroða en þær geta komið af margs konar öðrum ástæðum líka. Ár eftir ár þurfti hún að fara í lasermeðferðir hjá húðlæknum í tilraun til að laga háráðaskemmdir sem gaf lítinn sem engan árangur þrátt fyrir að vera eina lausnin á þeim tíma. Nú er lausnin komin með þessari tækni sem þetta hljóðbylgjutæki býður upp á. Hér á myndunum er dæmi um árangur háráðaslitsmeðferðanna hjá Snyrtistofunni Hafblik.



Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur
Bókið frían tíma í skoðun/viðtal



Snyrtistofan Hafblik



Hildur Selma segist elska að grúska eins og amma hennar og nafna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Klippir saman ólíka heima

Náttúran, tíska, listaverk og sjónvarpsþættir eru fáein atriði sem veita innblástur í klippimyndirnar á Instagram-síðunni Hildarleik, sem telur hátt í 70 klippiverk eftir listamanninn Hildi Selmu Sigbertsdóttur.

jme@frettabladid.is

Hildur byrjaði að búa til klippimyndirnar árið 2014 á meðan hún var í fæðingarorlofi með eldri dóttur sína, en tók langa pásu þegar hún var í námi í Listaháskóla Íslands. „Ég byrjaði aftur að gera klippimyndirnar í byrjun árs 2021 og það ár gerði ég um 30 myndir. Núna eru verkin orðin eitthvað um 65 talsins.“

Hildur er 35 ára gömul, búsett í Hlíðunum með unnusta og tveimur dætrum. „Ég er með BA-gráðu af Sviðshöfundabráut í Listaháskóla Íslands og er í fullu meistaranámi í Ritlist í Háskóla Íslands. Ég er starfandi leikskáld og höfundur og bið spennst eftir því að nýjasta leikritið mitt, Heimsókn, verði sýnt í Hádegisleikhúsi Þjóðleikhússins.“



Sebrahestar, safari, fossar, kuðungshöfuðföt og tíska koma hér saman í ævintýrlegri klippimynd Hildarleiks.

Á milli þess sem hún sinnir námi, ritstörfum, börnum og heimili, býr hún til klippimyndirnar. Hægt er að fylgjast með klippiverkum Hildar á Instagram: hildarleikur. Þar má einnig hafa samband við listamanninn til að komast á biðlista eftir einstöku klippiverki.

Alltaf verið grúskari

Hildur segist fá flest hraefnin í myndirnar úr bókum sem hún kaupir á nytjamörkuðum eins og Góða hirðinum og ABC barnahjálp. „Ég hef alltaf verið grúskari og finnst gaman að finna fjársjóði. Það er eitthvað mjög spennandi við gamlar bækur fullar af myndefni sem fólk lætur frá sér. Það er erfitt að nota glanspappir þannig að eldri bækur virka oft líka betur, myndirnar eru mattari og ég er hrifin af litunum í eldri bókum.“

Eins og staðan er núna þá vinn ég heima við borðstofuborðið. Ég var með vinnustofu en eftir að skólinn fór aftur á fullt hjá mér færði ég mig aftur heim. Það er smávegis flóknara að vinna heima. Ég þarf að ganga frá öllu eftir mig og get ekki skilið eftir hálfklárað verk og gengið í burtu. Á sama tíma er það líka einfaldara. Ég get unnið í myndunum þegar ég hef tíma án þess að þurfa fyrst að koma mér á milli staða. Núna eru þrjár stórir bunkar inni í stofu hjá mér, einn í svefnherberginu og heill hellingur niðri í geymslu.“

Hvað merkir nafnið Hildarleikur?

„Nafnið mitt, Hildur, merkir orrusta og hildarleikur þýðir háskalegur eða hættulegur leikur. Frá því að ég var krakki fannst mér alltaf svo skemmtilegt að sjá þessu orði bregða fyrir, að nafnið mitt væri líka hluti af orði. Ég er skirð í höfuðið á ömmu minni, hún var líka grúskari og er nafnvalið því líka að einhverju leyti tileinkað henni.“

Hver mynd er einstök

Hvert klippiverk krefst gífurlegrar nákvæmnisvinnu, er einstakt og er ekki selt sem eftirprentun. Stundum vinnur hún myndirnar eftir þöntun, en að sögn Hildar eru alltaf nokkrir á biðlista eftir verki hjá henni. „Sumir vilja panta verk handa vinum og fjölskyldu og vilja þá ákveðin þemu. Ég fæ alls konar skemmtileg verkefni, það nýjasta á borðinu hjá mér er að búa til verk upp úr gömlum bókum sem viðkomandi fékk frá ömmu sinni. Eins vilja aðrir að ég geri bara það sem kemur til mín þá stundina.“

Ef ég er að gera verk eftir þöntun þá er ég oft með ákveðin stikkorð til að vinna eftir, eins og til dæmis kettir, náttúra, jóga, plánetur eða annað. Annars er ýmislegt sem veitir mér innblástur í verkin. Náttúran, tíska, listaverk, sjónvarpsþættir og í rauninni allt í umhverfinu. Svo er myndefnið sjálft það áhugavert að það nægir til að kveikja á innblæstri. Ég er oft að vinna með heiminn eins og hann var og mér finnst það fallegt og róandi að vinna með hluti sem breytast ekki eins og náttúra, dýr, líkama, plánetur og plöntur. Við



Tantra og plánetur prýða þessa fallegu klippimynd.

búum við mikla streitu og hraða en í verkunum horfi ég á smáatriðin og bý til úr þeim eitthvað nýtt, úr efniviði sem fólk er búit að henda eða gefa frá sér.

Ég byrja á að fletta í gegnum bækurnar og finna það sem passar við ákveðið þema eða eitthvað sem heillar mig og byrja svo að raða. Stundum passar allt fljótt saman en stundum þarf ég að gramsa lengur. Þarna dett ég í flæði og mér finnst þetta vera skemmtilegasti parturinn af þessu, að drasla til og leita og prófa þar til allt í einu smellur eitthvað.

Erfiðasti parturinn er að líma. Það er mjög mikil nákvæmnisvinna. Oft eru margar úrklippur í hverri mynd og ég þarf að passa að allt sé á réttum stað, sumt undir og annað yfir. Það þarf lítið til að klúðra mynd. Þetta er viðkvæmur efniviður og það þarf að passa að ekkert lím fari út fyrir. Ein úrklippa á rangan stað getur raskað öllu jafnvægi.

Mér hefur oft verið bent á að það gæti verið sniðugt að búa til eftirprent af verkunum mínum, þá gæti ég gert fleiri útgáfur af hverri mynd og selt meira. En ég vil það ekki. Það sem mér finnst spennandi við að vinna í höndunum er að það er bara til ein mynd og það er hægt að sjá að hún er handgerð. Það býr til fallega áferð og dýpt og ég er alltaf að senda frá mér verk sem ég hef varið miklum tíma og hugsun í. Það er í rauninni mjög persónulegt og mér þykir ótrúlega vænt um að fólk vilji hengja myndir eftir mig upp á vegg heima hjá sér og gera þær þannig hluta af sínu heimili.“

Húmorinn aldrei langt undan

Hildarleiks-verkin eru full af húmor enda blanda þau saman ýmsum myndum úr ólíkum áttum sem ríma ekki alltaf við raunveruleikann þegar þær koma saman.

Er húmorinn vísvitandi eða kemur hann bara ósjálfrátt þegar þú byrjar að raða saman myndum?

„Bæði og. Ég hugsa aldrei: „Ég ætla að gera myndna mynd.“ En það er kannski smá myndið að sjá til dæmis berar konur með kisuhöfuð eða jakkafataklaðda fiska. En heimurinn er líka myndinn og skritinn og það er það sem er svo skemmtilegt við klippimyndir, að blanda saman heimum og búa til nýtt samhengi. Stundum er það myndið, stundum ekki og kannski fær það okkur stundum til að hugsa um eitthvað nýtt.“ ■



FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **þriðjudaginn 9. mars.**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Jóhann Waage
Sími: 550-5656
johannwaage@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

EIGNAMÍÐLUN



Þingvellir - Þjóðgarður

Einstakt sumarhús í þjóðgarðinum við norðanvert Þingvallavatn, á 1.600 fm lóð, steinsnar frá Almannagjá. Eignin hefur verið gerð upp á afar smekklegan og vandaðan máta.



Þórarinn M. Fríðgeirsson
Löggiltur fasteignasali / framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
8249093

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

EIGNAMÍÐLUN

OPÍÐ HÚS
28. feb. 17:00-18:00



Garðhús 28

112 Reykjavík

Raðhús ↔ 210 fm 🛏️ 7 herb.



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumíðlari, löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

109.900.000

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



**SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

AUSTURHÖFN

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 213
Sérlega glæsileg 129,5 fm
2ja herb. ásamt sérmerktu
staði í bilageymslu

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúm-gott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar
- Aðgangur að þjónustu á Editionhótelinu gegn gjaldi

Verð: **128 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmuða 4 | miklaborg.is
Óskar R. Hardarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

AUSTURHÖFN

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Geirsgata 17
101 Reykjavík - íb. 508
Sérlega glæsileg 177,2 fm
endaibúð ásamt tveimur
staðum í bilageymslu

- Þrú góð svefnherbergi
- Beint lyftuáðgengi og þrennar svalir
- Glæsileg hjónasvita, önnur svita og stórt svefnherbergi
- Gestasnyrtngi, þvottaherbergi og 2 baðherbergi
- Aðgangur að þjónustu á Editionhótelinu gegn gjaldi

Verð: **239 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmuða 4 | miklaborg.is
Óskar R. Hardarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

**Forsala á íbúðum
í Smyrilshlíð, 102 Reykjavík**



2ja til 4ra herbergja - 64 til 156 fm.

**Bókið skoðun í s: 893 1819
eða eggert@fasteignasalan.is**

Allar nánari uppl. veitir:
Eggert Ólafsson, löggiltur fasteignasali
S: 893 1819,
eggert@fasteignasalan.is



Brúnás 3

210 Garðabær

NÝTT Í SÖLU



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma **899 5856**
eða Jasoni í síma **775 1515**

Glæsilegt og vel skipulagt um 520 fm einbýlishús á fallegum útsýnisstað í Brúnásnum í Garðabæ

- Teiknað af Sigurði Hallgrímssyni arkitekt og um innahússhönnun sá Guðbjörg Magnúsdóttir, innahúsararkitekt.
- Aukin lofthæð á aðal hæð
- 5 svefnherbergjum, þ.á.m. hjónasvita
- Líkamsræktaraðstaða
- Stórt sjónvarpsherbergi
- Rúmgóður 61 fm bílskúr

Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: **899 5856**
gunnar@miklaborg.is



Nánari upplýsingar:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: **775 1515**
jko@miklaborg.is



MIKLABORG

Með þér
alla leið

Óskar R. Hardarson og
Jason Guðmundsson,
löggiltir fasteignasalar

miklaborg.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Toyota Yaris Active Hybrid 1/2019 ekinn 45 þús km. Sjálfskiptur með álfelgum og bakmyndavél ofl. Krúttlegur bíll í snattið. Hann gæti orðið þinn fyrir 2.790.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramaestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndslímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944
Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF S 774-3800

HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSLAGNIR
o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi

Tilboð þér að kostnaðarlausu

<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135377

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is



- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögung

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

Skemmtanir



Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpening. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Heilsa

Heilsuvörur



Heimilið

Barnavörur



Verð frá 219.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Skólar & Námskeið

Námskeið



Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 21/2/7/3, 21/3, 4/4 18/4, 16/5, 20/6, 18/7, 15/8, 12/9 : * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is. ff@icetrans.is - [facebook.com/icetrans](https://www.facebook.com/icetrans). IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 21/2/7/3, 21/3, 4/4 18/4, 16/5, 20/6, 18/7, 15/8, 12/9 : * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is. ff@icetrans.is - [facebook.com/icetrans](https://www.facebook.com/icetrans). IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eitt skrifstofuherbergi fyrir einrykja í góðu húsi við Grensásveg. Aðgangur að eldhúsi, fundaaðstöðu og nettengingu. Snýrtíleg aðkoma og næg bílastæði. Nánari upplýsingar í s. 445 5500

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

Ef þú ert ekkil eða fráskilinn nýlega, reglusamur og vandamálalaus ekta Íslendingur, (60-70 ára), og þig vantar vinkonu í miðjaldri og í sömu stöðu, menntuð á háskólastigi, hafðu samband í s. 845 4219.
Æskilegt er að senda mms myndir.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND



Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofi.

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Nýr áfangi kominn í sölu



OPÍÐ HÚS | í dag laugardag 26. febrúar kl. 13.00-14.00

Elliðabraut 4-10 110 Reykjavík

Glæsilegt fjölbýlishús á þessum eftirsóttasta stað í Norðlingaholti.

- Úrval 2-5 herb. íbúða
- Stærðir frá 81,9 – 136,5 fm
- Aukin loft hæð í mörgum
- Bílastæði fylgir íbúðum
- Rétt við Elliðavatn
- Afhending strax

Verð frá: **67,9 millj.**



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 6911931
ohb@miklaborg.is



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPÍÐ HÚS | mánudaginn 28. febrúar kl. 16.45-17.30

Grandavegur 45 107 Reykjavík

Falleg 90,6 fm íbúð á 2. hæð

- Tvö svefnherbergi
- Rúmgóð og björt stofa
- Þvottahús innan íbúðar
- Suðvestur svalir

Verð: **61,9 millj.**



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU



Fýlshólar 4 111 Reykjavík

Glæsilegt 316,8 fm einbýlishús

- Mikið endurnýjað
- Frábært útsýni yfir borgina, svalir í allar áttir
- 3 svefnherbergi
- Hjónasvita
- 70 fm bílskúr

Verð: **154 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500



NÝTT Í SÖLU



OPÍÐ HÚS | sunnudaginn 27. febrúar kl. 13.00-13.30

Naustabryggja 57 110 Reykjavík - íb 405

Glæsilega endaíbúð á efstu hæð, 4. hæð í lyftuhúsi

- Úr stofu er opið inn í eldhús
- 2 svefnherbergi á sér gangi
- Þriðja svefnherbergið er með baðherbergi innaf
- 3 svalir og sjávarútsýni
- Tveir bílskúrar


Verð: **119 millj.**



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU



OPÍÐ HÚS | í dag laugardag 26. febrúar kl. 14.00-14.30

Hafnarbraut 12e 200 Kópavogur

Falleg 3ja herbergja 117,3 fm íbúð á 3. hæð

- Tvö svefnherbergi.
- Borðstofa, stofa og eldhús eru í opnu rými
- Geymsla
- Sér bílastæði í uppþitaðri bílageymslu.

Verð: **82,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



NÝBYGGING



OPÍÐ HÚS | sunnudaginn 27. febrúar kl. 13.00-13.45

Hverfisgata 92 B 101 Reykjavík-

Rúmgóð 3ja herbergja 105,1 fm íbúð ásamt staði í bílageymslu

- Fullbúin íbúð með vonduðum innréttingum og gólfefnum
- Nýbygging
- Frábær staðsetning

Verð: **84,9 millj.**



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hleidar@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Skólabraut 5 170 Seltjarnarnes

Rúmgóð 93 fm, 3ja herbergja endaíbúð

- Íbúð fyrir 65 ára og eldri
- Félagsaðstaða og mötuneyti á jarðhæð
- Laus við kaupsamning

Verð: **69,9 millj.**



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Ólafi í síma 822 2307

NÝTT Í SÖLU



OPÍÐ HÚS | sunnudaginn 27. febrúar kl. 14.00-14.45

Smyrilshlíð 3 102 Reykjavík - íbúð 403

Vel skipulög og falleg 90 fm, 3ja herb. íbúð

- Tvö svefnherbergi
- Svalir
- Lyfta
- Staði í bílageymslu
- Frábær staðsetning
- Laus við kaupsamning

Verð: **72,9 millj.**



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Bergþórugata 23 101 Reykjavík

Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð

- 2 svefnherbergi
- Sérútgengi út í garð
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning

Verð: **55,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515



OPÍÐ HÚS | í dag laugardag 26. febrúar kl. 13.00-13.30

Hjallabraut 33 220 Hafnarfjörður - íb. 205

Rúmgóð og vel staðsett 76,1 fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð

- Þjónustuhús við Hjallabraut
- Íbúðin er mikið endurnýjuð
- Góðar svalir
- Sér geymsla

Verð: **50,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



MIKLABORG

Með þér alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIDLUN

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



Hjálmakur 6 210 Garðabær

Einbýlishús ↔ 293 fm 🏠 7 herb. (5svefn)

Tilboð

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098



OPIÐ HÚS
28. feb. 17:00-18:00



Garðhús 28 112 Reykjavík

Raðhús ↔ 210 fm 🏠 7 herb.

109.900.000

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098



OPIÐ HÚS
27. feb. 13:00-14:00



Hólmvað 40

110 Reykjavík

Raðhús ↔ 172 fm 🏠 5 herb.

114.900.000

Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934



OPIÐ HÚS
1. mars 17:00-17:30



Lindargata 33

101 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 115,5 fm 🏠 3 herb.

89.500.000

Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168



Sólheimar 40

104 Reykjavík


Fjölbýlishús ↔ 127 fm 🏠 5 herb.

79.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882



OPIÐ HÚS
28. feb. 17:00-17:30



Framnesvegur 44

101 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 73,8 fm 🏠 2ja herb.

48.500.000

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120





Ásvallagata 81

101 Reykjavík

Einbýlishús - bílskúr - aukaíbúð ↔ 320 fm 🏠 10 herb.

Tilboð

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882



OPIÐ HÚS
28. feb. 17:00-17:30



Gullsmári 5

201 Kópavogur

Fjölbýlishús ↔ 76 fm 🏠 3 herb.

56.900.000



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934



Skildinganes 15

102 Reykjavík

Einbýlishús ↔ 387 fm 🏠 9 herb.

Tilboð



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093



Norðurstígur 3

101 Reykjavík

Fjölbýli - aukaíbúð ↔ 141,6 fm 🏠 4 herb.

86.900.000



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815



Sæbraut 3

170 Seltjarnarnes

Einbýlishús ↔ 290 fm 🏠 10 herb.

Tilboð



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



Urðarbrunnur 9


113 Reykjavík

Raðhús ↔ 213 fm 🏠 5 herb.

104.900.000



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168



Urðarbrunnur 11

113 Reykjavík

Raðhús ↔ 229 fm 🏠 5 herb.

109.900.000



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168



Hólmvað 2-4

110 Reykjavík

Fjölbýli - bílskúr - lyftuhús ↔ 163 fm 🏠 4 herb.

101.900.000



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
864 5464



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
588 9090



Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
588 9090



Þórarinn M. Fríðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
899 1882



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
777 2882



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur teigmíðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096



Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
861 8511



Herdís Valb. Hólludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508



Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
615 6181



Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur
899 8815



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
824 3934



Ragnhildur A. Gunnarsdóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
861 1197



Jenny Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri
588 9090



María Guðrún Waltersdóttir
Möttaka
588 9090



Daniela R. Reynisdóttir
Möttaka
588 9090

Kolbeinn Arnbjörnsson leikari ólst upp við óvanalegar fjölskylduáðstæður, einungis um eins árs gamall fór hann í varanlegt fóstur til móðursystur sinnar. Hann á ellefu systkini og þrjú sett af foreldrum. Kolbeinn fæddist með fjölmarga fæðingarkvilla og átti aldrei að geta skrifað eða teiknað.

Ég hef ekki verið mikið að trana mér fram,“ segir Kolbeinn Arnbjörnsson leikari. Hann útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2012 en sló nýlega í gegn í hlutverki Salomons í þáttunum Svörtu söndum sem frumsýndir voru á Stöð 2 um jólin.

„Það er erfitt að hugsa sér dýnamiskara og meira spennandi hlutverk fyrir leikara að takast á við en svona hlutverk,“ segir Kolbeinn um hlutverk Salomons. Eins og þau sem horft hafa á Svörtu sanda vita leikur Kolbeinn vonda kallinn.

Hann er þó ekki einungis vondur heldur maður með flókna áfallasögu og segist Kolbeinn hafa fundið til samkenndar með honum strax þegar hann las handritið í fyrsta sinn. „Ef maður nær að aftengja hann þessum hræðilegu atburðum og verknaði þá er auðvelt að finna til samkenndar með honum,“ útskýrir Kolbeinn.

„Ég held að það séu sárafáar manneskjur í mannkynssögunni sem hafa trúað því að þær séu vondar manneskjur þó að þær hafi gert vonda hluti. Það er svo hressandi að hugsa sig frá því að fólk sé annað hvort gott eða vont og hlutirnir svartir eða hvítir. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á því hvað það er sem veldur því að fólk hagar sér á ákveðinn hátt og held að við séum öll afleiðingar atburða sem mótuðu okkur,“ segir Kolbeinn.

Í þáttaröðinni er farið djúpt inn í sögu karakteranna og frá upphafi er greinilegt að Salomon hefur ekki unnið úr þeim aföllum sem hann hefur orðið fyrir. Kolbeinn segir að sínu mati skemmtilegast að leika persónur sem séu mjög ólíkar honum sjálfum, líkt og persóna hans í Svörtu söndum.

„Það er alltaf gaman að leika vonda kallinn en það er líka því skemmtilegra finnst mér að leika persónu sem er eins ólík manni og hugsast getur,“ segir Kolbeinn.

Óvanalegar fjölskylduáðstæður

Kolbeinn ólst að mestu leyti upp á Ólafsfirði. Móðir hans eignaðist hann ung, aðeins átján ára, og þegar hann var rétt um eins árs fór hann í fóstur til móðursystur sinnar og eiginmanns hennar.

„Mamma mín var bara sautján ára þegar hún verður ófrísk að mér. Sjálf bara barn,“ segir Kolbeinn. „Ég fæðist með fjölpætta fæðingargalla. Er með ofboðslega slæman barnastma, þrálátar sýkingar í eyrum og ég hafði legið illa í móðurkviði sem olli því að vöðvafestingar greru illa saman og ég átti erfitt með að halda höfði og var í vandræðum með jafnvægi,“ bætir hann við.

„Ég var varla með finhreyfingar í höndunum og átti aldrei að geta skrifað eða teiknað,“ útskýrir Kolbeinn en með tímanum náði hann þó góðum tókum á því.

„Mamma og pabbi voru í rauninni aldrei saman og þegar ég fæðist ákveður mamma að flytja í Hveragerði og reyna að koma undir sig fótunum. Vera sjálfstæð ung kona með lítið barn. Ég sé það núna hversu undravert það er að hafa hugrekki til að reyna að feta þessa slóð.“

Eftir að Kolbeinn fæddist voru móðursystir hans og eiginmaður hennar dugleg að heimsækja mæðginin og létta undir með móður hans. Þegar Kolbeinn nálgadist eins árs aldurinn var þó ákveðið að hann færi í varanlegt fóstur til þeirra á Ólafsfirði.

„Ég var alinn upp með þetta allt



Kolbeinn útskrifaðist sem leikari árið 2012 en hefur ekki verið áberandi í sjónvarpi fyrr en nú. Hann segist alltaf hafa átt erfitt með að koma sjálfum sér á framfæri og taka sér pláss.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Upplifði ekki höfnun þrátt fyrir óvanalega æsku



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

uppi á borðum og hef aldrei kallað uppeldisforeldra mína neitt annað en mömmu og pabba,“ segir Kolbeinn. „Stuttu eftir að ég flutti með þeim í Ólafsfjörð gerði blóðmóðir mín það líka. Hún eignast mann, sem er bróðir manns systur hennar, svo þær eru systur með bræðrum,“ bætir hann glettinn við.

„Þau eignast börn og búa í næstu götu. Það er alltaf mikill samgangur og samskipti þarna á milli, ég passaði yngir bræður mína og svona, svo var ég líka reglulega í samskiptum við blóðföður minn þó að samband okkar hafi kannski tekið smá tíma að ná djúpt. Það er svo eitthvað sem hefur aukist með sambandið við alla mína foreldra með auknum

proska og skilningi.“

Kolbeinn segist vissulega hafa velt fyrir sér ákvörðunum blóðforeldra sinna í gegnum tíðina en aldrei upplifað raunverulega höfnun þar sem hlutirnir hafi alltaf verið uppi á borðum. „Svo var ég svo ungur þegar ég er kominn í þessar aðstæður.“

Kolbeinn á þrjú sett af foreldrum og ellefu systkini, sjálfur á hann einnig tvær dætur. „Ég er mjög heppinn með það að þrátt fyrir að ég eigi flókið fjölskyldumynstur, þá er ég í núna í góðu sambandi við allt þetta fólk og við eignum í góðum samskiptum. Ég lit á alla foreldra mína sem foreldra mína og öll systkini mín sem systkini,“ segir hann.



Ég lit á alla foreldra mína sem foreldra mína og öll systkini mín sem systkini,



Auðvitað eru hlutir sem hafa ekki verið ræddir en ég veit það fyrir víst að ég fæ svör við þeim spurningum sem ég á eftir að spyrja þegar ég geri það, alveg eins og ég hef fengið svör við öllum þeim spurningum sem ég hef nú þegar spurt.

„Auðvitað eru hlutir sem hafa ekki verið ræddir en ég veit það fyrir víst að ég fæ svör við þeim spurningum sem ég á eftir að spyrja þegar ég geri það, alveg eins og ég hef fengið svör við öllum þeim spurningum sem ég hef nú þegar spurt.“

Átti aldrei að geta teiknað

Kolbeinn hefur alltaf haft mikinn áhuga á hvers konar list. Hann var trúðurinn í bekknum sem kom fram á öllum skólaskemmtunum, elskaði að skrifa sögur og ljóð og að teikna og mála. Hann átti ekki að geta náð tókum á því að halda á blýanti vegna skorts á finhreyfingum og jafnvægi en segir áhugann hafa orðið til þess að hann gafst ekki upp.

„Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að skapa og vissi ekkert skemmtilegra svo ég gerði það bara þó að ég ætti ekki að geta það,“ segir Kolbeinn. Honum fannst alltaf gaman í skóla en var með ógreint ADHD sem barn og fannst hann ekki eiga mikið erindi í skóla eftir að grunn-skólagöngu hans lauk. Hann gerði því það sem flestir í hans fjölskyldu höfðu gert í gegnum tíðna, fór að vinna í fiski.

„Allt mitt fólk er sjómenn og það eru fyrirmyndirnar sem ég hef haft fyrir augum alla mína tíð,“ segir Kolbeinn. Hann vann í frystihúsi á bæði Dalvík og Ólafsfirði í tvö ár og kom svo af fjöllum þegar hann heyrði af því að hægt væri að læra myndlist í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

„Ég hafði bara aldrei vitað til þess að það væri í boði og hvað þá að maður gæti orði stúdent af myndlistabraut,“ segir Kolbeinn sem lét slag standa og fór í skólann og lærði myndlist. Eftir að náminu lauk fór Kolbeinn í tvo túra á frystitogara en ákvað svo að flytja til bróður síns í Reykjavík, safna verkum í portfolio-möppu og sækja um í myndlist í Listaháskólanum.

Viltist inn í leiklistina

Það fór þó ekki alveg eins um sjóferð þá og planið sagði til um. Þegar Kolbeinn var fluttur til Reykjavíkur var hann plataður á fund hjá Stúdentaleikhúsinu og tók í kjölfarið þátt í starfi þess. Þar eignaðist hann vini sem allir stefndu á að sækja um í leiklist í Listaháskólanum og hann ákvað að gera það líka.

„Þau höfðu undirbúið sig mánuðum saman en ég var alls ekki nógu vel undirbúinn og komst auðvitað ekkert inn. En eftir að ég fór í prufurnar þá vissi ég að ég ætti fullt erindi inn í námið og að þetta væri það sem mig langaði að gera,“ segir Kolbeinn.

Næsta árið fór í undirbúning fyrir prufur og eftir miklar og strangar æfingar komst Kolbeinn inn. „Ég tók þetta mjög alvarlega,“ segir hann.

„Við Hjörtur Jóhann Jónsson, leikari og bekkjarbróðir minn í leiklistarskólanum, hittumst eldsnemma á hverjum morgni. Fórum í sund í Vesturbæjarlauginni og út að hlaupa, svo hlýddum við hvor



Fólk þarf ekki að hafa barist í Vietnam til að líða illa, þetta er ekki harmsamkeppni.

öðrum yfir Shakespeare,“ bætir hann við og stoltið leynir sér ekki.

Með fram leiklistarnáminu vann Kolbeinn á bráðageðdeild Landspítalans, hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á mannlegu eðli. „Ég trúir því að áföll séu stærsta mein okkar samfélags, eða öllu heldur úppgerð áföll. Það hefur líka verið stór partur af mínum innblæstri í skrifum,“ segir hann.

„Ég held þó að samtalið í samfélaginu varðandi áföll sé að breytast hratt og samanburðurinn sé að verða minni. Fólk þarf ekki að hafa barist í Vietnam til að líða illa, þetta er ekki harmsamkeppni. Við erum svo fjölbreytt og upplifum hlutina ólíkt, það sem er áfall fyrir einum þarf ekki að vera það fyrir öðrum,“ segir Kolbeinn og bendir á hversu gleðilegt það sé að vettvangurinn fyrir fólk til að leita sér hjálpar sé sístækkandi.

„Fólk hefur allt í einu val um það hvert það vill leita sér hjálpar. Það eru þúsundir hlaðvarpa, bóka, samfélagsmiðla og endalaust afstöðum í boði en ég tek það skýrt fram að það afsakar samt ekki að það sé ekki enn farið að niðurgreiða sálfræðipjónustu fyrir fólk,“ segir hann.

„Við vitum það að langflestir þeirra sem eru í fangelsum, vímuefnaneyslu eða eiga bágt á einhvern hátt eru með úppgerð áföll á bakinu og það væri mun ódýrara fyrir samfélagið að niðurgreiða sálfræðipjónustu, þetta er ekki hópurinn sem hefur efni á að fara til sálfræðings.“

Langt kominn með skáldsögu

Kolbeinn er nýlega komin heim af Berniale-kvikmyndahátíðinni þar sem Svörtu sandar voru forsýndir og segist hann hafa notið þess mikið að fá að vera innan um fólk í leiklistarbransanum sem hann liti upp til og að hafa fengið að ganga rauðan dregil.

„Þetta er auðvitað ekki það sem lífið snýst um en það var virkilega gaman að upplifa þetta. Þetta er veruleiki sem ég held að flestir láti sig dreyma um og það er alltaf gott að fá viðurkenningu fyrir störf sín,“ segir Kolbeinn en Svörtu sandar var ein þeirra þáttaraða sem stóðu upp úr á hátíðinni í ár.

Eftir frammistöðu Kolbeins sem Salomons hafa margir velt því fyrir sér hvers vegna hann hafi ekki fengið fleiri áberandi hlutverk á ferli sínum, hann sjálfur segist þó ekki í nokkrum vafa hvers vegna það sé. „Ég hef engum nema sjálfum mér um það að kenna. Ég hef nefnilega alltaf átt erfitt með að setja sjálfan mig fram og taka mér pláss. Þar spilar brotin sjálfmynd og óöryggi stærstu rulluna,“ útskýrir hann.

„Það má því með sannri segja að þetta hlutverk hafi komið á hárréttum tíma þar sem ég hef eytt talsverðum tíma í sjálfsvinnu undanfarið ár sem endaði á faglegri aðstoð. Ég er í augnablikinu í áfalla- og partameðferð, svokallaðri EMDR-meðferð, sem hefur reynst mér ótrúlega vel,“ bætir Kolbeinn við.

Spurður að því hvað sé fram undan segir Kolbeinn margt í pípunum en ekkert fast í hendi með næsta hlutverk. Hann sé þó langt kominn með sína fyrstu skáldsögu auk yfirnáttúrulegrar áfallasögu í formi þáttaraða. ■



Kolbeinn var einungis um eins árs gamall þegar hann fór í fóstur til móðursystur sinnar og eiginmanns hennar á Ólafsfirði. Blóðmóðir hans var aðeins átján ára þegar hann fæddist. Hann á þrjú sett af foreldrum og ellefu systkini og er í góðu sambandi við þau öll.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Nýjar áskoranir – nýjar leiðir

Styrkir til krabbameinsrannsókna

316
milljónum úthlutað

58
styrkir veittir

Markmið Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Fjölbreytt rannsóknarverkefni eru styrkt af Vísindasjóðnum. Sérstaklega er hvatt til umsókna til klínískra rannsókna og rannsókna sem tengjast börnum og unglungum.

Stofnfé sjóðsins eru styrkir og gjafir frá almenningi og fyrirtækjum um allt land. Við þökkum öllum velunnurum félagsins. Með ykkar stuðningi varð stofnun sjóðsins að veruleika.

Óskað er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum

- Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á www.krabb.is/visindasjodur/
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti þriðjudaginn 22. mars
- Umsóknir skal senda rafrænt á visindasjodur@krabb.is
- Hámarksupphæð styrks er 10 milljónir króna
- Styrkur vegna sama verkefnis er veittur að hámarki í þrjú ár


Dæmi um rannsóknarverkefni sem styrkt eru af sjóðnum



Berglind Ósk Einarsdóttir rannsakar hvernig sortuæxlisfrumur komast hjá því að vera drepnar af ónæmiskerfinu. Verkefnið „Hlutverk MITF í hindrun ónæmissvars sortuæxla“ hlaut 6,2 milljón kr. styrk úr sjóðnum árið 2021.



„Það er brýn þörf á að draga úr skaðlegum áhrifum doxórubicíns á hjarta og bæta þannig verulega lífsgæði krabbameinssjúklinga.“ George Kararigas hlaut 10 milljónir króna styrk úr sjóðnum 2021.



Guðrún Valdimarsdóttir rannsakar meinvarpsmyndun brjóstakrabbameins. Verkefnið „Æxlingar úr brjóstakrabbameinssjúklingum meðhöndlaðir með æðabelssértækum sameindalyfjum - Samanburður á frumæxlum og meinvörpum í ólíkum undirgerðum brjóstakrabbameins“ hlaut 8,6 milljón kr. styrk úr sjóðnum árið 2021.



Krabbameinsfélagið
Vísindasjóður

Hægt er styrkja sjóðinn á krabb.is eða í síma 540 1900



Baunasúpana gerir hún eins og mamma hennar gerði hana með smá tvisti og toppar hana með beikoni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kristín er annál-
aður fagurkeri
og matgæðing-
ur og nýtur sín í
eldhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Baunasúpan eins og mamma gerði hana



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.iss

Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður hjá LEX, er alla jafna kölluð eldhúsdrottningin og sumir segja að hún sé okkar Martha Stewart, eldhúsdrottningin knáa. Kristín er annáláður fagurkeri og matgæðingur og nýtur þess að vera í eldhúsinu eftir langa vinnudaga og segir það vera sína hugleiðslu og ástríðu.

Kristín heldur mikið í íslenskar matarhefðir og -siði, þar á meðal þær sem fylgja sprengidegi og þá er það baunasúpan sem er í aðalhlutverki. Saltkjöt og baunir eru íslenskur réttur sem er á borðum á fjölmörgum íslenskum heimilum á sprengidag og hefur verið í árána rás.

„Mér finnst alltaf mjög heimilislegt að elda klassískan íslenskan mat. Þar er saltkjöt og baunir engin undantekning. Ég elda meira eftir tilfinningu og á mjög erfitt með að fylgja uppskriftum í þaula. Síðan þykir mér afskaplega gaman að prófa mig áfram með smá tvisti í klassískum réttum þótt ég haldi í hefðirnar í grunninn.“

Bollurnar eru líka í miklu upphaldi hjá Kristínu. „Mér finnst nauðsynlegt að baka bollur fyrir bolludag og elda saltkjöt og baunir á sprengidag. Mér finnst það svo nauðsynlegt að ég hef þjófstartað án þess að fatta það. Bakaði kynstrin öll af bollum en komst að því þegar ég mætti í vinnuna á mánudegi að ég var viku of snemma. Tvöfaldur bolludagur á mínu heimili það árið.“

Við fengum Kristínu til að deila með lesendum uppskriftinni að baunasúpanni sem hún gerir árlega. „Uppskriftin að baunasúpanni er eins og mamma gerði hana en með smá tvisti frá mér. Ég var svo glöð þegar ég eldaði þessa súpu fyrir myndatökuna og sonur minn spurði hvort að þetta væri ekki uppskrift frá ömmu. Mér fannst það mikið hrós. Vorlaururinn og beikonið gefa bragðinu ákveðna fyllingu.“



Uppskriftin að baunasúpanni er eins og mamma gerði hana en með smá tvisti frá mér.

Saltkjöt og baunir

4 vorlaurar
4 sneiðar þykkt beikon
300 g gular baunir
1-1½ l vatn
1 kg saltkjöt
1 stór gulrófa
5 gulrætur
5 kartöflur

Saxið vorlaurinn og beikonið smátt og skerðið gulrófu, gulrætur og kartöflur í bita.

Steikið vorlaur og beikon í potti þar til kominn er góður ilmur.

Bætið þá vatninu og baununum út í ásamt einum bita af saltkjöti.

Látið sjóða við vægan hita í um 45 mínútur. Þá er rófu, gulrótum og kartöflum bætt út í og látið malla áfram þar til grænmetið er soðið, í um 30 mínútur.

Bætið vatni við eftir þörfum.

Sjálfri finnst mér best að hafa súpuna ekki of þunna og vil finna aðeins fyrir baununum en einnig er hægt að mauka súpuna með töfrasprota ef óskað er eftir finlegri áferð. Saltkjötsbitana sem eftir eru sýð ég í öðrum potti í um klukkustund.

Áður en súpan er borin fram sker ég saltkjötsbitana niður og bæti þeim út í súpuna. ■



Kristín segir vorlaurinn og beikonið gefa bragðinu ákveðna fyllingu.

Saltkjöt og baunir – tókall

Eins og hefð er fyrir þá fagna landsmenn sprengideginum með því að troða sig vel út af saltkjöti, baunum og öllu tilheyrandi. En hvaðan skyldi þessi hefð koma? Elsta heimild um íslenska heiti dagsins tengist matarveislu fyrir föstuna, en sprengidagur er þriðjudagur í föstuinnangi fyrir lönguföstu, sjö vikum fyrir páska. Elsta heimildin er í íslensk-latnesku orðasafni Jóns Ólafssonar Grunnvíkings, kringum 1735, eins og fram kemur á Wikipedia, frjálsa alfræðiritinu. Þar segir hann að sprengikvöld þýði orðrétt kvöld sprengingar sem er kvöld mikilfenglegrar átveislu með alls konar meðlæti.

Vinnufólk fékk vel að borða
Einnig kemur fram í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá árunum 1752-57 að á sprengikvöldi fái allt vinnufólk eins mikið að éta af hangikjöti og það getur í sig látið en síðan sé ekki étið kjöt fyrr en á páskum. Hangikjöt var lengi vel helsti veislukosturinn enda salt af skornum skammti. Frá síðasta hluta 19. aldar er loks vitað um saltkjöt og baunir á sprengidag og hefur þeirri hefð verið haldið við síðan þá. Saltkjöt og baunir er ekta

íslenskur réttur sem borðaður er á fjölmörgum íslenskum heimilum á sprengidag en er þó alls ekki eingöngu bundinn við hann heldur var áður algengur allan ársins hring. Rétturinn er súpa úr gulum baunum og grænmeti, langoftast kartöflum, gulrófum og gulrótum, ásamt söltuðu lambakjöti sem ýmist er borðað með súpunni af sérstökum diskum eða skorði í bita og borðað í súpunni. Margir bragðbæta líka íslenska baunasúpu með örliðu beikoni og gefa henni sitt bragð eftir sínu nefi.

Lagstúfur frá Baldri og Konna
Gaman er líka að geta þess að lagstúfurinn „Saltkjöt og baunir, tókall“ er oft sunginn þegar sprengidagurinn fer að nálgast en er einnig oft sönglaugur til merkis um að einhverju sé lokið, til dæmis skemmtiatriði. Upphafsmáður þessa lagstúfs er skemmtikrafturinn Baldur Georgs en lagstúfinn er að finna á plötu með Baldri og Konna frá árinu 1954. Talið er að Baldur hafi tekið þetta upp eftir bandarískum rakarakvartettum sem luku oft atriðum sínum með því að söngla „Shave and a haircut, two bits“ en „two bits“ var slangur yfir 25 senta pening í Bandaríkjunum. ■

IS WATCH CO. REYKJAVIK

Gennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi



HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ
SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR
Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN
OG FRAMLEIÐSLU ÚRA.
ÁRATUGA REYNSLA,
METNAÐUR OG
FAGMENNSKA.



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR
ALDREI VERIÐ MEIRA
OG ÆTTU FLESTIR AÐ
GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT
ÚR VIÐ SITT HÆFI EN
ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á
WWW.GILBERT.IS



ARCTIC
ICELAND

ARCTIC ÚRIN ERU TILVALIN FERMINGARGJÖF, GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI, ÍSLENSK HÖNNUN.



ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-



ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-



GILBERT
ÚRSMÍÐUR

GILBERT ÚRSMÍÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

Merkisatburðir

- 1478** Flugmenn Pazzi-fjölskyldunnar ráðast á Lorenzo de' Medici og drepa bróður hans, Giuliano, í hátiðarmessu í dómkirkjunni í Flórens.
- 1617** Ráðgjafi Mariu de' Medici, Frakklandsdrottningar, Concino Concini, myrtur af útsendum Loðvíks XIII. sem tekur stjórn landsins í sínar hendur.
- 1834** Ofsaveður á Faxaflóa. 42 menn af tveimur skipum og 14 bátum farast.
- 1920** Kanadíska ísknattleikslíðið Winnipeg Falcons, sem er að mestu skipað Vestur-Íslendingum, verður Ólympíumeistari í Antwerpen.
- 1966** Akraborgin fer sína síðustu ferð til Borgarness.
- 1986** Tsjernóbýlslysið: Einn af ofnum kjarnorkuversins í Tsjernóbýl springur.
- 1989** Banvænasti fellibylur allra tíma, Daulatpur-Saturia-fellibylurinn, gengur yfir Dhaka-hérað í Banglades með þeim afleiðingum að 1.300 farast.
- 1994** 264 farast þegar China Airlines flug 140 hrapar við Nagoya í Japan.
- 2002** Fyrrum nemandi skýtur 13 kennara, 2 nemendur, 1 lögreglumann og síðast sjálfan sig til bana í menntaskóla í Erfurt í Þýskalandi.
- 2004** Fjölmíðlafrumvarpið lagt fram á Alþingi.



†
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Theodór Antonsson
lést á heimili sínu laugardaginn
19. febrúar. Útför auglýst síðar.

Aðalheiður Guðmundsdóttir Birgir Sigurðsson
Jón Viðar Guðmundsson
Þórunn Huld Ægisdóttir Jóhann Bjarnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Mjergætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar






Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað





Jóhanna Eiríksdóttir Sverrir Einarsson Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár





Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Gísli Marteinn var kátur þegar hann var að undirbúa þátt gærkvöldsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Finnst hann vera hundgamall

Hinum síunga Gísla Marteini Baldurssyni finnst hann vera orðinn hundgamall. Tæpur áratugur er liðinn frá því að hann hætti í stjórnmálum og sneri aftur í sjónvarp, auk þess að fá sér hund, ala upp unglunga og setja á fót kaffihús.

arib@frettabladid.is

Þáttastjórnandinn, kaffihúsarekandinn og borgarfulltrúinn óformlegi, Gísli Marteinn Baldursson, fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag, laugardaginn 26. febrúar. Gísli Marteinn var ekki mikið að hugsa út í þau tímamót, hann hefur verið að hugsa upp á síðkastið til síðasta áratugar og alls sem hefur gerst í hans lífi frá því hann varð fertugur.

„Ég var rúmlega fertugur þegar ég skipti úr borgarstjórn og yfir í sjónvarpið. Og ég var líka rúmlega fertugur þegar ég stofnaði Kaffi Vest ásamt félögum mínum. Og ég var rétt um fertugt þegar við fjölskyldan fengum okkur hundinn Tinna. Fyrir utan hið venjulega fjölskyldulíf, eins og að koma unglingsdætrum í gegnum þau ár,“ segir Gísli Marteinn.

„Þetta hefur allt saman verið dásamlegt og ég er mjög þakklátur fyrir þessi tíu ár sem gáfu mér þetta allt saman.“

”

Fólk er alltaf að segja það en fólk sem er að segja það hefur ekki séð myndir af mér þegar ég var tvítugur. Þá leit ég út fyrir að vera tólf ára.

Gísli Marteinn Baldursson

kjörtímabil. Hann hefur enn mikinn áhuga á borgarmálum og viðrar reglulega skoðanir sínar á samfélagsmiðlum.

Hvað á svo að gera næstu 10 ár?

„Það er góð spurning! Ég er ekki með neitt planað. Ég geri bara ráð fyrir að vera áfram í sjónvarpinu, að því sögðu þá gerði ég líka ráð fyrir því þegar ég varð fertugur að ég yrði áfram í stjórnmálunum. Hver veit hvað gerist?“ segir hann. „Ég ætla að reyna að staðna ekki og eins og hingað til reyna að vera óhræddur við að segja já við nýjum verkefnum. En mér líður mjög vel í því sem ég er að gera núna. Kannski breytist ekki neitt.“

Þeir ekki mikið í útlitinu

Nú lítur þú ekki út fyrir að vera fimmtugur, hvernig stendur á því?

„Ókei,“ segir Gísli og hlær. „Mér finnst ég gera það. Mér finnst ég hundgamall. Ég þæli ekki mikið í þessu.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Gísli er sakaður um að vera unglægur. „Fólk er alltaf að segja það en fólk sem er að segja það hefur ekki séð myndir af mér þegar ég var tvítugur. Þá leit ég út fyrir að vera tólf ára.“

Markmiðið næsta áratuginn er hógvært. „Ég virðist vera að ná því að verða fimmtugur, markmiðið nú er að reyna að verða sextugur.“ ■



†
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,
Magnúsar Þórs Geirssonar
Fornusöndum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks HERU og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Margrét Erna Þorgeirsdóttir
Tinna Ósk Magnúsdóttir
Vilborg Inga Magnúsdóttir
Margeir Magnússon
Kolbrún Sóley Magnúsdóttir
Þorgeir Magnússon
Rebekka Sól, Margrét Þórhildur, Bjartey Vaka



†
Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og frændi,
Páll Ingólfsson
áður landfræðingur hjá Orkustofnun, Hringbraut 50, Reykjavík,
lést á Hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 20. febrúar. Útför hans fer fram frá Akraneskerkju föstudaginn 4. mars kl. 11. Útförinni verður streymt frá vef Akraneskerkju, www.akraneskerkja.is

Guðný Þóra Pálsdóttir Steve Le Moenic
Finn Le Moenic
Emil Le Moenic
Luc Le Moenic
Lilja Le Moenic
Hanna Magnúsdóttir



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

Gerðu Ásrúnar Jónsdóttur

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Foldabæjar og Droplaugarstaða sem önnuðust hana af hlýju og alúð.

Anna Lilja Kvaran
Anna Katrín Sveinsdóttir og fjölskylda



+

Elskulegur frændi okkar,

Sigfús Brynjólfsson

fv. leigubifreiðastjóri, áður til heimilis að Skeiðarvogi 20, lést á hjúkrunarheimilinu Eir 20. febrúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.

F.h. aðstandenda,
Brynja Áslog Sigurðardóttir
Hörður Fossberg Harðarson



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og fyrrum eiginmaður,

Sigurður Jens Benjamínsson

Rofabæ 43, Reykjavík, lést föstudaginn 11. febrúar á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Útför hans fór fram í kyrrþey.

Albert Geir Sigurðsson **Kristín Sædal**
Jónas Karl Sigurðsson **Eiríka Ólafsdóttir**
Hlynur Örn Sigurðsson **Ragnheiður Sigurðardóttir**
Inga Berglind Sigurðardóttir **Gestur Þór Arnarson**
Guðný Ingunn Jónasdóttir **barnabörn og barnabarnabörn.**



+

Okkar ástkæri sonur, bróðir og mágur,

Brynjólfur Þórisson

Sólheimum 27, Reykjavík, lést miðvikudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 15.

Þórir Gíslason
Ingvi Kristján Guttormsson



+

Við sendum hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Bjarna Bjarnasonar

Sérstakar þakkir færur við starfsfólkinu á Hlíðarbæ og á Droplaugarstöðum fyrir framúrskarandi umönnun í erfiðum veikindum.

Emilía Ólafsdóttir
Sigurveig Hjaltested **Baldvín Björgvinsson**
Brynjólfur Bjarnason **Jódis Kolbrún Jónsdóttir**
Ólafía Bjarnadóttir **Emil Pétursson**
og barnabörn.



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Þórir Victorsson

Aðalstræti 4, Patreksfirði, lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Patreksfirði, 15. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Eygló Bergh **Olle Bergh**
Kristín Gísladóttir **Sigurður Borgar Guðmundsson**
Gerður Gísladóttir **Julía Anna Kubowicz**
Victor Kr. Gíslason **Geir Gestsson**
Jóhanna Gísladóttir **barnabörn og barnabarnabörn.**



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sonja Ingibjörg Kristensen

Kirkjuvegi 11, Reykjanesbæ, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 1. mars klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Samtök langveikra barna og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja D-deild.

Athöfninni verður streymt á:
www.facebook.com/groups/sonjaingibjorg

Kamilla J. Williams **Soffía Pétursdóttir**
Arne I. Jónsson **Bjarni Guðmundsson**
Ingibjörg Jóna Jónsdóttir **Joseph Anninos**
María J. Anninos **Böðvar Snorsson**
Kristín V. Jónsdóttir **Jóna Björk Guðnadóttir**
Jón Marinó Jónsson **barnabörn og barnabarnabörn.**



+

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fjóla Haraldsdóttir

frá Haukabergi í Dýrafirði, síðast til heimilis að Frostafeld 2, lést á hjartadeild Landspítalans 20. febrúar 2022. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 9. mars kl. 13.

Hallur Stefánsson
Helga Guðfína Hallsdóttir **Ólafur Jón Ingólfsson**
Margrét Ágústa Hallsdóttir **Ólafur Jón Ingólfsson**
Stefán Hallsson **Haraldur Ingvarsson**
Halla B. Leifsdóttir **barnabörn og langömmubörn.**



+

Elsku konan mín, dóttir, móðir okkar og amma,

Guðrún S. Róbertsdóttir

Flétturima 15, Reykjavík, lést á Landspítalanum mánudaginn 21. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 11. mars kl. 15. Allir velkomnir.

Þökkum innilega starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og alúð.

Jón Haukur Brynjólfsson
Bára Guðrún Sigurðardóttir
Bára Ösp Kristgeirsdóttir
Baldur Karitas Jóhannsdóttir
Sigrún Gabriela Lövdal
Margrét Björk Jónsdóttir
Stefanía Thorarensen
og barnabörn.



+

Elskuleg, ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Þórdís Tryggvadóttir

Kriulandi 19, Garði, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju mánudaginn 28. febrúar klukkan 15. Sjónvarpað verður frá athöfninni í Miðgarð, sal Gerðaskóla. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Knattspyrnufélagið Víði.

Athöfninni verður streymt á: www.streyma.is

Laufássfjölskyldan



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Baldur Sigurgeirsson

vélfræðingur og Kópavogsbúi, lést þann 15. febrúar síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hrönn Jóhannsdóttir
Arndís Baldursdóttir **Karl Grant**
Sólborg Baldursdóttir **barnabörn og barnabarnabörn.**



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Sesselía María Þorsteinsdóttir

Hlíðargötu 7, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð 10. febrúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Reynihlíð fyrir góða umönnun.

Anna S. Ásgeirsdóttir **Gunnar Malmquist**
Jenný Ásgeirsdóttir **Guðmundur B. Agnarsson**
Ásgerður Berglund Ásgeirsdóttir
Ásgeir Ásgeirsson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



+

Áskær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og afi,

Guðmundur Örn Flosason

Hátúni 31, Reykjanesbæ, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 3. mars klukkan 13.

Athöfninni verður streymt á:
<https://www.facebook.com/groups/gudmundurorn>

Busadee Phoonsawat
Margrét Helga Guðmundsdóttir **Valur Þór Kristjánsson**
Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir **Helgi Narin Guðmundsson**
Ólafur Guðmundsson **Floasi Gunnar Guðmundsson**
Margrét Helga Jóhannsdóttir **Jakobína Flosadóttir** **Pálmi Hreinn Harðarson**
Anna Lilja Flosadóttir **Rósa Dögg Flosadóttir** **Ingvar Þór Sigurðsson**
Valur Jóhann Vífilsson **Hrönn Jónasdóttir**
og barnabörn.



+

Elskulegi maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir og kær afi,

Kristján Kristjánsson

Núpalind 2, Kópavogi, lést í faðmi fjölskyldunnar á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 22. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 8. mars kl. 13. Þeim sem vilja minnst hans er bent á MND félagið. Sérstakar þakkir fær MND teymið, Katrín Rós hjá Heimahjúkrun og starfsfólk MND deildarinnar á Droplaugarstöðum fyrir kærleiksrika umönnun og hlýju í garð fjölskyldunnar.

Kristín Einarsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir **Benedikt Sigurbjörnsson**
Kristján Kristjánsson **Lilja Kristjánsdóttir** **Kjartan H. Óskarsson**
Rúnar Ingi Einarsson **Ásgeir Orri Einarsson**
barnabörn.



+

Ástkær mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Jóhanna G. Tómasdóttir

frá Vestmannaeyjum, lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík 1. mars klukkan 13. Aðstandur þakka starfsfólki á Eir Þrjú Norður fyrir hlýhug og góða umönnun.

Streymt verður frá útförinni:
<http://www.skjaskot.is/johanna-g-tomasdottir>

Njála Laufdal **Fríðrik Baldursson**
Helga Laufdal **Hans Ragnar Þorsteinsson**
Ósk Laufdal **Ólafur J. Kolbeins**
ömmubörn og langömmubörn.



+

Vinur okkar,

Guðmundur Óskarsson

áður til heimilis að Bræðratungu 15, lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð Kópavogi 8. febrúar 2022. Útförin hefur farið fram.

Hilmar Lúthersson
Magnús Á. Bjarnason



Elskulegur bróðir okkar og frændi,
Tómas Rúnar Andrésón
Einigrund 4, Akranesi,
lést á heimili sínu föstudaginn
18. febrúar. Útför hans fer fram frá
Akraneskirkju föstudaginn 4. mars kl. 15.

Streymt verður frá útförinni frá vef Akraneskirkju,
www.akraneskirkja.is

Margrét Hallmundsdóttir Guðmundur Birgir Smárason
Andrés Heiðar Hallmundsson
Eygló Tómasdóttir Þorgils Sigurþórsson
Sigrún, Sigurþór, Anna Þóra og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við andlát og
útför ástkærs eiginmanns mins og
föður okkar, tengdaföður og afa,

Peters Ellenberger
Sóltúni 1, Reykjavík.

Svala Victorsdóttir

Íris Ellenberger Auður Magnús Auðardóttir
Daniel Ellenberger Noémi Ellenberger
Markus Ellenberger Claudia Ellenberger
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
María Pétursdóttir
sjúkraliði,

lést á Hrafnistu, Laugarási, 11. febrúar
síðastliðinn. Útför hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Kristinn P. Benediktsson Marissa L. Benediktsson
Örn Benediktsson
Benedikt H. Benediktsson Inga Hrönn Hjörleifsdóttir
Ásta K. Benediktssdóttir Ægir Rúnar Sigurbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra
sem auðsýndu okkur samúð
og hlýhug við andlát og útför
elskulegs frænda okkar og kærs vinar,
Ólaf Benediktssonar
Sólheimum, Grímsnesi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki
Sólheima fyrir kærleiksrika umönnun og hlýtt viðmót.

Helgi H. Steingrímsson
og aðrir aðstandendur.



Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda
samúð, vináttu og einstaka hlýju
vegna andláts og útfarar ástkærrar
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Rúnar Pétursdóttur
Austurvegi 5, Grindavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Viðihliðar fyrir
veitta aðstoð og einstaka umönnun.

Ingólfur Júlíusson
Júlíus Pétur Ingólfsson, Bryndís Ólóf Guðjónsdóttir
Emil Helgi Ingólfsson, Inga Björk Runólfsson
Pálmi Hafþór Ingólfsson, Christine Buchholz
Sigríður Hildur Ingólfsson, Svanur Karl Friðjónsson
Bergur Þór Ingólfsson, Eva Vala Guðjónsdóttir
Ingólfur Rúnar Ingólfsson,
barnabörn og barnabarnabörn.



Séra Vigfús heiðraður fyrir framlag í þágu syrgjenda

Séra Vigfús Bjarni Albertsson,
forstöðumaður Fjölskyldu-
þjónustu kirkjunnar, hefur fengið
viðurkenningu frá Sorðarmiðstöð
fyrir framlag sitt í þágu syrgjenda
á Íslandi. Þetta er oft vinna sem
sést ekki, segir formaður stjórnar
Sorðarmiðstöðvar.

gar@frettabladid.is

„Það er mikið af fólki sem leggur
mikið af mörkum fyrir þennan málstað,“
segir Karólína Helga Símonardóttir,
formaður stjórnar Sorðarmiðstöðvar, sem
hefur nú veitt sína fyrstu viðurkenningu
fyrir framlag í þágu syrgjenda.

Fyrstur til að hljóta viðurkenninguna,
svokallaðan Heiðursbolla, er séra Vigfús
Bjarni Albertsson, forstöðumaður Fjöls-
skylduþjónustu kirkjunnar.

„Það er margt fólk sem leggur mikið af
mörkum fyrir þennan málstað. Að þessu
sinni voru allir sammála um að Vigfús
ætti að vera fyrsti einstaklingurinn,“
segir Karólína sem ásamt Inu Lóu Sig-
urðardóttur, framkvæmdastjóra Sorðar-
miðstöðvar, afhenti Vigfúsi verðlaunin.

„Í starfi sínu hefur Vigfús Bjarni
aðstoðað fjölda fjölskyldna í sorginni
og stutt við bakið á börnum og full-
orðnum. Einnig hefur hann liðsinnt
fagfólki og hjálpað því að eflast í starfi.



Heiðursbollinn 2021 er unninn af Kristínu
Sigfríði Garðarsdóttur keramikhönnuði.

Vigfús Bjarni hefur getið sér gott orð
fyrir þægilega, góða og styrkjandi nær-
veru hvort sem er meðal syrgjenda eða
fagfólks,“ segir í umfjöllun á vefsíðu
Sorðarmiðstöðvar.

Með viðurkenningunni er Sorðarmið-
stöð að þakka Vigfúsi Bjarna fyrir hans
mikilvægu störf. „Þetta er oft vinna sem
sést ekki endilega og þarf að leggja sál og
líkama í að styðja fólk á þeirra erfiðustu
stundu,“ segir Karólína.

Þjónusta Sorðarmiðstöðvar er gjald-

frjálst fyrir notendur og er starfið alfarið
fjármagnað með styrkjum. Það segir
Karólína aðspurð að mætti ganga betur
enda sé þörfin mikil. Biðlistar séu langir
og eftirspurnin mikil.

„Okkar draumur er að ríkið stigi þarna
inn vegna þess að þetta er ekki aðeins
sorgarþjónusta heldur mikilvægt fyrir
heilsu hvers og eins. Við sjáum að ein-
staklingar sem takast ekki á við sorgina
sína lenda alltaf á vegg síðar á lífsleið-
inni,“ segir Karólína.

Umsvifin hjá Sorðarmiðstöðinni
hafa vaxið hröðum skrefum frá stofn-
un. Karólína segir yfir þúsund manns
leita þangað ár hvert og allt upp í 2.500
manns.

„Við erum að reka alls konar úrræði.
Við erum með stuðningshópa og jafn-
ingjastuðning. Við tökum við símtölum
og erum að styðja bæði þá sem hafa
misst og aðstandendur þeirra,“ lýsir
Karólína.

Vigfús Bjarni starfaði lengi sem sjúkrahús-
prestur og hefur flutt fjölda fyrirlestra
um sorg og áföll, komið að handleiðslu,
haldið námskeið og birt greinar er teng-
ast sorg og sorgarviðbrögðum. Í dag er
Vigfús Bjarni forstöðumaður Fjölskyldu-
þjónustu kirkjunnar, sem fyrr segir.

Framvegis er áætlað að viðurkenningin
verði veitt 5. nóvember ár hvert, á
afmælisdegi Sorðarmiðstöðvar. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Sveinn Sturlaugsson
fv. útgerðarstjóri Haraldar
Böðvarssonar Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi mánudaginn 21. febrúar sl.
Jarðarförin fer fram í Akraneskirkju fimmtudaginn 3. mars
kl. 13.00 og verður jafnframt streymt frá kirkjunni.

Halldóra Friðriksdóttir
Albert Sveinsson Ásta Pála Harðardóttir
Sturlaugur Friðrik Sveinsson
og öll gullin hans afa,
Sindri, Atli, Albert Páll, Elvar Már, Harpa Kristný,
Dennis Sveinn, Albert Dór og Ari Sveinn



Páll Ólafsson
verkfræðingur,

lést 19. febrúar á Hjúkrunarheimilinu
Skógarbæ. Útförin fer fram frá
Bústaðakirkju 3. mars kl. 13.00.

Puriður Guðjónsdóttir
Ólafur Steinn Pálsson Marcia Elaine Walker
Helga Rún Pálsdóttir Alfredo Sturla Böðvarsson
Matthias Geir Pálsson Berglind Laufey Ingadóttir
Andri Páll Alfreðsson
Atli Geir Alfreðsson
Matthea Katrín Matthíasdóttir
María Rún Matthíasdóttir



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Haraldur Sveinsson
Hrafnkelsstöðum I,
Hrunamannahreppi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn
23. febrúar. Útförin fer fram frá Skálholts-
dómkirkju, laugardaginn 5. mars og hefst kl. 13.

Streymt verður á slóð: www.skalholt.is/vidburdir

Jóhanna Bríet Ingólfsson
Helgi Sigurður Haraldsson Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Ingólfur Haraldsson Rutt Brattaberg Jacobsen
barnabörn og barnabarnabörn.




Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Svanhvít Ragnarsdóttir
Smáraflöt 20, Garðabæ,

lést á heimili sínu laugardaginn
19. febrúar síðastliðinn.
Jarðarförin fer fram frá Garðakirkju
þriðjudaginn 1. mars kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Alzheimersamtökin.

Aðalheiður Ófeigsdóttir
Guðbjörg Ófeigsdóttir
Margrét Ófeigsdóttir
Jakob Viðar Ófeigsson
og fjölskyldur þeirra.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.





BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli


ÓPIÐ KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD

24. FEBRÚAR - 13. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA



Krossgáta



LAUSNARORD Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist sígildur smáréttur (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. febrúar“.




Sudoku

			2	6	1	3	7
2	9	3		7		4	
		5			6		
	1		8		3	2	
5	8		6		4		
		7	1	9		8	5
	1						
				3		1	
4	5	2					

		7	1		3		6
	2		6		7		
1	5		4		7		8
6		5					
	3	8			6		
	7			1	4	6	
5		1					4
						9	
8				4		9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


Pondus



Eftir Frode Øverli

Lausnarorð síðustu viku var

LISTAHÁSKÓLI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Hvert fer hinn uppstökki vörður ef hann meiðist? (9)
- 8 Eiturtunga fer með bölbænir (6)
- 11 Þegar skænin bráðna í flogin er stutt í vorið (7)
- 12 Stíflar vatnsleiðslur með síðustu tölum útprentuðum (9)
- 13 Krimminn var gripinn en vonar að hann hljóti fyrirgefningu (6)
- 14 Skimum eftir augum vinds (7)
- 15 Blik beinfiska bliknar í skini ljómandi blóma (9)
- 16 Fræddist með ánægju um illkvittna sál (10)
- 17 Smáurtir rugla þann sem ritar helst um lyng (9)
- 18 Hryggð sprellikaranna fyllir tóm tímabíla (12)
- 25 Vansæll kútur geymir þorramatinn (8)
- 29 Eitt og eitt fer víða en flest eru þau heimakær (7)
- 30 Bara stríðshreyfing og læti! (8)
- 32 Forn þreyta finnst í sogdælum með óþrif (7)
- 33 Hér er einn illur að rugla í loðinni (7)
- 34 Áreynsla eykur eftirvæntingu (8)
- 35 Er lína réttur ávöxtur eða grænmeti? (7)
- 36 Hvort er filagas eða metan fremst náttúrulegra orkugjafa? (7)
- 40 Sýnum fram á múri með alls ósviknum gögnum (9)
- 42 Þetta hefur greinilega verið fyrirmyndar lúxuskriðdýr (8)
- 46 Getur læknir náð í þennan kút? Hann er víst með heimakomu (7)
- 47 Hvíla sig á byrðum sínum og skyldum þeirra sem við þeim taka (7)
- 48 Er hægt að draga upp mynd af kritinni með kritinni? (6)
- 49 Askur Atla geymir blandað grænmeti og garðabruðufrænku (9)
- 50 Rauvin biður ef hornskórinn bregst (7)
- 51 Lagður er frosinn fjörður (6)
- 52 Takið þessi veiðitæki í tölvpóstinn (9)

LÓDRÉTT

- 1 Fuglakvak er söngur sársauka en skemma kagga (11)
- 2 Fljót skrifa streymir til mín vegna samnings þar um (9)
- 3 Sigldu um fallna for í leit að fé (9)
- 4 Ber og horuð og létt í taumi (9)
- 5 Hin magra tíð ræktaðra rugludalla (8)
- 6 Gróf kvæði um votar grafir (8)
- 7 Þetta er mikil skaðaskjáta því nú er skjáinn móðu sleginn (8)
- 8 Tökum horaða sauði í hús (8)
- 9 Hvernig skal mæla dýpt landabráskara? (8)
- 10 Rennulóðið markar upphaf hlaups (8)
- 19 Getur einstaklingur dregið björg fyrir eigin nös? (7)
- 20 Þetta segi ég í ljósi samtala um masandi menn (7)
- 21 Guðlaugur litli sauðaskitur átti korngult hús (8)
- 22 Snýst þetta vinyldæmi þá bara um ódýr ílát? (8)
- 23 Þegar þið passið upp á vægið batna samskiptin (8)
- 24 Þetta lag lamar hóp manna og ruglar í ríminu (8)
- 26 Horfum stíft til polla með hálfgrösum (12)
- 27 Sé harðan tittinn skrída upp á skerid (7)
- 28 Læknum flugmaur e-n veginn af ranghugmyndum sínum (8)
- 31 Gæðaverkfæri er úrvals ráðning (10)
- 37 Hef andstyggð á dimmviðri eftir næðing (7)
- 38 Rustamenni hreinsa það allra versta frá hinu (7)
- 39 Hið huggulega par velur sér kyrrlát leiði (7)
- 41 Tel fullan mánnann setja þennan óþokka út af laginu (6)
- 43 Þessi hafa ævinlega verið giska algeng (6)
- 44 Út af fyrir sig er þessi kina sérlega fin (6)
- 45 Endum bara á rössum í þetta sinn (6)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Vargar í véum eftir Hans Rosenfeldt** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Einar G. G. Pálsson, Borgarnesi**.



SAFARAÍK HELGARTILBOÐ

GILDA: 26.–27. FEBRÚAR



LAMBALÆRI
Í BLÁBERJAMARÍNERINGU

KJÖTSEL

1.557 KR/KG
ÁÐUR: 2.289 KR/KG

32% AFSLÁTTUR



KJÖTBANKINN
Mjúkar kjúklinga-tacos
Street Food, 8 stk.

2.399 KR/PK
ÁÐUR: 2.999 KR/PK

20% AFSLÁTTUR



KJÖTBORD
Grísabógsneiðar

899 KR/KG
ÁÐUR: 1.499 KR/KG

40% AFSLÁTTUR



Durum-brauð
612 g

349 KR/STK
ÁÐUR: 499 KR/STK

30% AFSLÁTTUR



KJÖTBANKINN
Nauta ribeye-steikur

3.989 KR/KG
ÁÐUR: 5.699 KR/KG

30% AFSLÁTTUR



Grand Padano
Michelangelo - 200 g

952 KR/STK
ÁÐUR: 1.269 KR/STK

25% AFSLÁTTUR



Heilsuvara vikunnar!
D-Lux 3000
Daily Vitamin D
Oral Spray

1.409 KR/STK
ÁÐUR: 1.879 KR/STK

25% AFSLÁTTUR



MYLLAN
Vatnsdeigsbollur
án súkkulaðis, 6 stk.

759 KR/PK



Avókadó
2 stk. - forþroskuð

349 KR/PK
ÁÐUR: 498 KR/PK

30% AFSLÁTTUR

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign. Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Laugardagur

Hringbraut

- 18.30 Markaðurinn (e)** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Pressan (e)** Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 20.00 Stjórnandinn með Jóni G. (e)** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
07.16 Sögur snjómannsins
07.24 Litli Malabar
07.28 Stuðboltarnir
07.39 Sara og Önd
07.46 Rán - Rún
07.51 Kalli og Lóa
08.03 Úmisúmi
08.26 Eðlukrúttin
08.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi
08.48 Zorro
09.10 Kata og Mummi
09.21 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Ævar visindamaður
10.30 Hvað getum við gert?
10.40 Gettu betur Kvinnó - MH
11.45 Vikan með Gísla Marteini
12.35 Kastljós
12.50 Aðgengi fyrir alla
13.30 Latinbóndinn
14.25 Kiljan
15.05 Nábyli við rándýr
16.00 Í saumana á Shakespeare - Kaupmaður í Feneyjum
16.55 Treystið læknum
17.45 Mamma mín
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 SOS
18.39 Lúkas í mörgum myndum
18.45 Reikistjórnumar í hnotskurn
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Söngvakeppnin 2022 Fyrri undankeppni.
21.20 Sumarland. Summerland
23.00 Drukknir foreldrar. Drunk Parents
00.35 Poirot Agatha Christie's
01.25 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 Speechless
13.40 Single Parents
14.05 The Neighborhood
14.30 Brentford - Newcastle Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 Tónlist
17.15 The King of Queens
17.35 Everybody Loves Raymond
18.00 American Housewife
18.20 mixed-ish
18.45 Venjulegt fólk Venjulegt fólk eru grínþættir með dramatísku ívafi. Við fylgjumst með Völu og Júlíönu sem hafa verið vinkonur frá því í menntaskóla takast á við lífið og tilveruna.
19.15 One Chance
21.15 Það er komin Helgi
22.05 The Book of Love
23.55 The Insider Sannsöguleg kvikmynd frá 1999 með Al Pacino og Russell Crowe í aðalhlutverkum. Myndin segir frá Jeffrey Wigand, fyrrum yfirmanni í tóbaksfyrirtæki, sem ákveður að koma fram í sjónvarpsþættinum 60 Minutes.
- 02.30 Before Midnight**
04.15 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
12.10 Impractical Jokers
12.30 Bold and the Beautiful
13.55 Bold and the Beautiful
14.20 The Goldbergs
14.45 Blindur bakstur
15.20 First Dates Hotel
16.35 The Great British Bake Off
17.10 Glaumbær
17.40 Kviss
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakinn
19.00 Krakkakviss Hverjir verða sigurvegarar fyrstu þáttaraðar Krakkakviss? Í kvöld fáum við að sjá hverjir taka bikarinn með sér heim.
19.30 The Masked Singer Sprenghlægileg og öðruvísi söngvakeppni þar sem grímuclæddir, frægir einstaklingar keppa sín á milli.
20.35 Love Locks
22.10 What's Love Got to Do with It Sagan um söngdívuna Tina Turner og leið hennar á toppinn.
00.05 Hustlers
01.55 Adam
03.30 Hunter Street
03.50 Bob's Burgers

Sunnudagur

Hringbraut

- 18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Bókahornið (e)** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Mannamál (e)**
21.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá (e)

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
07.16 Tölukubbar
07.21 Kúlugúbarnir
07.44 Robbi og Skrimslí
08.06 Hvolpasveitin
08.28 Ronja ræningjadóttir
08.52 Skotti og Fló
08.59 Unnar og vinur
09.22 Múminálfarnir
09.44 Grettir
09.56 Eldhugar - Delia Akeley
10.00 Reikningur
10.15 Ferðastíklur Kjölur - Kerlingarfjöll.
11.00 Silfríð
12.10 Söngvakeppnin 2022
13.30 Hundalíf
13.40 Okkar á milli
14.10 Matur með Kiru
14.40 Leiðangur til nýrrar jarðar - fyrri hluti
15.30 Á móti straumnum - Mathias er ljótur
16.00 Bikarmót í hópfimleikum
17.45 Grænmeti í sviðsljósinu
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Menningarvikan
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Hljómskálinn Mikilvæg skilaboð.
20.50 5 konur - 400 ár
21.40 Konunglegt leyndarmál. En kunglig affär
22.30 Gómorra. Gomorra
23.25 Kvíðakast. Atak Paniki
01.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 13.20 Top Chef**
14.05 The Bachelor
15.35 Survivor
16.20 Black-ish
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
18.25 Morð í norðri
19.10 The Block
20.30 Venjulegt fólk
21.05 Law and Order. Organized Crime
21.55 Godfather of Harlem Stórbrotin þáttaröð sem byggð er á sannri sögu.
22.55 Spy City
23.40 Dexter
00.30 FBI. International
01.20 Looking for Alaska
02.10 Mayans M.C.
03.10 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
12.05 Simpson-fjölskyldan
12.25 Nágrannar
13.50 Nágrannar
14.15 Um land allt
14.50 Grand Designs
15.35 American Dad
16.00 The Masked Singer
17.05 Krakkakviss
17.45 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Blindur bakstur Bolla, bolla, bolla ... til hvers að gera venjulegar bollur þegar þú getur gert bolluturn? Bylgjulestin Gulli Helga og Sigga Lund sýna okkur listir sínar í bakstri í þessum lokapætti seríunnar.
19.45 Fires
20.40 Hollington Drive
21.30 Leonardo Sögulegir dramaþættir þar sem merkilegu lífi Leonardo da Vinci eru gerð skil í gegnum verkin sem gerðu hann frægan og sögurnar sem liggja að baki.
22.25 Dröm
22.55 Heimilisofbeldi
23.30 Euphoria
00.25 Tell Me Your Secrets Beittir, siðferðislega flóknir og spennuþrungnir þættir frá 2021 um þrjá einstaklinga sem þurfa að horfast í augu erfiða fortíð.
01.15 The Blacklist
01.55 Are You Afraid of the Dark?
02.40 Simpson-fjölskyldan
03.05 Grand Designs
03.50 American Dad

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Undir Yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Heima er best** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 20.00 Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
21.00 Undir yfirborðið (e) (e)



Crowe sýnir stórleik. MYND/SKJÁSKOT

Horfðu á Insider

ser@frettabladid.is

Kvikmyndin Insider er á dagskrá Símans á laugardagskvöld – og er óhætt að mæla með ræmunni í hvívetna, ekki aðeins vegna stórleiks eðalleikaranna Al Pacino og Russell Crowe, heldur og vegna handritsins og framvundunnar, sem er blandin hæfilegri spennu og dulúð, en þannig eiga auðvitað kærkomnar kvikmyndir að vera.

Hér segir af uppljóstrara innan tóbaksíðnaðarins í Ameríku sem reynir heldur betur raunveruleikann á eigin skinni, á tímum þegar hagsmunavarslan vestanhafs var ydduð upp í skefti.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna, meðal annars sem besta myndin, fyrir bestu leikstjórn og stjórnuleik Crowe.

Kvikmyndatímaritið Premiera taldi árið 2006 að leikur Crowe væri númer 23 af 100 bestu leiktilþrifum allra tíma á hvíta tjaldinu.

Svo það er bara best að horfa. Halla sér almennilega aftur í sófanum – og hugsa með sér, dæskoti á spillingin alltaf auðvelt uppdráttar. ■

Þannig á RÚV að vera

■ Við tækið

ser@frettabladid.is

Ástæða þess að við höldum úti Ríkissjónvarpi og Ríkisútvarpi er að gera eitthvað umfram það sem einkareknar stöðvar geta gert í bágu fjárhag sínum. Og ástæða þess að meirihluti landsmanna er hlíðhollur starfsemi Ríkissjónvarpsins og Ríkisútvarpsins er einfaldlega sú að stundum – og klárlega ekki alltaf – sýnir ríkisfjölmiðillinn að hann getur gert eitthvað meira en frjálsir fjölmiðlar á sjónvarps- og útvarpsmarkaði. Nýjasta dæmið er Verbúðin, vitskuld, nokkurn veginn besta leikna sjónvarpssefni sem ríkissjóður hefur útvegað landsmönnum á þessari öld. Þar var vandað til verka á öllum sviðum, svo eftir var tekið.



Verbúðin sló í gegn hjá landanum.

MYND/SKJÁSKOT



“ Og ríkismiðillinn ætti að gera meira af þessu, sýna þannig og sanna tilverurétt sinn.

Og ríkismiðillinn ætti að gera meira af þessu, sýna þannig og sanna tilverurétt sinn, frekar en að vera að apa endalaust og alla daga eftir því sem einkareknir miðlar geta gert með litla putta, milli þess sem hann stelur af þeim auglýsingafé.

Enda á ríkið ekki að vera á öllum sviðum, hvorki í fjölmiðlum né annars staðar á vinnumarkaði. Og einmitt þannig getum við réttlætt heimatilbúð Sovét í fjölmiðlarekstri. ■



VÍSINDIN OG VIÐ - 1. ÞÁTTUR

MÁNUDAG KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Ný og áhugaverð sjónvarpsþáttaröð um heillandi heima vísindastarfsins innan Háskóla Íslands þar sem prófessorar og fjöldi fræðimanna opna dyrnar upp á gátt og segja frá fjölbættum rannsóknum sínum.

Í fyrsta þættinum segir dr. Heiða María Sigurðardóttir frá rannsóknum sínum á lesblindu og andlitsblindu.

Þóra Katrín Kristinsdóttir efnafræðingur og Sigmundur Ernir Rúnarsson sjónvarpsmaður eru umsjónarmenn þáttanna sem hefja göngu sína á Hringbraut mánudaginn 28. febrúar kl. 20.00 og verða vikulega á dagskrá.



HRINGBRAUT

”

Hvislið er ákveðin leið til að nálgast áhorfandann, fá hann til að koma nær og verða þátttakandi og þegar mildinni lýkur þá tekur alvaran við.



Hér eru nokkrar verkaraðir að hvísla, segir Birgir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Sýningin í hálfum hljóðum verður opnuð í dag, laugardaginn 26. febrúar, í Listasafni Íslands. Birgir Snæbjörn Birgisson sýnir þar málverk sem unnin eru á árunum 2015–2022.

Spurður um hinn hógværa titil í hálfum hljóðum segir Birgir: „Eigum við ekki að segja að titillinn sé nokkuð nálægt því að vísa í lag George Michael, Careless Whisper? Hér eru nokkrar verkaraðir að hvísla og sitthvað er gefið í skyn undir rós. Það er alla vega þannig sem ég vil að verkin virki á áhorfandann, til að byrja með.“

Í verkunum tekst Birgir á við pólitísk, samfélagsleg og söguleg málefni, en af hverju kys hann að hvísla frekar en að hrópa? „Ég er á því að tími pólitískrar listar sé sumpart liðinn. Að standa á torgi og hrópa er eins og að boða trú á meðal hinna rétttrúðu. Erindið týnist um leið. Hvislið er ákveðin leið til að nálgast áhorfandann, fá hann til að koma nær og verða þátttakandi og þegar mildinni lýkur þá



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Mildin mætir groddaskapnum

tekur alvaran við. Sýningarstjórninn minn, Mika Hannula, skrifar mjög fallega um þetta. Hann segir að í mörgum verkanna á sýningunni mæti mildin groddaskapnum.“

Hápolitísk verk

Dæmi um pólitískt verk á sýningunni er þingmannaserían Von sem er í eigu Listasafns Íslands. Það var fyrst sýnt árið 2016 og er röð portretta af þingmönnum þjóðarinnar. „Þegar ég byrjaði að vinna það verk voru mikil umröt í pólitíkinni. Forsætisráðherra sagði af sér og eftir var til kosninga fyrir en ætlað var. Fyrir mér vakti að gera pólitískt verk sem væri svar við ástandinu,“ segir Birgir og bætir við: „Hlutverk þingmanna er mjög flókið. Ég sagði í viðtali á þeim tíma að þeir væru

ruslaugar angistar okkar, vegna þess að við ætlumst til mjög mikils af þeim. Verkið er hápolitískt en tekur líka á því hversu óraunhæfar kröfur við gerum.“

Annað verk nefnist Stolt, tengist Samherja og sýnir skip á siglingu. „Fyrir mér er þetta verk persónulegt vegna þess að ég ólst upp á Akureyri. Ætli ég sé ekki sautján ára þegar útgerðarfyrirtækið er stofnað. Þetta er líka tíminn þegar kvótakerfið var sett á og deilt hefur verið um það síðan. Ekki síst núna eftir frábæra sjónvarpsþætti Vesturports. Þannig að tímasetningin á sýningu verksins smellpassar.

Allt sem ég er að taka fyrir á þessari sýningu eru málefni sem hafa verið í deiglu. Ég er að beina myndlistarlegum spegli að þessum

»

Í verkunum tekst Birgir á við pólitísk, samfélagsleg og söguleg málefni.

málum. Það er áhugavert að athuga og rannsaka hvað gerist þegar þessi málefni eru sett í myndlistarlegt samhengi. Málefni geta dottið út úr umræðunni en þegar þau eru komin í myndlistarsamhengið, ég tala ekki um þegar þau eru komin í íhaldsaman miðil eins og málverk, þá er búið að staðfesta gildi umræðunnar. Málverkið verður áfram til, en svo skiptir líka máli hvar það er sýnt og það gefur slíku verki aukni vægi ef það er sýnt í Listasafni Íslands.“

Tuttugu ára samvinna

Sýningarstjóri sýningarinnar er Finninn Mika Hannula sem er mikill vinur listamannsins.

Um samvinnu þeirra segir Birgir: „Við erum að fagna 20 ára samstarfsafmæli, hittumst fyrst í Ístanbul árið 2002 þegar ég var að sýna og hann var sýningarstjóri. Við höfum sýnt víða erlendis, erum oft langtíðum saman og köstum á milli okkar hugmyndum sem verða á endanum að verkum. Við erum með nokkur verkefni í bígerð núna í augnablikinu.

Sýningin í Listasafni Íslands stendur til 19. júní. ■

VELDU GÆÐI!

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur

Björnsbakari
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Minningar á Reykjanesi

kolbrunb@frettabladid.is

Listasafn Reykjanesbæjar býður meistaranemum á fyrsta ári í sýningagerð við Listaháskóla Íslands að stýra sýningu í safninu. Minningar morgundagsins verður opnuð laugardaginn 12. mars. Sýningarstjórnar eru Iona Poldervaart, Sara Blöndal og Sunna Dagsdóttir. Sex listamenn taka þátt í sýningunni: Elnaz Mansouri, Hallgerður Hallgrímsdóttir, Sarah Degenhardt, Sarah Finkle, Victoria Björk og Vikram Pradhan. ■



Hallgerður Hallgrímsdóttir.

Sönglög í Salnum

kolbrunb@frettabladid.is

Brynhildur Þóra Þórsdóttir, sópran, og Stewart Emerson, píanó, halda tónleikana Mignon og Strauss í Salnum í Kópavogi, miðvikudaginn 2. mars klukkan 20. Á efnisskrá verða sönglög eftir meðal annars Schubert, Wolf og Strauss.



Brynhildur Þóra syngur í Salnum.

»

Fyrri hluti tónleikanna verður tileinkaður Mignon-ljóðunum eftir Goethe.

Fyrri hluti tónleikanna verður tileinkaður Mignon-ljóðunum eftir Goethe. Seinni hluti tónleikanna verður tileinkaður Richard Strauss

og verða Fjögur síðustu sönglög, Vier Letzte Lieder, hans flutt sem hann samdi rétt fyrir andlát sitt 1948.

Brynhildur Þóra nam söng í Söngskólanum í Reykjavík og útskrifaðist með Bachelor-gráðu í söng frá Westminster Choir College 2016 og meistaraþátt frá Tónlistarháskólanum Hanns Eisler árið 2019. Stewart Emerson er prófessor við Hanns Eisler og hefur unnið með söngvurum í áratugi og var meðal annars tónlistarstjóri við óperustúdíó Kölneroperunnar í tíu ár. ■

Öskudagsstjör

Stuttfull neðri hæð
og netverslun!

Opíð til kl. 21
á bolludag!

Opíð til miðnætts
á sprengidag!

ÖSKUDAGSOPNUN

Helgin 26.-27. feb.
11-18

Bolludagur
10-21

Sprengidagur
10-24

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534
www.partybudin.is



PARTÝ BINGÓ

með súperstjörnunni
Siggu Kling byrjar aftur
sunnudaginn **27. febrúar!**



Alla
sunnudaga
kl. 21:00

Svínslega
gaman

Geggjaðir
vinningar

SÆTA SVÍNIÐ

Borðapantanir í síma 555 2900 og á saetasvinid.is



Magnús sveiflar fimleikaborða sem kemur við sögu á sýningunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Listin á að koma á óvart


Magnús Helgason sýnir verk á sýningunni Rólon í Listasafni Árnesinga. Sýningin stendur til 22. maí.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta eru vélrænar innsetningar. Þarna er til dæmis segulstálskúla sem skriður eftir vegg hring eftir hring og stórir krannar sem snúa fimleikaborðum,“ segir Magnús.

Spurður um hugsunina á bak við verkin segir hann: „Í mínum huga á myndlistin að koma á óvart, nánast snerta mann á frumstæðan hátt, fara fram hjá heilanum og beint í hjartað. Ég heillaðist af myndlist sem maður þarf ekki að fræðast um fyrir fram eða lesa langa ritgerð um til að botna í verkinu. Svo er frábært að aðrir skuli nenna að spekulera í list manns og leggja út af henni. Hlutverk listfræðings er annað en listamannsins. Listamaðurinn er ekki endilega viss um hvað hann er að segja. Þá kemur listfræðingurinn og túlkar.“

Fyrst talið berst að túlkun er upplagt að vitna í sýningarstjórnann Erin Honeycutt sem segir í sýningar-skrá: „Magnús virðist vinna skýrt gegn því að ramma hluti inn, en býr engu að síður með verkum sínum til ákveðna umgjörð, líkt



Eitt af verkum Magnúsar í Listasafni Árnesinga.

MYND/ADSEND

”

Ég vinn samkvæmt
hughrifum og tilfinningu og vil skapa verk sem höfða bæði til barna og fullorðinna.

Um titil sýningarinnar Rólon segir Magnús: „Ég vildi að titillinn veki upp spurningar. Rólon tengist enska orðinu roll on, rúlla áfram, og það er það sem er að gerast á þessari sýningu, hún er rúllandi.“

Það er mikið umfang í kringum sýningu Magnúsar, meðal annars þurfti að byggja krana. „Þótt sýningin virðist ekki vera ýkja stór þá liggur mikil vinna á bak við hana. Ég eyddi líka miklum tíma í að skoða og velta fyrir mér alls konar hlutum sem gengu svo ekki upp.

Ég vinn með þau efni sem ég hef áhuga á hverju sinni. Ég fékk delli fyrir segulstálum og þá rata þau inn í verkin. Ég vinn samkvæmt hughrifum og tilfinningu og vil skapa verk sem höfða bæði til barna og fullorðinna. Vinkona mín sagði um gott listaverk: Ég fékk vatn í munninn þegar ég sá það. Mig langar til að skapa verk sem hafa svipuð áhrif.“ ■

og verk hans séu íhugun um mörk – mörk þess að tilheyra, mörk þess að vera. Í Rólon eru verkin eins og „stjörnukerfi“ sem haldið er saman með örfinum, gegnsæjum línunum, úr efni sem á sama tíma endurgerir og endurstillir skynjun áhorfandans.“

Íslenskir gripir á söfnum í Bretlandi

kolbrunb@frettabladid.is

Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur heldur fyrirlestur í fyrirlestursal Þjóðminjasafns Íslands þriðjudaginn 1. mars, klukkan 12.00. Fyrirlesturinn verður einnig í beinu streymi á YouTube-rás safnsins.

Undanfarin þrjú ár hefur Guðrún einbeitt sér að hafa upp á og skrá muni af íslenskum uppruna sem hafa lent á söfnum í Bretlandseyjum. Alls hafa fundist heimildir um tæplega 500 gripir á 13 söfnum víðs vegar í Englandi og Skotlandi.

„Hins vegar reyndust gripirnir ekki allir vera enn þá á söfnumum eða þeir höfðu ekki verið túlkaðir rétt, þannig að fjöldi þeirra sem ég veit um þar núna er um 335,“ segir Guðrún. „Það eru örugglega fleiri íslenskir gripir í Bretlandi, ef til vill á söfnum en líka í einkaeign.“

Í fyrirlesturinum mun Guðrún kynna verkefnið sem hefur það markmið að hafa upp á og skrá



Íslenskt drykkjarhorn frá 17. öld, geymt í London.

MYND/ADSEND



Guðrún Sveinbjarnardóttir, fornleifafræðingur

muni af íslenskum uppruna sem hafa lent á söfnum á Bretlandseyjum, að kanna tildrög þess að þeir lentu þar og hver afdrif þeirra hafa orðið á söfnum. Einnig er leitast við að komast að því hverjir það voru sem útveguðu gripina. Gefin verða nokkur dæmi um þessa gripir og þá sem útveguðu söfnumum þá. ■

EXTRA



FERSKAR BOLLUR

Aðeins í Extra Barónsstíg

399
KR. STK.



Raftækja

Nú er rétti tíminn að gera frábær kaup



75"

SAMSUNG

Sparaðu
75.000kr

SAMSUNG

Snjallsjónvarp

Með 4K Ultra HD upplausn (3840x2160) og ská 190 cm (75"). Framúrskarandi Crystal 4K örgjörva, Wi-Fi og Bluetooth tenging, vafra, leikham, USB spilun og mörg forrit (YouTube, Netflix o.s.frv.). 1860812

194.990kr
~~269.990~~kr



15%

EUROM

Olufylltur rafmagnsofn

7 ein. 600/900/1500W. 1807587

8.492kr
~~9.990~~kr



15%

eta

Hitablásari

Vietro, vifta með 3 stillingum, heitt, volgt og með blæstri. Tvær orkustillingar 1000/2000W. Er með fellivörn (slekkur á sér). Kapall 1,2 metrar, nær 56 dB. 1851001

2.801kr
~~3.295~~kr

Stór og veglegur, 5,2 lítrar

eta

Loftsteikingar-pottur Vital Fry

Loftsteikingarpottur með rúmmáli 5,2 l og stillanlegt hitastig 80-200 ° C. Val um 7 forstillt forrit og snertistjórnborð. 1851561

Kynningarverð

17.990kr
~~22.990~~kr

21%

5,2 ltr.



20%

NÝ
vara

eta

Hrærivél Mezo Smart

Hrærivél með 600W mótör. Með hraðastýringu. Skál 4 ltr úr ryðfríu stáli. Innifalið er líka deigkrókur, hræra og þeytari. 1851420

Kynningarverð

22.392kr
~~27.990~~kr



20%

Electrolux

Ryksuga

Ryksuga fyrir parket. 1805300

19.192kr
~~23.990~~kr



20%

eta

Skaftryksuga

Monteo, öflug stöng og handryksuga 2 í 1 með vinnslutíma allt að 55 mínútur. LED lýsing, 21,6V Li-ion rafhláða og hleðslustöð. Þyngd 4,19 kg, hljóð 80dB, rúmmál íláts 0,55 ltr. 1852020

16.792kr
~~20.990~~kr



blómaval
Túlípanatilboð

Nokkrir litir, 10 stk. í búnti



40%

Túlípanar
10 stk. 10000088

1.490kr
~~2.490~~kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

15%

A

Electrolux

Ofn

Surround lína, 72 ltr., er í orkuflokkur A. 1860102

67.992kr
~~79.990~~kr



15%

A++

AEG

Ofn

Með lista yfir uppskriftir og forstillt forrit. 72 ltr. Orkuflokkur A++, 1869001

127.492kr
~~149.990~~kr



nd dagar



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR
ÞIG

AEG



Electrolux

eta
since 1943

LG

enox:
enjoy life
PIST GERBMENT



30%

AEG

C

Þvottavél L6FB48S

Kolalaus mótur, Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma, styttnir þannig bæði tíma, vatn og orku.

Orkuflokkur C. 1860502

66.493 kr

94.330 kr



15%

B

Electrolux

Þurrkari EW2C327R1

Barkalaus, tekur 7 kg, orkuflokkur B, 85X59,6X57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. 1835643

69.990 kr

82.430 kr



15%

D

eta
since 1943

NÝ
vara

Uppþvottavél

Sérstaklega hjóðlát 60 cm í orkuflokki D með DEEP SILENT tækni (aðeins 44dB (A)), með pláss fyrir 14 leirtausett og sér hnífaparakúffa. 1853502

Kynningarverð

67.992 kr

79.330 kr



Skoðu
blaðið

Daður sköpunargjöjunnar heillar Tönju Björk

„Ég er alveg í skýjunum,“ segir leikkonan Tanja Björk Ómarsdóttir um tilnefninguna sem hún hlaut til The Academy of Canadian Cinema & Television Awards fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Le Bruit des Moteurs*. Þar leikur hún íslenska kappaksturskonu í viðeigandi hlutverki þar sem hún slær hvergi af í eltingaleiknum við daðrandi sköpunargjöjuna.

toti@frettabladid.is

Leik- og tónlistarkonan Tanja Björk er á fleygiferð þessa dagana. Hún hlaut nýlega tilnefningu til kanadíska kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna sem besta leikkonan í aukahlutverki fransk-kanadíska kvikmyndarinnar *Vélarhljóð*, *Le Bruit des Moteurs*, og steig í vikunni fram sem tónlistarkona með sínu fyrsta lagi, *Dragontail*.

„Þessi mynd er búin að fá mjög mikla og verðskuldaða athygli úti um allan heim,“ segir Tanja Björk og bætir við að hún hafi í það minnsta haft spurnir af góðum viðbrögðum við *Le Bruit des Moteurs* í þremur heimsálfum. „Ég var samt alls ekkert að búast við að hún fengi svona mikil viðbrögð og það er bara frábært.“

Skemmtilegt símtal

Tanja Björk segir síðan aðspurð að vitaskuld skyggi ekki á gleðina að hafa fengið tilnefningu til hinna virtu kanadíska verðlauna sem kennd eru við The Academy of Canadian Cinema & Television Awards.

„Auðvitað lyfti þetta mér alveg upp, og svo ég segi bara eins og er þá er ég alveg í skýjunum. Maður er svona einhvern veginn ennþá að ná utan um þetta.“

Tanja Björk segist hafa fengið tölvupóst og síðan hafi leikstjórnin, Philippe Grégoire, sem einnig er tilnefndur fyrir þessa frumraun sína fyrir kvikmynd í fullri lengd, hringt og látið hana vita af tilnefningunni.

„Þetta var mjög skemmtilegt símtal og ég hlakka náttúrulega bara til að sjá hvernig þetta fer,“ heldur hún áfram og segist, burtséð frá þessum árangri, bara almennt vera í liði með listsköpun. „Það að vera valin sem hluti af hæfileikaríkum hópi er bara heiður út af fyrir sig. Allt annað er bara bónus.“

Góður frönskugrunnur

Kvikmyndin *Vélarhljóð* er á frönsku sem var engin hindrun fyrir Tönju og Aðalbjörg, sem hún leikur, talar tungumálið reiprennandi. „Ég tala frönsku af því ég ólst upp í Lúxemborg þar sem ég lærði þýsku og frönsku í grunnskóla,“ segir Tanja Björk og bætir við að hún hafi verið að læra spænsku og sé aðeins að reyna við pólskuna, sem sé miklu flóknari en íslenskan með sjö fallbeygingar.

„Það var nú svolítið myndið. Góð vinkona mömmu minnar, eða svona sparifrænka okkar frá Lúxemborg, sendi mér auglýsingu þar sem verið væri að leita að íslenskri leikkonu sem talar frönsku,“ segir Tanja þegar hún er spurð hvernig það kom til að hún endaði í hlutverki íslenskrar kappaksturskonu í bíómynd á frönsku. „Þessi vinkona mömmu tengist hvorki Kanada né kvikmyndabransanum en sá auglýsinguna á síðu sem heitir Íslendingar í útlöndum.“

Tanja Björk ákvað að slá til og svara auglýsingu og segir að þeim sem sáu um hlutverkaskipan í myndinni hafi litist mjög vel á ferilskrá hennar og myndböndin með henni. „Þá tóku við prufur í gegnum Skype og nokkur viðtöl við leikstjór-



Tanja Björk lærði frönsku í grunnskóla sem átti eftir að koma sér vel þegar hún sóttist eftir hlutverkinu í *Le Bruit des Moteurs*.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tanja Björk í hlutverki Aðalbjargar í *Vélarhljóði* sem skilaði henni tilnefningu til kanadíska verðlaunanna.

MYND/ADSEND

Sköpunargjöjan velkomin

„Ég er búin að vera að reyna aðeins fyrir mér í tónlist og það verður áhugavert að sjá hvað þetta leiðir af sér. Þetta er frumraun mín og ég er eiginlega bara mjög stolt af laginu. Kannski er það ekki allra, en ég er að segja eitthvað sem skiptir mig máli.“

Ég hef alltaf verið mjög feimin við að syngja, en mér finnst ég sjaldan vera jafn berskjölduð og þá. Þarna ert þú, þú ert að nota röddina þína til þess að segja eitthvað og mér fannst stórt skref að yfirstíga þennan ötta.

En eins og ég er að reyna að temja mér, þá er það frekar að skapa eitthvað en að skapa ekki eitthvað. Þótt það sé ekki eitthvað sem allir tengja við þá vonandi kveikir verkid eitthvað hjá allavega einum öðrum, og hafi svo keðjuverkandi sköpunaráhrif þar sem eitt veitir innblástur fyrir annað. List fæðir af sér list,“ segir Tanja Björk sem ætlar að halda áfram á tónlistarbrautinni en er auk þess að skrifa handrit að bæði sjónvarpsþáttum og stuttmynd.

„Og fleiri ritverk sem ég verð bara svona með á kantinum og vinn í þegar innblásturinn kemur. Eða þú veist, hvað segir maður? Þegar sköpunargjöjan daðrar við mig og ég bara: Hmmm... Hæ, þú. Setjumst aðeins niður saman,“ segir Tanja hlajandi.

„En já. Hver veit? Ég ætla bara að vona að þetta yti líka undir leiklistarferilinn enda brenn ég fyrir því líka,“ segir Tanja sem telur við hæfi að stimpla sig aftur inn. „Ég er bara opin fyrir því sem koma skal. Nú veit fólk allavegana að ég sé komin aftur til Íslands og til í þetta þannig að ég vona að það sé eitthvað spennandi og bjart framundan.“

Uppbókað er á frumsýningu *Le Bruit des Moteurs* á Íslandi sem verður lokamynd Frönsku kvikmyndahátíðarinnar 2022 á sunnudagskvöld í samstarfi við sendiráð Kanada á Íslandi. Miðasala er hins vegar hafin á tvær aukasýningar sem verða í Bíó Paradís miðviku-daginn 2. mars klukkan 19.15 og laugardaginn 5. mars klukkan 21.00. ■

Vélarhljóð

Le Bruit des Moteurs, eða *Vélarhljóð*, er fyrsta kvikmynd leikstjórans Philippe Grégoire í fullri lengd. Hann er tilnefndur til The Academy of Canadian Cinema & Television Awards sem besti leikstjórnin og Tanja Björk er tilnefnd til sömu verðlauna í flokknum fyrir bestu aukaleikkonuna.

Vélarhljóð segir frá ungum manni sem lendir í vandræðum þegar hann er tengdur kynlífsteikningum sem valda slíkum usla að hann er leystur tímabundið frá störfum og heldur til heimabæjar síns þar sem hann kynnist íslensku kappaksturskonunni Aðalbjörgu sem Tanja leikur.

„Pabbi heitinn, hann kom með mér og var þarna fyrsta maðurinn og vinkona mín var með mér fyrstu þrjá mánuðina að hjálpa mér að koma mér fyrir.“

Ekki einnar konu, „show“

Tanja segist einfaldlega hafa látið þetta ganga upp. Hún hafi líka verið heppin með stundaskrá í skólanum en fyrst og fremst hafi þetta snúist um aga og ótrúlega mikið skipulag. „Svo kynnist maður góðu fólki, eignast vini sem geta stokkið og ég á enn mjög góðar vinkonur og vini frá þessum tíma.“

Maður er aldrei eitthvert „one woman show“, þetta er alltaf samstarf, sama hvað maður tekur sér fyrir hendur. Þess vegna búum við líka í samfélagi.

Við þurfum öll á hvert öðru að halda. En þetta tók alveg á.“ Tanja

Gullfallett gaman með risaeðluvélmennum

TÖLVULEIKIR

Horizon Forbidden West

Útgefandi: Sony
Framleiðandi: Guerrilla Games
Til á: PlayStation 5 og PlayStation 4

Oddur Freyr Þorsteinsson

Horizon Forbidden West kom út fyrir PlayStation-leikjatölvur í síðustu viku, en leikurinn er beint framhald af Horizon Zero Dawn, sem kom fyrst út árið 2017. Leikurinn gerist í fjarlægri framtíð þar sem risaeðluvélmenni ráfa villt um óbyggðirnar og mannkynið lifir í smáum aðskildum ættbálkum og notar frumstæða tækni. Tilvist heimsins er ógnað, svo aðalpersónan, ung kona að nafni Aloy, þarf að fara í gríðarlangt ferðalag til að bjarga heiminum.

Betri heimur og meiri fjölbreytni Þeir sem hafa spilað fyrsta leikinn munu ekki sjá mikið sem kemur á óvart í þessum leik. Þetta er þriðju persónu ævintýri með nóg af hasar og spilunin er að mjög miklu leyti eins og áður. Í bardögum er samt enn meiri áhersla á að nýta veikleika óvinanna gegn þeim en áður og spjótið hennar Aloy virkar mun betur sem vopn núna. Það er líka hægt að sérhæfa Aloy meira núna með því að kaupa handa henni réttu hæfnina.

Það er meiri fjölbreytni í því sem



Leikurinn er beint framhald af tölvuleiknum horizon zero dawn sem sló í gegn árið 2017.

MYND/SKJÁSKOT



Horizon Forbidden West kom út fyrir PlayStation-leikjatölvur í síðustu viku. MYND/PLAYSTATION.COM

er hægt að taka sér fyrir hendur og alls kyns hliðarverkefni segja miklu betri sögu og geta bætt miklu við aðalsöguna, svo það er meira kjöt á beininum en í fyrsta leiknum.

Leikurinn krefst þess að leikmenn séu stöðugt að safna alls kyns dóti til að byggja ýmislegt sem Aloy notar í ævintýrum sínum, en mér finnst of mikil áhersla lögð á að þurfa sífellt að tína alls konar drasl upp. Eftir stóran bardaga eyðir maður kannski nokkrum mínútum í að taka til.

Sagan í leiknum er spennandi, dularfull og áhugaverð, en það gæti

verið erfitt að fylgja henni ef maður hefur ekki spilað fyrri leikinn, því hún er beint framhald af sögunni þar. Það er líka mun meiri metnaður lagður í söguna og að útskýra og byggja upp heiminn að þessu sinni og hann er mun heilsteyptari og áhugaverðari en áður.

Veisla fyrir augu og eyru

Horizon Forbidden West gæti verið með flottustu grafik sem hefur sést. Öll hönnun er stórglæsileg og bæði umhverfið, vélmennin, lýsingin og persónurnar er teiknað ótrúlega vel. Þegar leikurinn kom fyrst út hafði



Það er mun meiri metnaður lagður í söguna og að útskýra og byggja upp heiminn að þessu sinni og hann er mun heilsteyptari og áhugaverðari en áður.

hann ýmsa smávægilega sjónræna galla en það er nú þegar búið að gefa út uppfærslu sem á að laga það.

Hljóðhönnunin í leiknum er líka mjög vonduð. Tónlistin og talsetningin er mjög góð, umhverfishljóð eru heillandi og hljóðbrellurnar fyrir vélmennin eru mjög flottar. ■

NIDURSTADA: Horizon Forbidden West er mjög fallegur, vandaður og skemmtilegur leikur með góða sögu. Hann er ekki byltingarkenndur, en hann byggir rosalega vel á grunni fyrsta leiksins. Þeir sem voru hrifnir af Zero Dawn eiga eftir að njóta Forbidden West enn meira, en það er ekki víst að fólk sem datt ekki inn í þann fyrsta verði heillað af þessum. En fólk sem hefur gaman af góðum ævintýraleikjum sem gerast í flottum, opnum heimum ætti ekki að láta þennan fram hjá sér fara.

Sumarpöntun!

Tryggðu þér saunatunnu, saunaklefa eða tunnupott úr sedrusviði í tíma!



Saunatunna úr sedrusviði

Luna útisauna úr sedrusviði



Tunnupottur úr sedrusviði



Panorama sedrus saunatunna



Pure Cube útisauna úr sedrusviði

Í Sauna Spa færðu vandaða gufuklefa og tunnupotta úr sedrusviði sem reynst hafa sérlega vel á Íslandi.

Veldu gæði!

TYLÓHELO

Þú finnur verðlistann og nánari upplýsingar á sauna.is

Velkomin í sýningarsalinn
að Smiðjuvegi 11

SAUNA SPA
Fjárfesting í velliðan
Smiðjuvegi 11 s. 571 3770, pall@sauna.is, sauna.is

MEGA VIKKA

1690 kr.

NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



Krakkarnir í Langelstur að eilífu kynna ýmsu í gegnum Rögnvald, 96 ára bekkjarfélag þeirra.

MYNDIR/AÐSENDAR

Langelstur í Hafnarfirði

Gaflaraleikhúsið frumsýnir í dag söngleikinn Langelstur að eilífu, sem byggir á þremur barnabókum Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur. Björk Jakobsdóttir leikstýrir verkinu sem fjallar um 96 ára gamlan nemanda í fyrsta bekk.

svavamarin@frettabladid.is

„Ég var svo glöð þegar Björk Jakobsdóttir hafði samband við mig um hvort mig langaði ekki setja þetta á svið,“ segir barnabókahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir, um kærkomið tækifæri til þess að sjá sögupersónur verðlaunabóka hennar, Langelstur í bekknum, Langelstur í leynifélaginu og Langelstur að eilífu, öðlast nýtt líf á fjöllum Gaflaraleikhússins.

Siggi Sigurjóns leikur hinn 96 ára gamla Rögnvald sem er í 1. bekk, þannig að eðli málsins samkvæmt er hann umkringdur mun yngri leikurum. Bergrún Íris segir mikinn heiður að fá annan eins leikhóp til þess að gæða persónurnar lífi. „Svona frábæra krakka að ég tali nú ekki um fullorönu leikarana. Þetta er búið að vera stórkostlegt,“ segir Bergrún Íris á einlægum nótum.

„Eftir að ég skrifaði þessar bækur og fylgdi Rögnvaldi í gegnum þetta ferðalag þar sem hann eignast vin og lærir loksins að lesa, lærir á klukku og fer að upplífa alls konar sem hann hafði ekki náð að afreka í lífinu, vissi ég að það kæmi að endalokum og hann myndi þurfa að deyja í þriðju bókinni,“ segir höfundurinn um sorgarferlið sem fylgdi því að þurfa að kveðja persónuna sem var orðin henni svo hjartfólgin.

Framar björtustu vonum

Bergrún segist afar stolt af uppsetningu Gaflaraleikhússins sem hefur farið framfarum öllum hennar vonum. „Ég hafði ekki trú á því að þetta yrði svona stórkostlegt,“ segir hún og bætir við að hún hafi í raun reynt að hugsa sem minnst um þetta, þar sem bækurnar eru eitt og leikhúsið annað. Henni hafi því þótt mikilvægt að sleppa öllum tókum og setja allt traust á leikstjóran.

„Mér finnst ótrúlega frelsandi og gott að sleppa takinu og sjá verkið vaxa í áttir sem mér höfðu ekki dottið í hug, þar sem minn sköpunarkraftur er takmarkaður. Þegar við bætum við fleiri listamönnum byrjar verkið að vaxa og síðan kemur túlkun leikarans í þetta líka og þetta orðið miklu stærra, flottara og skemmtilegra heldur en ég og mitt imyndunarafli gætum rúmað.“



Nína Sólrún í hlutverki Eyju og Siggi Sigurjóns sem elsti bekkjarfélaginn.



Nína Sólrún Tamimi og Árni Gunnar Magnússon.



Mér finnst ótrúlega frelsandi og gott að sleppa takinu og sjá verkið vaxa í áttir sem mér höfðu ekki dottið í hug.



Bergrún Íris Sævarsdóttir, rit höfundur

Hreinskilni við börn

Bergrún segir afar mikilvægt að tala af miklum heidarleika við börn um viðkvæma hluti eins og lífið og dauðann. „Ungir lesendur ráða við miklu meira en við höldum,“ segir Bergrún en bendir á að leikritið er ekki aðeins sorglegt, heldur líka skemmtilegt og myndi.

Hún segir að þegar krakkarnir taki verkið sínum tókum verði það sem henni fannst myndi áður „enn þá stórkostlegra og skemmtilegra. Þetta er því mikill tilfinningarússibani á mjög góðan hátt og ég hugsa að allir fari brosandir og glaðir út úr leikhúsinu þrátt fyrir að það sé vissulega sorgleg stund í lokin.“

Vinátta út í gegn

Bergrún segir vináttuna vera rauða þráðinn í gegnum bækurnar og leikritið. Maður geti ráðið við allt með góðan vin sér við hlið og þar sem allir geti orðið vinir eigi maður að mæta lífinu af forvitni og þora að taka áhættu.

Leikhópurinn er skipaður tólf krökkum sem er skipt í tvo jafn stóra hópa sem skiptast á að leika á móti fullorönu leikurunum Sigga

Sigurjóns, Júlíönu Söru Gunnarsdóttur og Ásgrími Geir Logasyni.

Nína Sólrún Tamimi, sjö ára, og Árni Gunnar Magnússon, níu ára, fara með hlutverk Eyju, bestu vinkonu Rögnvaldar, og Magna, bekkjarfélag þeirra.

„Rögnvaldur er 96 ára og besti vinur Eyju. Honum gengur svo illa að lesa og getur ekki lært stafrófið. Hann er enn þá í fyrsta bekk og haldið aftur, af því hann getur aldrei lært þangað til hann kynnist Eyju,“ segja þau og hlæja.

Þau bæta aðspurð við að þeim hafi þótt rennslið það skemmtilegasta á æfingatímabilinu. „Það er í raun eins og alvöru sýning en án áhorfenda, og upphitunin líka,“ bætir Árni við glaður á svip og byrjar að syngja og dilla sér við lagið, Gladasti hundur í heimi. „Þá erum við að syngja, dansa og leika á sama tíma.“ ■



- VARÚÐ VERULEGA ÁVANABINDANDI -

Heyrst hefur að Nóa Kropp sé **MEST** ávanabindandi nammið á Íslandi!*

HELSTU AUKAVERKANIR ERU:
OFSAGLEÐI – OFSAHLÁTUR – GÆTIR FARIÐ AÐ SYNGJA OG
JAFNVEL DANSA. Þorir þú með okkur í GLEÐINA? Nóa Kropp, brakandi
snilld og alveg HÆTTULEGA GOTT!



*Samkvæmt könnun Nammitips! á Facebook í janúar 2022.



Innrásarher trompar vatnseig og ælufælni eykst

toti@frettabladid.is

Frétt vikunnar

Óttarr Proppé

„Í upphafi viku leit út fyrir frekar hefðbundna viku í fréttum. Fyrirsögnin „Allt að 13 þúsund Íslendingar með ælufælni“ kveikti þó hugrenningar og bros. Ég kimdi yfir fréttum af hundruðum manna í Arisónaríki vestra, sem lentu í til-

vistarkreppu þegar kom í ljós að prestur nokkur hafði skipulega mismælt sig um áratugaskeið. Auðvitað kallaði það á „tölván segir nei“ hjá almættinu. Fjöldi manns telst óskirður,“ segir Óttarr Proppé bóksali.

„Við uppveðruðumst yfir fréttum af óveðrum. Hvað eru margir bílar fastir í þrængslunum? Hvar er rafmagnslaut? Hvað greindust margir í gær? Og uppáhaldið mitt, vatnseigurinn, einkennisdýr febrúar-



Við sjáum fólk á flötta, loftárásir, mannfal, grátandi börn.

mánaðar, skaut upp kollinum í fyrirsögunum. Hann gerir mig alltaf jafn kátan og er eiginlegur vorboði á mínu heimili.

En síðan raungerðust hótanir um glórulausu innrás Rússlandsforseta í fullvalda nágrannaríki. Við sjáum fólk á flötta, loftárásir, mannfal, grátandi börn. Og maður fylgist stjarfur með og trúir ekki sínum eigin augum og veit ekki hvað skal halda. Fyrrverandi júðókappa í Moskvu tókst í lok vikunnar að kýla okkur öll í magann. Ljósíð í myrkriinu er að fréttirnar sem valda okkur vonleysi styrkja líka drauminn um ást og frið handa öllum mönnum.“ ■



Óttarr Proppé bóksali.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Reykjavíkurdóttir á fullu bæði virka daga sem helgar

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir er mögulega uppteknasta manneskja Íslands. Hún leikur nú aðalhlutverk í Skugga Sveini fyrir norðan og undirbýr sig undir Júróaevintýri með Reykjavíkurdætrum fyrir sunnan.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég veit eiginlega ekki hvaða viku-dagur er,“ segir leik- og söngkonan Þórdís Björk og hlær, þegar Fréttablaðið grípur hana í Reykjavík á þönum milli verkefna. Á virkum dögum undirbýr hún sig fyrir atriði Reykjavíkurdætra í Söngvakeppninni, les inn á hljóðbækur og talsetur teiknimyndir á milli þess sem hún stígur á svið í Skugga Sveini á Akureyri.

„Jú, þetta er mjög kreisi,“ segir Þórdís þegar hún er spurð hvort þetta sé ekki full mikið af því góða. „En ég er náttúrulega yfir meðallagi ofvirk þannig að ég er eiginlega ekki funksjónal manneskja nema það sé svona mikið í gangi,“ segir söngkonan létt í bragði.

„Ég finn mér svo alltaf eitthvað að gera ef það er einhver dauð stund. Þannig að það er bara kulnun í starfi eftir svona korter á mig,“ segir Þórdís skellihljæjandi. „Nei, ég segi bara svona.“

Reykjavíkurdóttir fyrir norðan

Talið berst að Skugga Sveini þar sem Þórdís fer með hlutverk Ástu, dóttur sýslumannsins. Þórdís segir Leikfélag Akureyrar, með leikhússtjórnann og leikstjórnann Mörtu Nordal í fararbroddi, hafa aðeins lagað persónuna að breyttum tíðaranda.

„Hún er svona, ef ég leyfi mér að nota orðin, „bad bitch“. Hún er grjóthörð og mjög mikill örlaga-valdur í sínu lífi. Vill bara fara upp á fjöll að drepa útilegumenn, verða sýslumaður og brjóta niður þessi fyrirframgefnu hlutverk sem henni hafa verið gefin,“ útskýrir Þórdís.

Hún segir aðspurð hlutverkið smellpassa og fara vel með þælingum Reykjavíkurdætra, sem koma eins og stormsveipur inn í Söngvakeppni ársins.

„Hlutverkið liggur mjög vel fyrir mér og það eru alveg svipaðir taktar, og það er náttúrulega rosalega mikið af tónlist í leikritinu, þar sem ég syng slatta af lögum og ég finn það allavega á einum stað að ég er að sækja mjög mikið Reykjavíkurdætra-atmó.“

Tala varla um annað

Þórdís segir æfingar hjá Reykjavíkurdætrum fyrir Söngvakeppnina ganga mjög vel. „Við erum svo fánlega spennar, við tölum ekki um neitt annað við neinn. Fólk fer



Þórdís Björk þeytist landshluta á milli.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þórdís kann vel við hlutverk Ástu í Skugga Sveini enda lætur hún karlana ekki eiga neitt inni hjá sér.

MYND/ADSEND



Ég get bara fengið fri þegar ég er dauð.

örugglega að fara að fá ógeð á okkur, því það kemst ekkert annað að fyrir þessari Söngvakeppni, við erum svo spennar.“


Söngkonan lofar sannkallaðri veislu þegar sveitin stígur á svið. „Við hlökkum svo ótrúlega mikið til að sýna fólki þetta. Það er ótrúlega mikið af litlum smáatriðum sem

þarf að slípa til og láta þetta lúka eins og það sé ekkert mál, á meðan allir eru lafmóðir, sveittir og ógeðslegir inni í sér,“ segir Þórdís.

„Svo kikkar adrenalínið inn og þetta verður algjör veisla. Við erum ótrúlega vel stemmdar og peppaðar fyrir þessu.“

Hvenær færðu fri?

„Þegar ég ligg á dánarbedinum held ég,“ segir söngkonan og skellir upp úr. „Nei, ég má kannski ekki segja það. Guð minn góður, veistu, ég er ekki að sjá það gerast, allavega ekki á næstunni. En þá er ég líka glöð, ég get bara fengið fri þegar ég er dauð.“ ■



Sealy PORTLAND

heilsurúm með classic botni



Gæði á góðu verði.

Portland dýnan frá Sealy er vönduð og góð heilsudýna.

Millistíf dýna með svæðaskiptum pokagormum sem gefa fullkominn stuðning út frá þyngd líkamans. Dýnan er byggð upp af náttúrulegu Talalay latexí í bland mismunandi tegundir af svampi og trefjum.

Talay latex gefur dýnunni meira loftflæði og heldur þannig hitastigi hennar alltaf réttu. Áklæðið utan um dýnuna andar einstaklega vel og gefur henni auka mykt og þægindi.



Fæst í: 120/160/200 x 200 cm.

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

Sealy HYATT

heilsurúm með classic botni



Sealy Hyatt heilsudýnan er framleidd fyrir hyatt lúxus hótelleðjuna. Hún er gerð úr Posturpedic gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg á með það að leiðarljósi að veita stuðning og þægindi og góða endingu. Hyatt dýnan veitir fullkominn stuðning með 6 laga svamplögum, náttúrulegum trefjum og þykkum toppi svo þú hvílir fullkomlega. Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni. Fæst í: 160/180/200 x 200 og 180 x 210 cm.

Verðdæmi 140 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 241.900 kr. **Tilboð: 193.520 kr.**

www.DORMA.is

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason gustaf@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audura@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hranar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

KFC

HALTU PARTÍ MEÐ KFC

BITAR, LEGGIR, LUNDIR,
HOT WINGS, BBQ HOT WINGS,
BUFFALO HOT WINGS & ALLT HITT



HRINGDU OG PANTAÐU PARTÍMATINN Á KFC
570 6700

BYKO



Litríkur la

**Komdu og fáðu
fríar litaprufur í dag**

(hámark þrjár prufur á mann)



ANDREA MAGNÚSDÓTTIR
Fatahönnuður og eigandi Andrea



ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR
Frumkvöðull og fagurkeri, bloggari og eigandi Trendnet.is



EVA LAUFHEY KJARAN
Dagskrárgerðarkona



25%
afsláttur
af innimálningu
24.-27. febrúar

ugardagur



Litaskanni
Við blöndum
þinn uppáhalds lit

Vantar þig litaráðgjöf?
Fáðu aðstoð við að velja rétta litinn á þitt rými

Litaval setur tóninn í allri hönnun og leggur grunninn að fallegu rými. Jóhanna Heiður, innanhússhönnuður BYKO, veitir faglega ráðgjöf við val á rétta litnum fyrir þitt rými, þér að kostnaðarlausu. Litaráðgjöfin felur í sér 30 mínútna samtali við Jóhönnu sem fer fram í verslun BYKO Breidd eða á vefnum, hvort sem hentar þér betur.
Bókaðu tíma sem hentar þér á BYKO.is



JÓHANNA HEIÐUR
Innanhússhönnuður BYKO

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Bakþankar

Óttars
Guðmundssonar




Þorgeir bakvið tjöldin

Í Fóstbræðrasögu er sagt frá því þegar Þorgeir Hávarsson fór að tína hvönn í Hornbjargi. Honum skrifaði fótur en tókst í fallinu að gripa í hvannarnjóla og hanga á honum utan í þverhniptu bjarginu. Hann hékk lengi dags en kallaði ekki á hjálp enda var það merki um veikleika. Honum var að lokum bjargað og lagði hann ávallt fæð á lífjafa sinn.

Heilbrigðiskerfið byggist upp á einföldum hlutverkaleik. Sjúklingur er hjálparvana og þiggur aðstoð og líkn en heilbrigðisstarfsmaður veitir þjónustu og þekkingu. Þetta hefur mikil áhrif á atferli og hugsun fólks. Margir lækningar eru guðumlíkir besservisserar sem telja sig ráða yfir lífi og dauða. Sjúklingurinn dettur hins vegar inn í hlutverk ósjálfbjarga barns sem á allt sitt undir visku og færni læknisins.

Þetta veldur því að lækningar eiga erfitt með eigin veikindi og sjúklingshlutverk. Þeir eru því vanastir að til þeirra sé leitað með ráð en ekki ófugt. Við þær aðstæður vaknar Þorgeir Hávarsson upp úr undirvitundinni. Læknar leita sér seint hjálpar og gera lítið úr einkennum sínum. Þeir eru erfðir sjúklingar sem venjulega vita allt best. Flestir lækningar trú á eigin ódauðleika og líta því á veikindi sem aðför að ímynd sinni og virðingu. Þeir beita afneitun og öðrum varnarháttum sjálfsins til að bægja frá sér allri ógn.

Í yfirstandandi veikindum uppgötvaði ég að sjúkdómar eru veikleikamerki sem dæmigerður læknir settir sig engan veginn við. Svarið er því að gripa þéttingsfast um hvönnina og biða örlaga sinna með hetjuglött á vörum. Ég er nefnilega Þorgeir Hávarsson bak við tjöldin. ■




STREYMISVEITA

BYRJADU AÐ HORFA!

3.990 kr./mán.

Tryggðu þér áskrift á stod2plus.is



**FRÍTT
KAFFI
MEÐ ORKULYKLI**